



ENDURREISN

atvinnulífsins

Uppgjör, umfjöllun, álit, hugmyndir og tillögur
vegna stöðu og framtíðar íslensks atvinnulífs



Skýrsla Endurreisnarnefndar
Sjálfstæðisflokksins

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
ENDURREISN ATVINNULÍFSINS – ÁGRIP.	5
UPPGJÖR OG LÆRDÓMUR	17
HAGVÖXTUR FRAMTÍÐARINNAR	33
ATVINNULÍF OG FJÖLSKYLDUR	51
SAMKEPPNISHÆFNI	67

INNGANGUR

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, kynnti á fundi 30. janúar 2009 skipan nefndar á vegum Sjálfstæðisflokksins til þess að fjalla um endurreisn atvinnulífsins og skila niðurstöðum af starfi sínu fyrir Landsfund flokksins 26. - 29. mars. Vilhjálmur Egilsson var valinn formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf með opnum fundi föstudaginn 6. febrúar þar sem 150 manns mættu og tóku virkan þátt í fundarstörfunum. Fjölmargir áhugasamir sjálfstæðismenn buðu fram krafta sína til þess að gera fyrstu drög að umfjöllun um einskaka efnisþætti þannig að sú skýrsla sem hér liggur fyrir er verk margra einstaklinga. Eftir að starf nefndarinnar hafði verið skipulagt og verkum skipt voru fjórir vinnuhópar settir af stað. Viðfangsefni þeirra voru:

- Uppgjör og lærdómur
- Hagvöxtur framtíðarinnar
- Atvinnulíf og fjölskyldur
- Samkeppnishæfni

Vinnuhóparnir hófu strax störf og úrvinnslu á drögum að einstökum efnisþáttum sem lágu fyrir og höfundarnir fylgdu eftir í gegnum alla vinnuna. Lögð var áhersla á að laða fram allt það sem þátttakendur töldu rétt að fjalla um og Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að taka á. Ekki var beðist undan gagnrýni eða ætlast til þess að eingöngu væri hlaðið lofi á flokkinn og störf hans heldur ætlast til þess að farið væri yfir sem flest mál þannig að sem fæst væri órátt eða ósvarað af mikilvægum málum.

Þeir sem virkan þátt tóku í vinnuhópunum voru um 80 talsins, allt einlægt sjálfstæðisfólk. Samtals tóku yfir 200 manns þátt í öllu starfinu. Margir þátttakendur eru gamalreyndir úr starfi flokksins en ýmsir líka að stíga sín fyrstu spor í málefnavinnunni. Allnokkrir höfðu verið virkir á árum áður en sáu nú ástæðu til þess að vera með á nýjan leik. Það sem einkenndi vinnuna hjá þátttakendum

var málefnaleg umræða, stundum hvöss en alltaf einlæg, og sameiginlegt markmið var að vinna Sjálfstæðisflokknum gagn.

Enginn annar stjórn mála flokkur hefur farið í gegnum viðlíka innri umræðu og Sjálfstæðisflokkurinn. Það sem eftir stendur er sterkari Sjálfstæðisflokkur, ríkur af fólki í grasrótinni sem er tilbúið til að leggja sig fram fyrir hugsjónir, stefnu og málefni flokksins.

Ekki er miðað við það í skýrslu Endurreisnarnefndar að allir Sjálfstæðismenn þurfi að vera sammála öllu sem þar stendur. Þar koma fram skoðanir, stefnumál og áherslur sem eru umdeild og vitað að ágreiningur er um. En skýrslunni er ætlað að vera heiðarlegt, málefnalegt og djarft framlag til umræðu og stefnumörkunar innan flokksins. Það er hlutverk landsfundar að marka stefnu Sjálfstæðisflokksins og taka afstöðu til þeirra hugmynda og tillagna sem spretta upp úr starfi nefndarinnar.

Það er von mín að starf Endurreisnarnefndar skili Sjálfstæðisflokknum áfram veginn á erfiðum tíma í sögu hans. Flokkurinn er mikilvægasta þjóðfélagsaflíð í íslensku samfélagi og starf nefndarinnar hefur sannarlega sýnt að þetta afl er lifandi, virkur og áræðinn stjórn mála flokkur sem tekst af kjarki og trúmennsku á við það stóra hlutverk sitt að leiða íslensku þjóðina.

Ég vil færa sérstakar þakkir formanni flokksins, Geir H. Haarde, fyrir að treysta mér til að stýra þessu verki. Ég þakka öllum þeim sem tóku að sér að skrifa hluta í skýrslunni, annast stjórn vinnuhópa eða ritarastörf eða störfuðu í vinnuhópunum með þátttöku í gagnrýnum en uppbyggjandi umræðum. Ennfremur vil ég þakka starfsfólki Sjálfstæðisflokksins sem alltaf var boðið og búið til að aðstoða við störf nefndarinnar umfram það sem skyldan bauð.

Vilhjálmur Egilsson

1

ENDURREISN ATVINNULÍFSINS

1

ÁGRIP

UPPGJÖR OG LÆRDÓMUR

1. Frá árinu 1991 hafa orðið miklar framfarir á Íslandi, mikill uppgangur í efnahagslífi sem rekja má til grundvallarbreytinga sem gerðar voru á íslensku hagkerfi undir forystu Sjálfstæðisflokksins.
2. Erfiðleikana nú verður að setja í samhengi við framfarir undangenginna ára. Þrátt fyrir 11% samdrátt landsframleiðslunnar (VLF) á þessu og næsta ári mun hún engu að síður á árinu 2010 væntanlega verða 55% hærrí en á árinu 1995 og árlegur hagvöxtur á þessu tímabili verða 3% að meðaltali. Árlegur hagvöxtur á milli frá 1995 til 2008 var 3% og verður væntanlega 2% á milli að meðaltali frá 1995 til 2010. Til samanburðar eru samsvarandi tölur fyrir OECD ríkin 2% hagvöxtur á milli á tímabilinu 1995 til 2007.
3. Kaupmáttaraukning á Íslandi var mun meiri en almennt gerðist í þróuðum ríkjum. Kaupmáttur launa jókst um 40% á árunum 1995-2008 og ríflega 15% frá árinu 2000, en á síðasta og þessu ári lækkar kaupmáttur launa væntanlega um 12% og verður á svipuðu stigi og á árunum 2002-2003.
4. Góður árangur undanfarinna tveggja áratuga breytir ekki því að efnahagsáfallið á Íslandi nú er væntanlega stærra en það sem aðrar þær þjóðir sem við berum okkur saman við munu þurfa að þola þegar allur heimurinn gengur í gegnum niðursveiflu.
5. Áhrif af gengisfallinu á verðbólgunu eru að fjara út og gengisþróun næstu mánaða verður hagstæðari. Með mikilli lækkun verðbólgu og almennum efnahagslegum samdrætti hafa skapast skilyrði fyrir snarpri lækkun stýrivaxta.
6. Það er Sjálfstæðisflokknum hollt að líta um öxl og reyna að svara því heiðarlega hvað brást og hvað hefði mátt gera betur. Hér er gerð tilraun til að varpa nokkru ljósi á hugsanleg mistök stjórnvalda og stofnana á þeirra vegum á undangengnum árum.

7. Hrun íslensku bankanna gerðist sl. haust þegar kreppan á alþjóðlegum fjármála-
mörkuðum var að grafa um sig og dýpka eftir fall Lehman Brothers, eins helsta banka
Bandaríkjanna sem var lykilbanki í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum. Miklir erfiðleikar
höfðu þá blasað við íslensku bönkunum allt frá því að vandi vegna undirmáslána
í Bandaríkjunum komu upp á yfirborðið síðsumars 2007. Hratt hafði verið þrengt að
íslensku bönkunum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hátt skuldatryggingaálag
skapaði nánast umsátursástand um íslenska fjármálamarkaðinn. Bankarnir reyndu að
flytja fjármögnun sína frá millibankalánum til innlána en það reyndist á of veikum
grunni byggt og eftir fall Lehman Brothers varð vandi íslensku bankanna fljótt
óviðráðanlegur.
8. Stjórnvöld og Seðlabankinn brugðust of seint við mikilli stækkun bankakerfisins.
Nauðsynlegt hefði verið að auka eigið fé Seðlabankans og stækka gjaldeyrisvarasjóðinn
hraðar og meira samhliða stækkun bankanna á þeim tíma sem lántökur í erlendri mynt
á hæfilegum kjörum voru í boði, eða stemma stigu við stækkun bankanna.
9. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu í sameiningu átt að kanna mun betur og draga
fram á hvaða viðskiptalegu forsendum bankarnir voru að keppa við Íbúðalánasjóð í
lánveitingum. Ekki verður séð að bankarnir hafi haft venjulegan hagnað af þessum
lánveitingum þegar lítið er til þeirra viðskiptaskilmála sem giltu eða aðstæðna við
fjármögnun bankanna.
10. Miklar lánveitingar Seðlabankans til bankanna gegnum svokölluð endurhverf viðskipti,
bæði upphæð lánveitinga til einstakra banka og þau veð sem komu frá bönkunum og
lánað var út á, og féllu að hluta á íslenskan almenning eru gagnrýniverð og skoðast
í ljósi sögunnar sem alvarleg mistök. Seðlabankanum var í lófa lagið að taka bein
veð í eignasöfnum bankanna og það hefði verið skynsamlegra ekki síst í ljósi þess að
hann taldi íslensku banka ekki standa á nægilega traustum grunni. Vissulega er það
hlutverk Seðlabankans að lána bönkum í lausafjórvara en hann gat tekið minni áhættu
í þeim viðskiptum.
11. Ein stærstu mistök stjórnvalda voru að samþykkja fyrir sitt leyti innlánessöfnun íslensku
bankanna á erlendri grundu í gegnum eigin útibú (fyrst og fremst Icesave) sem féllu
undir íslenskar innstæðutryggingar.
12. Stóra málið varðandi Icesave er að hve miklu leyti eðlilegt sé að einkaaðilar geti með
formlegum eða óformlegum hætti skuldbundið ríkið eða skattgreiðendur, án þeirra
samþykkis, gagnvart erlendum aðilum, jafnvel með því að takast á, fyrir hönd íslenskra
skattgreiðenda, miklar ábyrgðir í öðrum ríkjum. Augljóst er að það er gat í alþjóðlegu
regluverki hvað þetta varðar. En það breytir því ekki að bönkunum sjálfum sérstaklega,
Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og ríkisstjórninni átti að vera ljóst að þarna var
verið að taka ósanngjarna og óeðlilega áhættu fyrir hönd skattgreiðenda og ekkert
samkvæmt EES samningnum kom í veg fyrir að hægt væri að takmarka með lögum eða
reglum möguleika íslenskra banka til að ganga þannig fram.
13. Háir stýrivextir hvöttu almenning og fyrirtæki til að taka erlend lán og erlenda aðila
til að sjárfesta í íslenskri krónu vegna vaxtamunar en þar með hækkaði gengi hennar
sem varð aðal miðlunartæki peningastefnunnar gegn verðbólgu. Um leið og erlendir
sjárfestar kipptu að sér höndum leiddi það til gengisfalls krónunnar og tilheyrandi
verðbólgu. Seðlabankinn sjálfur hefur haldið sig við þá skoðun að vaxtateki hans dygði
í baráttunni við verðbólguna og talið að vandinn væri skortur á trúverðugleika bankans
hjá aðilum á fjármálamarkaði og í atvinnulífinu. Þessi afstaða Seðlabankans og skortur

á frumkvæði hans en þó ekki síst ríkisstjórnarinnar við að endurmeta peningastefnuna og áhrifamátt hennar var afar óheppileg.

14. Eftir á að hyggja var afgangur af rekstri hins opinbera ekki nægilega mikil ekki síst vegna þess að skatttekjurnar hvíldu ekki á nægilega traustum grunni, hvorki hjá ríki eða sveitarfélögum.
15. Þrátt fyrir að það hafi verið kosningaloforð Framsóknarflokksins að Íbúðalánasjóður veitti 90% húsnæðislán og stórhækkaði lánshámörk, lagði Sjálfstæðisflokkurinn blessun sína yfir þau loforð og uppfyllti með Framsókn. Þessi gjörningur var vanhugsaður og óheillaskref.
16. Eftirlitsstofnanir áttu og erfitt með að keppa um innlent starfsfólk með reynslu og þekkingu á fjármálageiranum, enda fjárframlög til FME í litlu samræmi við vöxt bankakerfisins, sem aftur vekur upp spurningu um hvort eftirlitið hafi getað sinnt sínum skyldum.
17. Það liggur fyrir að í lögum um Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið er gert ráð fyrir nánú samstarfi þessara stofnana og milli þeirra er í gildi sérstakur samstarfssamningur. Samt hefur komið fram að samstarfið var hvorki nægilega virkt eða náð og einkenndist meira að því að hvor aðilinn um sig vildi verja sitt hlutverk frekar en að vinna saman við að ná sameiginlegum markmiðum.
18. Mjög er gagnrýnt hvernig var staðið að einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans. Ferlið var ógagnsætt og hagstæðari tilboð fyrir ríkissjóð á alla hefðbundna mælikvarða voru sniðgengin. Ekki var fylgt upphaflegri aðferðafræði, s.s. um dreifða eignaraðild. Bankarnir lentu, að einhverju marki eftir pólitískum línunum, í höndum aðila sem voru reynslulitlir í bankastarfsemi (alþjóðlegri sérstaklega).
19. Það hefur ekki verið skýrt með fullnægjandi hætti af hverju Þjóðhagsstofnun var lögð niður á sínum tíma. Stofnunin hafði gegnt mikilvægu hlutverki við stjórn efnahagsmála um áratugi með faglegri upplýsingagjöf til stjórnvalda.
20. Ábyrgð eigenda og stjórnenda bankanna, sem vissu að þeir treystu á vanmegnugan Seðlabanka sem lánveitenda bankanna til þrautavara, er mikil. Þegar upp er staðið er ljóst að þeir sem réðu ferðinni í bönkunum tóku áhættu sem var umfram það sem þeir réðu við sem sannast af falli bankanna. Í þessu sambandi skiptir ekki höfuðmáli að gjörbreyttar aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum urðu á endanum til þess að þeir hrundu en fyrir því mátti líka hugsa. En það var ekki aðeins eigin áhætta sem var greinilega umfram getu heldur var einnig tekin gríðarleg áhætta fyrir hönd samfélagsins alls sem það nú geldur fyrir eftir að illa fór.
21. Vissulega er það ávallt þannig að almenningur og samfélagið allt njóta þess þegar vel gengur í atvinnulífinu og þá sérstaklega þegar lykilyfirrtæki eða atvinnugreinar njóta velgengni. Og að sama skapi bitnar það á almenningi og öllu samfélaginu þegar illa fer í atvinnurekstri. Þetta hefur þjóðin fengið að reyna áður t.d. með síldarhruninu á 7. áratug síðustu aldar og fjöldi byggðarlaga um allt land hefur lifað sætt og súrt eftir því hvernig gengið hefur í atvinnulífinu.
22. Öllum atvinnurekstri fylgir áhætta og miklu máli skiptir að það sé virðing borin fyrir bæði nauðsyn þess að taka áhættu í rekstri og þeim afleiðingum sem áföll geta leitt yfir samfélagið. Áhættan sem tekin er af fyrirtækjum verður að vera jafnt í þágu þeirra

sjálfra sem og samfélagsins í heild. Þannig myndast nægilegur skilningur og samstaða um nauðsyn framtaks og áhættutöku.

23. Ljóst er að í aðdraganda bankahrunsins skorti mikið á þessa samstöðu um áhættuna sem verið var að taka og skilning á henni. Þeir sem réðu ferðinni í útþenslu bankakerfisins gerðu almenningi og stjórnvöldum ekki næga grein fyrir henni (ef þeir þá mátu hana rétt sjálfir) og stjórnvöld höfðu hvorki skilning á henni né gerðu þær ráðstafanir sem hægt var til að draga úr henni eða gera hana viðráðanlegri. Og þegar einhverjir úr hópi forystumanna atvinnulífsins, embættismanna, stjórnmalámanna eða meðal almennings mælti varnaðarorð var ýmist ekki samstaða um nauðsynlegar aðgerðir eða lítill skilningur á því að vandi væri á höndum. Fjölmíðlar voru í sínum hefðbundna farvegi og veittu hvorki viðeigandi aðhald né gagnrýni.
24. Það hefur skapast sú hefð í ýmsum eftirlitsstofnunum að leggja of mikla áherslu á minni háttar mál og einstök lítil atriði í stórum málum sem skipta litlu þegar veigamikil og alvarleg meint brot eru til umfjöllunar. Þetta hefur leitt til þess að mál hafa tekið óhóflega langan tíma sem bæði vegur að réttaröryggi þeirra sem í hlut eiga en skapar jafnframt þá ímynd að viðkomandi stofnanir séu ekki starfi sínu vaxnar.
25. Sú skoðun er mjög útbreidd í atvinnulífinu og innan Sjálfstæðisflokksins að gjaldmiðillinn og stjórn á meðferð hans hafi átt stóran þátt í því að ástandið hér á landi er verra en víðast hvar í nágrenni okkar. Margir telja gjaldmiðilinn óbrúklegan en virk og ábyrg umræða innan Sjálfstæðisflokksins komst aldrei af stað fyrr en síðastliðið haust, né heldur hafði ríkisstjórnin forgöngu um umfjöllun um málið á sínum vettvangi með þeim hætti að það gæti haft breytingar í för með sér.

HAGVÖXTUR FRAMTÍÐARINNAR

1. Væntingar þjóðarinnar um farsæla framtíð byggja á því að traust ríki á milli aðila í samfélaginu, í viðskiptum og í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Traust byggir á sátt milli einstaklinga. Traust er áunnið og grundvallast á innihaldi og góðum verkum en ekki umbúðum og aðgerðaleyzi.
2. Það er misskilningur að setja samhengi á milli frelsis sjálfstæðisstefnunnar um að fá að starfa í skapandi umhverfi, þar sem ekki er verið að leggja stein í götu fólks með íþyngjandi eða heftandi stjórnsýslu og heimspekilegra kenninga um að frelsi sé að leyfa allt. Stefna sjálfstæðismanna er að taka með skýrum og afgerandi hætti á ábyrgðarleysi. Ábyrg stjórnun gefur raunverulega valkosti, en ekki valdboð og fákeppni.
3. Siðgæði, jafnrétti, samhugur og löghlýðni þurfa að öðlast aukinn sess í því gildismati sem endurreisnin byggir á.
4. Forsenda árangurs þegar til lengdar er litið er ekki að læra „trikk“ eða verða fær í viðskiptalegum „loftfímleikum“ heldur að vera dyggðugur. Þetta á ekki síst við um þá sem sinna ábyrgðarstörfum. Heiðarleg og ábyrg persóna nær lengra í viðskiptum þegar til lengdar lætur en sá sem ekki er hægt að treysta.
5. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda nær einnig til þess að krafan um „hámarksáhrif“ arðs leiði ekki til þess að öllum meðulum sé beitt, slík hegðun hlýtur að hafa áhrif á fleiri en þá sem hagnast. Margir hafa hagsmuni af góðum og ábyrgum rekstri fyrirtækja t.d. starfsmenn, hluthafar, umhverfi o.fl., því þarf að horfa til hagsmuna allra við rekstur.

6. Það borgar sig ætíð að breyta rétt! Verðmætasta eign hvers stjórnanda er það mannorð og orðspor sem af honum fer. Siðferðislegur sjálfsagi er mjög mikilvægur í rekstri sem og samskiptum og augljóst er hagar fyrirtækisins og eigenda þess af góðum viðskiptaháttum. Það hlýtur að vera betra að leita þess góða og siðferðislega rétta, en láta draga sig tilneyddan af regluvörðum um hinn góða veg dyggðanna.
7. Meðal þeirra aðgerða sem nefna má og nýtast atvinnulífi eru tímabundinn skattfrádráttur til fyrirtækja vegna nýráðninga, hvati vegna góðgerðarstarfa, stuðningur við fyrstu skref einstaklinga við stofnun fyrirtækja, hvati til fyrirtækja til að styrkja nýsköpun og sprotafyrirtæki og hvati til fyrirtækja til rannsóknar- og þróunarvinnu.
8. Nauðsynlegt að þeir sem eru ábyrgir fyrir skipunum í embætti og ráðningum í störf geri sér grein fyrir hversu mikilvægt er að hafa jafnvægi og jafnrétti að leiðarljósi. Fjölbreytni er nauðsynleg forsenda heilbrigðs efnahagslífs og skiptir því máli að konur jafnt sem karlar séu kallaðar til ábyrgðarstarfa.
9. Huga þarf að því hvort ekki sé rétt að útvista eða setja í einkarekstur verkefni ríkis og sveitarfélaga svo jafna megi kynjahlutfall til forystustarfa í atvinnulífinu. Þetta á m.a. við innan heilbrigðisstétta, umönnunarstétta og í skólamálum, svo fátt eitt sé nefnt.
10. Núverandi ástand kallar á endurmat á flestum sviðum samfélagsins. Opna þarf hagkerfið enn frekar og rjúfa endanlega einangrun landsins. Byggja þarf upp nýtt fjármálakerfi og skilvirkt og hagkvæmt bankakerfi. Þar fari saman dýrmæt/dýrkeypt reynsla og heilbrigð framtíðarsýn. Treysta þarf hagstjórn og endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans. Aðlaga þarf skipurit stjórnarsýslunnar að þörfum nútímans og framtíðarinnar. Kanna þarf markvisst möguleika á upptöku annars gjaldmiðils en krónu. Breyta þarf lagaumhverfi sem takmarkar heimildir ríkis og sveitarfélaga til að takast á hendur skuldbindingar.
11. Það hefur sýnt sig að samkeppnin er drifkraftur nýrra hugmynda og atvinnusköpunar, uppfinninga og aðferða og hún skapar ný tækifæri. Á þeim þarf íslenskt samfélag nauðsynlega að halda við þær aðstæður sem nú eru uppi.
12. Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda nú er að leggja grunninn að því með markvissum hætti að eignir ríkisins í atvinnurekstri verði á ný færðar með skilvirkum og gegnsæjum hætti í hendur einkaaðila. Umfangsmikill ríkisrekstur á öllum sviðum atvinnulífsins er ekki til þess fallinn að stuðla að endurreisn samfélagsins.
13. Samkeppni einkaaðila við ríkið getur aldrei eðli málsins samkvæmt verið sanngjörn eða eðlileg. Því er nauðsynlegt að skapa hér á ný samkeppnisumhverfi í atvinnulífinu þar sem jafnræði ríkir meðal þeirra sem á markaðnum starfa. Forðast ber að þar myndist umhverfi sem einkennist af fákeppni.
14. Tryggja þarf að samkeppnishömlum sé rutt úr vegi og koma í veg fyrir að aðgangshindranir myndist að mikilvægum samkeppnismörkuðum. Slíkar hömlur og hindranir teifa fyrir og koma í veg fyrir þá nauðsynlegu endurreisn sem framundan er, draga úr sköpunarmætti og framþróun íslensks atvinnulífs.
15. Ríkisstjórn landsins vinni þétt með verkalyðshreyfingunni, atvinnulífinu og öllum hagsmunaaðilum að endurreisnaráætlun íslensks þjóðfélags og efla þarf samráð og auka markvisst samstarf við lífeyrissjóði landsins og t.d. byggja skipulegan verðbréfamarkað í samstarfi við þá.

16. Sameina mætti sveitarfélög t.d. á höfuðborgarsvæðinu sem og víðar en hagræðing er augljós. Á tímum sem nú ríkja ættu sveitarfélögin að lækka álögur á fyrirtæki og einstaklinga enda ekki sjálfgefin staðreynd að velta afleiðingum slæmra ákvarðana á þessa aðila.
17. Kjarninn er að þjóðarbúinu sé stjórnað eins og heimili eða fyrirtæki þ.e. hagsýni, árangur, skipulag, markmið og mannleg gildi ráði ríkjum. Þannig setji stjórnvöld sér markmið og leiðir að markmiðum eins og hvert annað vel rekið fyrirtæki. Ríkið hefur þó önnur markmið en fyrirtæki og einkum félagsleg en í störfum sínum á ríkið að tileinka sér framúrskarandi vinnubrögð í daglegri starfsemi og við gerð framtíðaráætla.

ATVINNULÍF OG FJÖLSKYLDUR

1. Allt frelsi er háð forsendu um aga og ábyrgð. Frjálst markaðskerfi er án vafa besta og skynsamlegasta leiðin í atvinnulífinu en til að komist verði hjá miklum hagsveiflum þarf stjórn peninga- og fjármála ríkisins að vera á styrkri hendi stjórnvalda, rétt eins og löggæsla. Frelsi án ábyrgðar getur leitt til ójöfnuðar.
2. Sjálfstæðisflokkurinn verður að skapa traust á ný. Gangast við mistökum, tryggja virka miðlun hins opinbera á upplýsingum og raunverulegt gegnsæi í takt við kröfur tímans og setja reglur um siðferði í viðskiptum og virka samkeppni. Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggja að eftirlitsstofnanir verði þannig úr garði gerðar að þær sinni verkefnum sínum vel.
3. Hagsmunir fyrirtækja og heimila eru samofnir. Vinnustaðir okkar og vinnufélagar eru snar þáttur í lífi okkar. Sambandið við vinnufélagana er vináttusamband sem við viljum ekki vera án og samband atvinnurekanda og starfsmanns felst oftar en ekki í gagnkvæmu trausti og virðingu.
4. Samstaða á erfiðleikatímum sést vel þegar aðilar taka höndum saman um að bjarga verðmætum, eins og nú hefur víða gerst með almennri samþykkt starfsmanna á skertum starfskjörum. Við viljum hlúa að þeirri dýrmætu vinnustaðamenningu sem í þessu öllu felst og teljum víst að hún verði endurgoldin þegar betur árar.
5. Hvetja ber almenning til að taka þátt í að endurreisa atvinnulífið og þar með hag heimila. Jafnframt þarf almenningur að hafa traust á að vel sé farið með sparnað. Á ný þarf að taka upp skattalega hvata til sparnaðar og fjárfestingar og gæta þess að vel sé farið með sparnað.
6. Til að einstaklingur njóti sín til fulls og þar með heimilin þarf að sinna grunnþörfum s. s. húsnæði og vinnu. Það er enginn þjóðhagslegur hagur í því að reka fjölskyldur úr íbúðarhúsnæði sínu sem komnar eru í greiðsluþrot þegar nóg er af tómu og ónýttu húsnæði.
7. Á Íslandi geta hlutirnir gerst hratt og mögulega á hraða sem óhugsandi þykir í fjölmennum ríkjum. Mikilvægt er því að doði færist ekki yfir samfélagið og dragi úr eljusemi og krafti fólks. Skilaboðin þurfa að vera þau að hér sé verk að vinna og þörf á öllum sem vettlingi geta valdið til að viðhalda og bæta samfélagið. Allir hafi hlutverk.
8. Ríki og sveitarfélög þurfa að deila stærri verkefnum niður í verkþætti til að auðvelda innlendum fyrirtækjum að bjóða í verk. Nú er hagnæmt heildinni að taka innlendu tilboði þegar það veldur því að fólk flyst af atvinnuleysissskrá í vinnu og því þarf að skipuleggja útboð þannig innan þeirra marka sem EES reglur leyfa.

9. Íslendingar þurfa að leysa sig út úr viðjum vanans og hugsa heilbrigðismál og menntamál upp á nýtt, rétt eins og aðra þætti samfélagsins með áherslu á sjálfbærni og skilvirkni fyrir augum. Tengja þarf skólana betur raunhæfum verkefnum einka- og atvinnulífs. Í heilbrigðiskerfinu þarf að svara áleitnum siðfræðilegum spurningum svo hægt sé að forgangsraða verkefnum.
10. Verðtrygging, erlend lán, vextir, endurgreiðslutími og endurfjármögnun lána skipta heimili, sem þurfa að aðlagast gjörbreyttu efnahagsástandi, miklu máli. Samningar þurfa að vera sveigjanlegir, án þess þó að viðhalda óraunhæfu ástandi.
11. Á þessu ári munu bankar taka að endurskoða vexti þegar veittra íbúðalána, en þeir voru oftast ákveðnir til fimm ára í senn. Raunverð fasteigna hefur þegar lækkað, en hætt er við verðfalli á fasteignamarkaði hækki þessir vextir tilfinnanlega. Það mundi aftur auka mjög á efnahagsvandann. Fyrir þetta þarf að girða án tafar.
12. Lækka verður stýrivexti strax og koma þeim á stuttum tíma í það horf sem er í nálægum löndum. Verðbólgan hefur þegar lækkað nógu mikið til þessa og má vísa því til stuðnings til hreyfingar vísitalna á fyrstu mánuðum ársins.
13. Brýnt er að ekki verði gengið að atvinnurekstri sem er að þrotum kominn, en hefur rekstrargrundvöll. Sé gengið að fyrirtækjum í stórum stíl þýðir það að fjöldi fólks, þ.m.t. fólk í skilum, missir atvinnu sína og lendir í vanskilum.
14. Íbúðareigendur eigi kost á að breyta hluta íbúðalána sinna í eingreiðslulán, að því marki sem þau eru umfram fasteignamat íbúðar, en innan markaðsverðs (matsverðs). Lánastofnun verði skylt að verða við þessum óskum.
15. Fasteignaleigufélög á frjálsum markaði verði eflð og hlaupi undir bagga með fólki sem skuldar íbúðalán umfram markaðsverðmæti eignar og sér fram á að missa íbúðir sínar. Félögin leysi eignir til sín og leigi íbúum, gegn yfirtöku lána. Fólkið fái einhliða endurkaupsrétt að íbúðunum á matsverði.
16. Ákveðið verði að vextir af öllum verðtryggðum lánnum skuli eftirleiðis vera fastir vextir allan lánstímann. Skuldurum verðtryggðra íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vextina út lánstímann á þeim vöxtum sem nú eru í gildi. Skuldurum gengisbundinna íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vaxtaálag þeirra út lánstímann eins og það var við lánveitingu.
17. Stjórnvöld beiti sér fyrir „sátt“ um raunvexti næstu árin. Sáttin nái til ávöxtunar sparifjár og ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða, en Seðlabanki auglýsi verðtryggða útlánsvexti á tímabilinu.
18. Ábyrgð í fjármálum þarf að aukast. Heimilum ætti að bjóðast ráðgjöf í fjármálum til að auðvelda þeim að taka upp nýja lífshætti. Heimilin hafa verið háð lausafjármagni en hafa síður lagt áherslu á að safna í sjóði, þessu er nauðsynlegt að snúa við.
19. Íslendingar eiga mikla sögu- og menningararfleifð og bera sterkar taugar til þjóðar sinnar. Fjölskyldusamfélagið er enn sterkt einkenni á Íslandi, langtum meira en þekkest í nágrannalöndunum og það hefur togað í fólk að búa og ala börn sín upp hér. Í slíku samfélagi felast mikil verðmæti sem ekki er gengið að annars staðar.

20. Ríkið er stærsti kaupandi landsins á þjónustu fyrir mennta-, heilbrigðis- og tryggingakerfi landsmanna. Miklir möguleikar eru í kerfinu við að koma á nýsköpun og að stofna sprotafyrirtæki sem vaxa í skjóli kaupa ríkisins á þjónustu. Þessi fyrirtæki geta síðan notað heimamarkað við að flytja út vörur og þjónustu á sama sviði.
21. Atvinnuleysi er í flestöllum greinum atvinnulífsins, misjafnt er þó eftir atvinnugreinum hve atvinnuleysið er mikið. Atvinnulausir hafa fjölbreytta og ólíka menntun svo og bakgrunn. Þarna er stór auðlind sem þarf að virkja sem allra fyrst, ekki má þjóðin við því að missa mikið að hæfu og vel menntuðu fólki úr landinu.
22. Þjóðin stendur nú frammi fyrir erfiðum þáttaskilum og risavaxin verkefni eru framundan. Þess vegna gefst núna svigrúm fyrir tækifæri og fyrir hugarfarsbreytingu og einmitt þá er andrúm fyrir nýja hugsun og sköpun. Vegna óvissuástandsins í atvinnu- málum verður því að leggja áherslu á að komast í gang með nýjar hugmyndir.
23. „Besta lausnin getur verið keppinautur góðrar lausnar“, það á ekki alltaf að bíða eftir að besta tæknin verði fundin upp - það verður alltaf þróun í tækninni. Þess vegna eigum við að nota þá tækni í dag sem er góð og grípa gæsina núna og síðan er hægt að þróa tæknina áfram.

SAMKEPPNISHÆFNI

1. SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

- Forsendur samkeppnishæfni eru opinn og frjálst markaður með frjálst flæði fjármagns, vöru, þjónustu og vinnuafis. Ennfremur stöðugt efnahagssumhverfi með stöðugum gjaldmiðli, stöðugu verðlagi og fyrirsjáanlegu vaxta- og skattaumhverfi.
- Samkeppnishæfni lands veltur líka á samkeppnisforskoti einstakra fyrirtækja, aðgangi að sérhæfðum framleiðsluþáttum og hagstæðu og hvetjandi fyrirtækjasamfélagi.
- Innan tíu ára á Ísland að vera leiðandi á 5 – 10 atvinnusviðum og eiga fjölmörg fyrirtæki í fremstu röð á sínum vettvangi.
- Velja menn í leiðtogastörf eftir hæfileikum, dugnaði og heiðarleika. Ábyrgð fylgi virðingu og völdum.
- Við eigum og verðum að fara í útrás á ný en nú er tækifæri til að vanda betur valið.
- Við þurfum að byggja upp traust á erlendum vettvangi með samstilltu átaki.
- Leggja þarf áherslu á heilbrigða samkeppnismenningu og bætt eftirlitskerfi sem styrkir samkeppnishæfni þjóðarinnar.
- Skattaumhverfi fyrirtækja sem er ekki lakara en það sem erlendir keppinautar búa við.
- Efla menntun og sérhæfingu og uppbyggingu framtaksþjóðfélags.
- Skapa stöðugleika, öryggi og traust með nýjum gjaldmiðli og skipa okkur í raðir Evrópuþjóða.

2. ENDURREISN FJÁRMÁLAKERFISINS Á ÍSLANDI

- Hraða þarf endurskipulagningu bankakerfisins.
- Gengið verði frá nýjum efnahagsreikningum bankanna.
- Semja þarf við erlenda kröfuhafa „gömlu“ bankanna þ.m.t vegna innlána erlendis.
- Semja þarf við eigendur „jöklabréfa“.
- Erlend eignaraðild og sameining banka eru mikilvægustu hagræðingaraðgerðirnar.
- Lækka þarf vexti og afnema gjaldeyrishöft.
- Nýjar reglur verði settar um hámarkslán til einstakra viðskiptavina.
- Nýjar reglur verði settar um hámarkseignaraðild í stórum fjármálafyrirtækjum.
- Unnið verði skipulega að upptöku nýrrar myntar á Íslandi.
- Bankarnir geti veitt alla almenna bankaþjónustu hér á landi.
- Áhersla verði lögð á gegnsæi eignartengsla.

3. ENDURREISN ÍSLENSKS HLUTABRÉFAMARKAÐAR

- Íslenskur hlutabréfamarkaður varð fyrir gríðarlegu áfalli við hrun viðskiptabankanna.
- Skráð fyrirtæki, viðskiptavakar og fjárfestar, bæði einstaklingar og fagfjárfestar, hafa allir orðið fyrir tjóni.
- Virkur hlutabréfamarkaður hefur grundvallarþýðingu fyrir efnahag og atvinnulíf þjóðarinnar og hann þarf að endurreisa.
- Tækifæri er fyrir nýtt upphaf á hlutabréfamarkaði og fátt á að geta staðið í vegi fyrir endurreisn. Fyrirtæki þurfa mörg aukið eigið fé og fólk og tæki eru til staðar.
- Fjöldmargar tillögur um hvernig gera megi endurreistan hlutabréfamarkað fjölbreyttari, skilvিকari og gegnsærri.

4. FRAMTÍÐ ÍSLENSKU KRÓNUNNAR

- Íslenska krónan er gjaldmiðill sem rúinn er trausti á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði.
- Vantraust erlendra aðila snýr ekki aðeins að krónunni heldur einnig íslensku laga- og reglugerðarumhverfi, en markaðsaðilum og fjárfestum fannst að með neyðarlögum væri reglum breytt afturvirkrt.
- Einhliða upptaka erlendrar myntar er óframkvæmanleg án stuðnings frá seðlabanka viðkomandi ríkis og skuldbindingar um svipaða þróun helstu hagstærða í báðum löndum.

- Umsókn um aðild að Evrópusambandinu og myntsamstarfi Evrópu sendir afar sterk skilaboð til alþjóðasamfélagsins um stefnumótun Íslendinga til framtíðar.
- Umsókn þýðir að stofnanir bandalagsins geta þegar hafið aðstoð við endurreisn efnahags og atvinnulífs á Íslandi.
- Náist samningar þarf þjóðin að geta sagt álit sitt á aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

5. ALÞJÓÐAVÆÐING ATVINNULÍFSINS

- Mikilvægt er að Íslendingar varðveiti frelsi í viðskiptum en snúi ekki til haftastefnu.
- Alþjóðaviðskipti eru forsenda þess Íslendingar njóti sambærilegra eða betri lífsgæða og það sem þekkist í nágrannalöndum.
- Mikilvægt er að Íslendingar taki þátt í aukningu alþjóðaviðskipta eða alþjóðavæðingar með því að byggja á þeirri kjarnaþekkingu og auðlindum sem Íslendingar hafa.
- Lagðar eru til áriðandi aðgerðir sem skila jákvæðum viðskiptajöfnuði með skammtíma- aðgerðum sem og sett fram mikilvæg framtíðar stefnumál sem skila sér til lengri tíma.

6. STAÐA OG FRAMTÍÐARSÝN ÚTFLUTNINGSGREINA

- Gjaldeyrishöftin draga úr trausti erlendra aðila á íslenska hagkerfinu.
- Ábyrgðir frá banka eru ekki teknar nema láns hæfismat sé A.
- Skatttekjur af ferðaþjónustu renni til uppbyggingar á innviðum og aðstöðu.
- Forgangsraða markaðsfé og vinna saman að kynningarstarfi innanlands sem utan.
- Þrátt fyrir gengislækkun eru erfiðleikar í sjávarútvegi m.a. vegna veiðibrests, lækkunar afurðaverðs, hækkunar skulda og lækkunar eignaverðs.
- Tryggja verður sjávarútveginum stöðugleika í gengismálum og aðgang að erlendu lánsfé.
- Endurskoða peningastefnuna og tryggja stöðugleika.
- Aðild að ESB eykur traust erlendra aðila á Íslandi.

7. AUÐLINDANÝTING OG UMHVERFISMÁL

- Samleið umhverfisverndar og orkunýtingar.
- Nýta orkulindir til verðmætasköpunar en taka tillit til náttúruverndar.
- Íslendingar verði til fyrirmyndar í umhverfismálum.
- Sátt um nýtingarstefnu.
- Gæta að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja þegar kvaðir vegna loftslagssamnings leggjast á.

- Skýrar gegnsæjar umhverfisreglur og stjórnvöld virði tímafresti.
- Íslenska ákvæðið gildi áfram og kanna samvinnu við ESB um loftslagskvóta.
- Frumkvæði í þróun vegna notkunar innlendra orku á farartæki.

8. NÝSKÖPUN

- Nýsköpun er þróun, ekki aðeins á tæknisviðinu, heldur alls staðar.
- Hinn einstaki hugvitsmaður hefur mikið að segja en nýtur lítillar virðingar.
- Mismunur er í nýsköpunarumhverfinu, sumar hugmyndir þykja merkilegri en aðrar.
- Of mikið fé fer í skýrslur og samkeppni er ónóg en hún er nauðsynleg.
- Styðja við sprotafyrirtæki og efla samvinnu um markaðssetningu erlendis.
- Gera almenningi kleift að koma með hugmyndir og skapa samvinnu ólíkra aðila.
- Koma á tengslanetum skapandi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og skóla.
- Að gera einstaklingum kleift að fjárfesta í frumkvöðlafyrirtækjum.
- Fólkið, ekki tæknin, endurnýjar samfélagið með því að sjá tækifærin á markaðnum.

9. OPINBER STJÓRNSÝSLA OG EFTIRLITSSTOFNANIR

- Leikreglur þurfa að veita einstaklingum og fyrirtækjum svigrúm til athafna.
- Skapa frelsi með gagnkvæmu tilliti og stuðningi í mótlæti.
- Stjórnsýslan starfi í þágu almennings óháð stjórnámálum.
- Gæta að kostnaði við eftirlit og kostnaði þess sem eftirlit beinist að. Of mikið er hugsað um kostnað stofnana en lítið um kostnað samfélagsins.
- Byggja á festu, faglegum, öruggum vinnubrögðum og hraðri afgreiðslu eins og kostur er.
- Bæta forgangsroðun því of mikill kraftur og tími fer í minni háttar mál.
- Auka réttaröryggi með því að standa við tímamörk.

10. FJÁRMÁL OG ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA

- Forsenda þess að skattar verði ekki hækkaðir er vönduð fjármálastjórn. aðhaldssemi og ráðdeild hins opinbera.
- Kostnaðarmeta þarf fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og reglugerðardraga á sveitarfélög eftir því sem við á.

- Sveigjanleiki þarf að vera í kröfum um framkvæmd laga á vegum sveitarfélaga og taka tillit til aðstæðna, þ.m.t. fjárhagslegrar getu.
- Tryggja að sveitarfélög starfi í einingum sem ráða við verkefni þeirra.
- Samvinna er nauðsynleg vegna breytinga sem framundan eru í rekstri sveitarfélaga því ekki er sjálfsgefið að hægt sé að halda úti því háa þjónustustigi sem byggt hefur verið upp.
- Hagræða þarf í rekstri grunnskóla og leikskóla, útgjaldafrekustu verkefnum sveitarfélaga.
- Skipuleg og skjótvirk afgreiðsla skipulagserinda er nauðsynleg.
- Sala eigna, þ.m.t. lóða, fari ekki til þess að kosta rekstur sveitarfélaga heldur til þess að greiða niður skuldir eða til fjárfestinga.
- Virkt samráð ríkis og sveitarfélaga þarf um framkvæmdir og viðhaldsverkefni til að vinna gegn atvinnuleysi.

11. HAGVÖXTUR UM LAND ALLT

- Takast þarf á við afleiðingar bankahrunsins með aðferðum sem bæta atvinnulífið og heilbrigði þess.
- Auka útflutning og gjaldeyrissköpun með því að bæta skilyrði til nýsköpunar og draga úr gengissveiflum.
- Innan hefðbundinna atvinnugreina eru miklir nýsköpunarmöguleikar.
- Gera þarf ráð fyrir nýjum sprotum, möguleikum sem við höfum aldrei heyrt talað um en verða stórar atvinnugreinar í framtíðinni.
- Sjálfbær orkubúskapur Íslendingar er auðlind sem mun færa þjóðinni fjölda nýrra tækifæra þar sem þekking er vaxandi útflutningsgrein og möguleikar til innlendrar orkunýtingar aukast.
- Lykilatriðið er heilbriggt atvinnulíf þar sem einstaklingarnir og fyrirtæki þeirra hafa möguleika til nýsköpunar og vaxtar.
- Varast ber haftastefnu og afturhvarf til opinberra atvinnugreina sem takmarka getu og árangur þjóðarinnar.
- Í sjávarútvegi eru margir möguleikar til aukinnar verðmætasköpunar með nýjum tegundum í veiði og eldi, vöruþróun og markaðssetningu afurða.
- Í landbúnaði má leggja áherslu á lífræna ræktun og nýja framleiðslu s.s. á innlendu korni.
- Í ferðaþjónustu á að leggja áherslu á markaðsmál, aukna fagmennsku og nýjungar.
- Í iðnaði á að leggja áherslu á nýsköpun og samstarf rannsóknastofnana og fyrirtækja.

2

UPPGJÖR OG LÆRDÓMUR

HVAD ÁTTI SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN AÐ GERA BETUR?

2

1. INNGANGUR

Frá árinu 1991 hafa orðið miklar framfarir á Íslandi, mikill uppgangur í efnahagslífi sem rekja má til grundvallarbreytinga sem gerðar voru á íslensku hagkerfi undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Breytingarnar fólust í einföldun skattkerfisins, lækkun skatta, uppbyggingu hlutabréfamarkaða, lágum fjármagnstekjuskatti, öflugum sjávarútvegi og einkavæðingu fjölda ríkisfyrirtækja. Nýsköpun í atvinnulífinu jókst um leið og atvinnustarfsemin varð fjölbreyttari með fjölda nýrra fyrirtækja og atvinnugreina. Eftir gildistöku EES samningsins var íslensk viðskiptalöggjöf samræmd þeirri löggjöf sem gildi í helstu viðskiptalöndum Íslendinga og mörg sérislensk lagaákvæði sem höfðu takmarkað möguleika íslenskra fyrirtækja voru felld úr gildi.

Í kjölfar þessara breytinga fór hagvöxtur vaxandi samhliða auknum kaupmætti sem jókst meir en á nokkru öðru hagvaxtarskeiði á Íslandi. Ísland komst á lista yfir efnuðustu þjóðir heims og frelsi einstaklinga var í hávegum haft. Þessum jákvæðu og þörfu breytingum fylgdi mein, kerfisbrestur, sem fyrst kom berlega í ljós árið 2006. Kerfisbrestur þessi var að minnsta kosti að einhverju leyti fyrirsjáanlegur. Nú er Ísland í kreppu og illa statt. Kreppan er ekki sjálfsprottin, samtvinnaðir þættir innanlands og utan voru orsakavaldar.

Erfiðleikana nú verður að setja í samhengi við framfarir undangenginna ára. Þrátt fyrir 11% samdrátt landsframleiðslunnar (VLF) á þessu og næsta ári mun hún engu að síður á árinu 2010 væntanlega verða 55% hærri en á árinu 1995 og árlegur hagvöxtur á þessu tímabili verða 3% að meðaltali. Árlegur hagvöxtur á mann frá 1995 til 2008 var 3% og verður væntanlega 2% á mann að meðaltali frá 1995 til 2010. Til samanburðar eru samsvarandi tölur fyrir OECD ríkin 2% hagvöxtur á mann á tímabilinu 1995 til 2007. Góður árangur undanfarinna tveggja áratuga breytir þó ekki því að efnahagsáfallið á Íslandi nú er væntanlega stærra en það sem aðrar þær þjóðir sem við berum okkur saman við munu þurfa að þola þegar allur heimurinn gengur í gegnum niðursveiflu. Þessa staðreynd þurfum við að kryfja til mergjar og leita skýringa á.

Það er Sjálfstæðisflokknum hollt að líta um öxl og reyna að svara því heiðarlega hvað brást og hvað hefði mátt gera betur. Hér er gerð tilraun til að varpa nokkru ljósi á hugsanleg mistök stjórnvalda og stofnana á þeirra vegum á umliðnum árum. Endurmat þetta gerir ráð fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hefði, með öðrum viðbrögum, aðgerðum, m.a. með lagasetningum og/eða breytingum á nágildandi lögum, getað a.m.k. minnkað skaðann sem hrún bankanna hafði á þjóðarhag. Endurmatið er að finna í kafla III.


Hagur þjóðarinnar hlýtur alltaf að sitja í fyrirrúmi hjá sjálfstæðismönnum og því er flokkurinn óhræddur við að greina mistök seinustu ára og hlut forystumanna flokksins sem annarra í þeim. Sjálfstæðisflokkurinn er hafinn yfir persónur og leikendur, hann er til fyrir fólkið í landinu sem þarfnast þess mjög núna að sú stefna sem flokkurinn stendur fyrir nái fram að ganga, en taki tillit til þeirrar gagnrýni sem hér er fram sett. Þá mun Ísland verða fljóttara en ella að ná sér á strik. Frelsi með ábyrgð, þar sem einkaframtak, öflug samkeppni og atvinnufrelsi eru í hávegum höfð, mun fljótt skila dugmikilli og kjarkaðri þjóð aftur í fremstu röð þar sem hún á heima.

Til að átta sig betur á stöðunni eins og hún er, höfum við tekið saman stutt yfirlit um stöðu efnahagsmála. Stöðumatið er að finna í kafla II.

2. STÖÐUMAT EFNAHAGSMÁLA

Frá því á miðjum tíunda áratugnum stóð yfir eitt lengsta og mesta hagvaxtartímabil í íslenski sögu. Verg landsframleiðsla (VLF) jókst um 75% milli árána 1995 til 2008 og VLF á mann jókst um 45%. Til samanburðar má geta að á árunum 1980 til 1995 jókst VLF á mann aðeins um 13%. Meðalhagvöxtur á árabílinu 1995-2008 mælist því 4,4% á ári sem á alla mælikvarða telst vera mikil hagvaxtaraukning á svo löngu tímabili. Mjög fá lönd í heiminum hafa náð slíkum árlegum hagvexti eins og hefur verið hér á landi seinasta hálfan annan áratug. Þegar hagvöxturinn hér á landi er borinn saman við hagvöxt í helstu viðmiðunarríkjum kemur í ljós að VLF á mann (1995-2007) jókst um 25% í Evrópulöndum OECD og um 23% á Evrusvæðinu. Hagvöxtur á mann var því mun meiri hér á landi á þessu tímabili. Af nágrannaþjóðum voru það aðeins Írar sem skákuðu okkur í hagvexti. Verulega dró úr þenslu og hagvexti á seinasta ári og benda nýjustu tölur til að hagvöxtur hafi orðið lítill sem enginn árið 2008. Þá dróst kaupmáttur nokkuð saman í fyrsta sinn um margra ára skeið. Þrátt fyrir þennan samdrátt hafði kaupmáttur launa aukist um 40% á árunum 1995-2008 og ríflega 15% frá árinu 2000.

ÞRÓUN VLF Á MANN ÁRIN 1995-2009



Heimild: Seðlabanki Íslands

Þessi kaupmáttaraukning er mun meiri en almennt hefur orðið í nágrannalöndum okkar og viðskiptalöndum. Staða og horfur í efnahagsmálum snarversnuðu við bankahrunið og mikið gengisfall krónunnar varð í byrjun október. Bæði var að mjög hafði dregið úr allri eftirspurn og fjárfestingum en einnig hafði bankahrunið mjög óheppileg áhrif á útflutningsstarfsemina. Bankahrunið mun einnig hafa mikil og djúpstæð áhrif á efnahagsframvinduna á næstu árum. Nú er því spáð að VLF dragist saman um 10% á þessu ári og atvinnuleysi hefur farið ört vaxandi.

Horfur í efnahagslífinu hafa versnað til muna við fall bankanna eins og glögglega kemur fram í eftirfarandi töflu.

SAMANBURÐUR Á HAGSPÁM FYRIR OG EFTIR BANKAHRUN

	Fyrir bankahrún		Eftir bankahrún	
	2009	2010	2009	2010
Einkaneysla	-4,7	1,1	-24,1	-1,4
Samneysla	3,8	2,9	1,6	1,6
Fjármunamyndun	3,0	-0,6	-34,5	7,8
Þjóðarútgjöld	-2,5	1,1	-20,6	1,0
Verg landsframleiðsla	-1,6	1,1	-9,6	0,0
Viðskiptajöfnuður	-8,2	-6,0	6,1	5,6
Atvinnuleysi	2,7	3,8	7,8	8,6

Heimild: Þjóðarbúskapurinn 1. okt. 2008 og 20. jan. 2009

Þannig var reiknað með því fyrir bankahrunið að hagvöxturinn yrði neikvæður um tæp 2% á þessu ári en tæki við sér á ný árið 2010. Þótti flestum nóg um það bakslag en eftir hrunið blasir við að hagvöxturinn verði neikvæður um 10% á þessum tveimur árum.

Mikill samdráttur er fjárfestingum og einkaneyslu á árinu. Fall krónunnar hefur haft mikil neikvæð áhrif á efnahagsreikninga fyrirtækja og skulda- og eignastöðu einstaklinga. Þá hafa lífeyrissjóðir orðið fyrir verulegum skelli og einnig hefur hluti af sparnaði einstaklinga rýrnað (peningamarkaðssjóðir og viðbótalífeyrissparnaður). Einnig hafa mikil verðmæti tapast við verðfall hlutabréfa og vegna verulegrar lækkunar á raunverði húsnæðis sem dregur úr getu og vilja til framkvæmda og neyslu. Aðgengi fyrirtækja og einstaklinga að lánsfé er mjög takmarkað og nær alger þurrð á langtímafjármagni. Fjármagnskostnaður er mjög hár vegna hás vaxtastigs innanlands og vegna mjög hás áhættuálags á erlend lán ef þau þá fást yfirleitt. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur dregist saman og mun dragast enn meira saman á árinu. Skuldir ríkisins koma til með að aukast mjög og gætu numið 500-700 milljörðum króna þegar miðað er við nettó vaxtaberandi skuldir. Þá er fjárfesting mikil aukning atvinnuleysis og minnkandi atvinnuþátttaka. Eini jákvæði þátturinn í þessari þróun er að vöruskipta- og þjónustujöfnuður verður jákvæður á þessu ári vegna mikils samdráttar í innflutningi en aukningar í útflutningi.

Verðbólga, sem aukist hefur mjög hratt frá miðju ári 2007, náði hámarki í byrjun þessa árs og flest bendir til þess að hún muni lækka hratt á næstu mánuðum. Spár segja verðbólgu verða um 5% undir lok þessa árs og fari í 2,5% á 1. ársfjórðungi 2010. Ástæður þess að hratt dregur úr verðbólgu eru m.a. vaxandi framleiðslulaki vegna minnkandi heildareftirspurnar í hagkerfinu, þá verða launahækkningar í lágmarki á næstu mánuðum og koma þar fram áhrif vaxandi atvinnuleysis.

Húsnæðisverðbólgan er liðin hjá og nafnverð íbúðahúsnæðis fer lækkanði. Áhrif af gengisfallinu á verðbólgunu eru að fjara út og gengisþróun næstu mánaða verður hagstæðari. Með mikilli lækkun verðbólgu og almennum efnahagslegum samdrætti hafa skapast skilyrði fyrir snarpri lækkun stýrivaxta. En vaxtastig á langtímalánum mun mjög mótast af aukinni lánsfjárbörf hins opinbera á næstu misserum.


Í þeim hagspám sem lagðar hafa verið fram er gengið út frá því að gengi krónunnar muni styrkjast á næstunni. Bent er á að gengið er núna langt undir langtímafjárnvægisgengi og raungengi krónunnar er jafnframt mjög lágt. Erfitt er þó að leggja mat á þróun gengis næstu mánuði m.a. vegna gjaldeyrishafta. Miklu máli skiptir við þróun gengis að fjármagnsstraumar til landsins séu með eðlilegu móti og í takt við verðmæti útflutnings vöru og þjónustu. Þá skiptir lykilmáli að það takist að losa þá hengju sem yfir er og felst í skuldabréfum í eigu útlendinga án þess að fjármagnsflæði snúist á verri veg og valdi frekari lækkun gjaldmiðilsins.

Þá munu viðskiptakjör versna á þessu ári um 3-4% en rýrnun viðskiptakjara nam milli 7-8% á síðasta ári. Hér kemur saman að verð á áli hefur lækkað um riflega helming frá miðju síðasta ári og þá hefur verð sjávarafurða einnig farið lækkanði. Þessi skarpa rýrnun á viðskiptakjörum gerir stöðu þjóðarþúskaþarinn enn verri en ella. Atvinnuleysi hefur aukist mjög hratt á seinustu mánuðum og mun aukast áfram út þetta ár. Skv. spá Seðlabankans frá 29. jan. sl. mun atvinnuleysi verða í 9,4% á þessu ári og fara í tæplega 10% árið 2010, en fjármálaráðuneytið spáir heldur minna atvinnuleysi, eða tæplega 8% á þessu ári og tæplega 9% á því næsta. Mikill halli er að myndast í rekstri hins opinbera og gæti hallinn numið allt að 200 ma.kr. á þessu ári. Skuldastaða ríkisins mun því versna stórlega, bæði vegna rekstrarhalla en einnig vegna byrða sem leiða af bankahruninu. Talið er að nettóskuldir ríkisins muni nema 800 milljörðum króna í árslok 2009 og verði 58% af VLF. Vaxtaberandi skuldir verða þó lægri eða milli 500 og 700 milljörðum eða 40% - 50% af VLF.

STAÐAN 2009 OG 2010

Samkvæmt hagspám mun verða verulegur samdráttur í vergri landsframleiðslu (VLF) á þessu ári, lítilsháttar samdráttur árið 2010 en á árinu 2011 mun væntanlega verða tæplega 4% hagvöxtur á ný. Þetta fall í VLF á þessu ári mun samsvara því að hún verður á líku stigi og var árið 2005. Þá mun VLF á mann verða með svipuðu móti og árið 2004. Ástæða þess að ekki fer verr en þetta liggur í þeim mikla hagsvexti sem varð á árunum 2004-2007. Kaupmáttur launa minnkaði verulega á seinasta ári og mun minnka áfram á þessu ári eða samanlagt um 12%. Þrátt fyrir það er því spáð að kaupmátturinn verði svipaður og var árin 2002-2003. Tekið skal fram að kaupmáttur ráðstöfunartekna, en þá er tekið tillit til skatta og atvinnuleysis, mun dragast talsvert meira saman en kaupmáttur launa eða um 22% árin 2008 og 2009.

ÞRÓUN KAUPMÁTTAR LAUNA FRÁ 2000-2009



Heimild: Seðlabanki Íslands

HEIMSHAGKERFIÐ

Í kjölfar bankakreppunnar hafa hagvaxtarhorfur á þessu ári versnað til muna um allan heim. Mestur verður samdrátturinn í þróuðum iðnríkjum, þ.m.t. helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Nokkuð minna mun draga úr hagvexti í þeim löndum þar sem hann hefur verið mestur, s.s. í Kína og á Indlandi. Töluvert dregur úr heimsverslun vegna minnkandi eftirspurnar og hefur það neikvæð áhrif á verð helstu útflutningsafurða okkar. Þá kann samdráttur í ráðstöfunartekjum og almennri eftirspurn að hafa neikvæð áhrif á útflutning þjónustu, s.s. tekjur af erlendum ferðamönnum. Mikið hefur dregið úr verðbólgu í heiminum og vextir hafa farið lækkandi en vaxtaálag lánastofnana hefur almennt hækkað mjög. Stýrivextir seðlabanka eru víðast í sögulegu lágmarki og hafa farið hratt lækkandi á seinustu mánuðum.

SAMANBURÐUR Á HAGVAXTARSPÁM HELSTU VIÐSKIPTALANDA ÍSLENDINGA FRÁ ÞVÍ HAUSTIÐ 2008 OG Í JANÚAR 2009

Í %	2009	2010	2011
Spá VLF í helstu viðskiptalöndum fyrir hrun	1,05	2,07	2,36
Spá VLF í helstu viðskiptalöndum eftir hrun	-0,88	1,08	2,26
Verðbólguþá haust 2008	2,6	1,96	2,0
Verðbólguþá janúar 2009	1,23	1,8	2,35

Heimild: Seðlabanki Íslands

3. HVAD HEFÐUM VIÐ MÁTT OG ATT AÐ GERA BETUR?

Íslensku bankarnir hrundu síðastliðið haust þegar kreppan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum var að grafa um sig og dýpka eftir fall Lehman Brothers, eins helsta banka Bandaríkjanna og lykilbanka í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum. Miklir erfiðleikar höfðu þá blasað við íslensku bönkunum allt frá því að vandi vegna undirmáslána í Bandaríkjunum kom upp á yfirborðið síðsumars 2007. Hratt hafði verið þrengt að íslensku bönkunum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hátt skuldabæturtryggingaálag skapaði nánast umsátursástand um íslenska fjármálamarkaðinn. Bankarnir reyndu að flytja fjármögnun sína frá millibankalánum til innlána en það reyndist á of veikum grunni byggt og eftir fall Lehman Brothers varð vandi íslensku bankanna fljótt óviðráðanlegur. Íslensku bankarnir hefðu líklega lent í verulegum erfiðleikum án fjármálakreppunnar en væntanlega hefði lendingin orðið mun mýkri ef hrunið hefði ekki átt sér stað í miðri alþjóðakreppu. Óviða er kreppan jafn djúp og hér – þess vegna verður að gera því skóna að vandinn sé að miklu leyti heimatilbúinn. Eftirfarandi umfjöllun snýst fyrst og fremst um þennan heimatilbúna vanda og við reynum að svara spurningunni „Hvað hefði Sjálfstæðisflokkurinn mátt og átt að gera betur?“ Margar mismunandi skoðanir eru til á því hver mestu mistök Sjálfstæðisflokksins hafa verið.

Í Sjálfstæðisflokknum rúmast margar hugmyndir og skoðanir sem leitast er við að gera skil. Í þessum kafla er því bæði fjallað um þau atriði sem afgerandi meirihluti þeirra sem tóku þátt í starfinu eru sammála um og jafnframt komið til skila öðrum sjónarmiðum sem fram komu.

1) HAGSTJÓRN OG HRUN BANKANNA

Sedlabanki Íslands fer með stjórn peningamála, vinnur að fjármálastöðugleika auk margvíslegrar annarar starfsemi. Meginmarkmið bankans er að viðhalda stöðugleika í verðlagsmálum. Önnur mikilvæg verkefni snúa að varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins og stuðla að öruggu og virku fjármálakerfi. M.a. getur bankinn veitt fjármálastofnunum tímabundið fyrirgreiðslu til að fleyta þeim yfir lausafjárvara sé það talið nauðsynlegt til að varðveita traust á fjármálakerfinu.

A. UPPGANGUR FJÁRMÁLAGEIRANS

Stjórnvöld og Sedlabankinn brugðust of seint við mikilli stækkun bankakerfisins. Nauðsynlegt hefði verið að auka eigið fé Sedlabankans og stækka gjaldeyrisvarasjóðinn hraðar og meira samhliða stækkun bankanna á þeim tíma sem lántökur í erlendri mynt á hæfilegum kjörum voru í boði, eða stemma stigu við stækkun bankanna. Umfjöllun um stærð og kostnað við fjármögnun stærri gjaldeyrisvarasjóðs komst aldrei í gang fyrir alvöru. Áhugi íslenskra stjórnmalamanna og forkólfa atvinnulífsins á að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð var of mikill og menn gáðu ekki að sér og mátu ekki rétt eða litu framhjá hættunni sem af því gæti stafað m.a. með hliðsjón af smæð myntarinnar og íslenska hagkerfisins.

Próunin sem hófst með kapphlaupi banka og Íbúðalánasjóðs, samhliða aðgengi að ódýrum erlendum lánum, var með þeim hætti að stjórnvöldum og Sedlabankanum bar án nokkurs vafa að grípa í taumana. Sedlabankinn hafði ásamt fleirum vissulega upp varnaðarorð en hann og Fjármálaeftirlitið voru engu að síður máttlítill gegn þeim pólitíska vilja sem birtist í hækkun íbúðalána og auknum aðgangi að þeim.

Sedlabankinn hefði getað sett hærri lausafjárkröfur á bankana en hér giltu, í samræmi við það sem annars staðar tíðkaðist. Til þeirra aðgerða var þó ekki gripið vegna þess að í umhverfi bankanna var hægt að veita lán til Íslands og íslenskra viðskiptavina úr mörgum áttum og aukin bindiskylda hefði því þrengt fyrst og fremst að sparisjóðum og öðrum stofnunum með ógreiðan aðgang að erlendum fjármálamörkuðum. Þá hefði ríkissjóður getað aukið framboð sitt af ríkisbréfum sem Sedlabankinn hefði selt og dregið þannig inn lausafé. Sedlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu einnig í sameiningu átt að kanna mun betur og draga fram á hvaða viðskiptalegu forsendum bankarnir voru að keppa við Íbúðalánasjóð í lánveitingum. Ekki verður séð að bankarnir hafi haft venjulegan hagnað af þessum lánveitingum þegar litið er til þeirra viðskiptaskilmála sem giltu eða aðstæðna við fjármögnun bankanna. Ennfremur fjármögnuðu bankarnir og aðrir aðilar sjálfar byggingaframkvæmdirnar, bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði á mjög háum vöxtum sem gat ekki gengið nema í samfelldum vexti og verðhækkunum á markaðnum. Við þessar aðstæður hefðu þurft að liggja fyrir mun betri upplýsingar hjá opinberum aðilum um framkvæmdamagn og framkvæmdaáform á hverjum tíma þannig að hægt væri að gera kröfur til bankanna um raunhæfara áhættumat á lánveitingum.

Sedlabankinn hefur ekki, samkvæmt gildandi lögum, boðvald yfir fjármálafyrirtækjum sem uppfylla skilyrði laga um eigið fé og lausafé. Slík íhlutunarheimild tíðkast ekki í frjálsum hagkerfum. Umsjónarvald og ábyrgð bankans felst ekki síst í að beina tilmælum til bankanna og vara við þegar stefnir í óefni. Hér hefði Sedlabankinn mátt vera mun afdráttarlausari gagnvart fjármálastofnum og stjórnvöldum. Bankinn hefði getað sett bönkunum stólinn fyrir dyrnar t.d. með því að takmarka eða skilyrða aðgengi þeirra að lausafjárstuðingi (endurhverf viðskipti) ef þeir drægju ekki úr erlendum umsvifum eða flyttu hluta af starfsemi sinni til útlanda. Þetta á bæði við strax á árinu 2006 og ekki síður þegar liða tók á árið 2007. Á hinn bóginn breyttist þessi staða þegar bankarnir tóku að safna skuldum við Sedlabankann. Þá bar honum að neita þeim um óskilyrta fyrirgreiðslu.

Miklar lánveitingar Seðlabankans til bankanna gegnum svokölluð endurhverf viðskipti, bæði upphæð lánveitinga til einstakra banka og þau veð sem komu frá bönkunum og lánað var út á, og féllu að hluta á íslenskan almenning eru gagnrýniverð og skoðast í ljósi sögunnar sem alvarleg mistök. Seðlabankanum var í lófa lagið að taka bein veð í eignasófnum bankanna og það hefði verið skynsamlegra ekki síst í ljósi þess að hann taldi íslensku bankana ekki standa á nægilega traustum grunni. Vissulega er það hlutverk Seðlabankans að lána bönkunum í lausafjórvara en hann gat tekið minni áhættu í þeim viðskiptum.

B. ICESAVE

Ein stærstu mistök stjórnvalda voru að samþykkja fyrir sitt leyti innlánssófnun íslensku bankanna á erlendri grundu í gegnum eigin útibú (fyrst og fremst Icesave) sem féllu undir íslenskar innstæðutryggingar. Hvað sem lagatúlkun á formlegum skuldbindingum landsins leið mátti bankanum vera ljóst að innan EES var reiknað með að innlán væru tryggð og að viðbrögð yrðu hörð ef undan því væri vikist. Greiðslur bankanna til tryggingarsjóðs innstæðna voru of lágar þegar tekið er tillit til áhættu og útþenslu bankanna. Hin öra aukning innlána þeirra sem fengin voru utan Íslands hefðu að réttu lagi átt að kalla á stóraukin framlög til sjóðsins. Stóra málið varðandi Icesave er að hve miklu leyti eðlilegt sé að einkaaðilar geti með formlegum eða óformlegum hætti skuldbundið ríkið eða skattgreiðendur gagnvart erlendum aðilum, án þeirra samþykkis, jafnvel með því að taka, fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda, miklar ábyrgðir í öðrum ríkjum. Augljóst er að það er gat í alþjóðlegu regluverki hvað þetta varðar. En það breytir því ekki að bönkunum sjálfum sérstaklega, Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og ríkisstjórninni átti að vera ljóst að þarna var verið að taka ósanngjarna og óeðlilega áhættu fyrir hönd skattgreiðenda og ekkert samkvæmt EES samningnum kom í veg fyrir að hægt væri að takmarka með lögum eða reglum möguleika íslenskra banka til að ganga þannig fram.

C. ÁBYRGÐIR RÍKISINS Í REYND

Almenningi var ekki gerð grein fyrir þeim möguleika að ábyrgð á hundruðum milljarða króna, í formi innstæðna í Bretlandi, lægi hjá íslenska ríkinu. Segja má að stjórnvöld í heild, ráðuneytin sem og stofnanir þeirra hafi verið sofandi í þessu máli. Það kemur best fram í því að eftir hrunið voru uppi mismunandi skoðanir og deilur innan lands sem milli landa um nákvæmlega hvernig með svona mál væri farið.

D. PENINGAMÁLASTEFNAN

Frá því snemma árs 2001 hefur Seðlabankinn haft verðbólgu markmið sem sitt meginmarkmið. Er það í samræmi við lög um bankann og samkomulag hans við ríkisstjórnina. Hagkerfið er lítið, opið og gjaldmiðillinn örsmár í alþjóðlegum samanburði. Verðbólgan hefur verið í tveggja stafa tölu síðustu mánuðina og því hefur meginmarkmið peningamálastjórnunar ekki náðst. Verðbólgan hefur reyndar verið vandamál allt frá því að uppsveiflan í efnahagslífinu hófst á árinu 2004. Stór mistök voru að bregðast ekki hart við lánþenslunni þegar árin 2004-5. Ekki hefur verið nægilega mikil fagleg umræða um peningamálastjórnunina. Sérstakar fræðilegar úttektir á peningamálastefnunni og meiri almenn og sérhæfð umræða hefði verið til hins góða, fyrir Seðlabankann, stjórnvöld og íslenskan almenning. Háir stýrivextir hvöttu almenning og fyrirtæki til að taka erlend lán og erlenda aðila til að fjárfesta í íslensku krónu vegna vaxtamunar en þar með hækkaði gengi hennar sem varð aðal miðlunartæki peningastefnunnar gegn verðbólgu. Um leið og erlendir fjárfestar kipptu að sér höndum leiddi það til gengisfalls krónunnar og tilheyrandi verðbólgu. Seðlabankinn sjálfur hefur haldið sig við þá skoðun að vaxtateki hans dygði í baráttunni við verðbólguna og talið að vandinn væri skortur á trúverðugleika bankans hjá aðilum á fjármálamarkaði og í atvinnulífinu. Þessi afstaða Seðlabankans og skortur á frumkvæði hans en þó ekki síst ríkisstjórnarinnar við að endurmeta peningastefnuna og áhrifamátt hennar var afar óheppileg. Gagnrýni á hendur bankanum hefur beinst að

stjórnendum hans en umræðan um störf bankans og stefnu þarf að vera fagleg og má ekki vera pólitískt lituð sem hún varð ekki síst vegna þess að í bankastjórn Seðlabankans hafa löngum setið fyrrum valdamenn þjóðarinnar og stjórnmalamenn.

E. ÚTGJALDASTEFNA RÍKISINS OG SVEITARFÉLAGA

Hún studdi ekki nægilega yfirlýst markmið stjórnvalda og Seðlabankans um efnahagslegan stöðugleika og hjálpaði ekki nóg til í viðleitni bankans að ná tilætluðum árangri. Hlutdeild ríkisútgjalda í heild eða samneyslu á vegum ríkisins í landsframleiðslu hefur reyndar verið nokkuð stöðugt í heilan áratug en vöxtur opinberra umsvifa frekar komið fram hjá sveitarfélögum. Vissulega jukust skatttekjur mikið og ríkissjóður var hin síðari ár rekinn með myndarlegum afgangi og skuldir hans greiddar niður að stærstum hluta meðan hallarekstur hefur löngum verið vandamál hjá sveitarfélögum. Eftir á að hyggja var afgangur af rekstri hins opinbera ekki nægilega mikil ekki síst vegna þess að skatttekjurnar hvíldu ekki á nægilega traustum grunni, hvorki hjá ríki eða sveitarfélögum.

F. ÞENSLUÁHRIF ÍBÚDALÁNASJÓÐS

Þrátt fyrir að það hafi verið kosningaloforð Framsóknarflokksins að Íbúðalánasjóður veitti 90% húsnæðislán og stórhækkaði lánshámörk, lagði Sjálfstæðisflokkurinn blessun sína yfir þau loforð og uppfyllti með Framsókn. Þessi gjörningur var vanhugsaður og óheillaskref. Misvægið sem kapphlaup bankanna og Íbúðalánasjóðs leiddi af sér var stórslys. Þá er ekki síst ámælisvert að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi láta yfir sig ganga rýmkun á útlánareglum á ný í aðdraganda kosninga 2007 rúmu hálfu ári eftir að þær höfðu verið þregdar um mitt ár 2006. Þetta gaf ný en fólkskilaboð til almennings og fyrirtækja um að óhætt væri að halda áfram óhóflegum framkvæmdum og fjárfestingum í íbúðum og öðrum fasteignum.

G. ÓFULLKOMNAR UPPLÝSINGAR

Talnaefni um tekjur og gjöld af eignum og skuldum Íslendinga voru afar ófullkomnar í hagskýrslum. Þannig kom það fram í þjóðhagsreikningum ár eftir ár að ávöxtun á eignir Íslendinga erlendis væri lægri en vaxtakostnaður af erlendum skuldum. Á sama tíma margfölduðust eignirnar og skuldirnar og því ljóst að ekkert eðlilegt sambengi var í þessum tölum og þær gáfu afar villandi mynd af því sem var raunverulega að gerast. Samt voru þessar ófullkomnu upplýsingar grundvöllur ákvarðanatöku og settar fram sem opinber lýsing á stöðu hagkerfisins. Samskonar vandi hefur verið varðandi talnaefni um fjárfestingar í íbúðum og atvinnuhúsnæði sem líka veikti allan grunn ákvarðanatöku. Þrátt fyrir að margoft væri bent á þessa veikleika í upplýsingum var lítið sem ekkert aðhafst til þess að koma þessum málum í lag.

2) YFIRSTJÓRN (YFIRSÝN) FJÁRMÁLA- OG PENINGAMÁLA, EFTIRLIT OG REGLUVERK

A. INNGANGA ÍSLANDS Í EES

Hún fól í sér að Ísland fékk aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og tók upp evrópskar reglugerðir, m.a. um fjármagnsmarkaði og fjármála fyrirtæki. Allt regluverk og eftirlitskerfi með fjármála fyrirtækjum var með sama hætti og tíðkast í nágrannalöndunum. Þótt deila megi um lagamma og reglugerðir, er ljóst að samhliða þessu láðist að styrkja nægilega fjármálaeftirlit og umsjónarvald og ábyrgð Seðlabankans. Ljóst mátti vera, miðað við hvernig eftirliti og umsjónarvaldi er háttað í þeim löndum sem búa við sambærilegt fjármálakerfi, að mikil þörf var á styrkara eftirlitskerfi fjármála fyrirtækja á Íslandi.

B. FME

Mikil krosseignatengsl og vensl nokkurra stórra hluthafa virðast hafa leitt til þess að rekstur fjármálafyrirtækja varð keimlíkur rekstri mikið skuldsettra eignarhaldsfélaga – þar sem áhættustýringu virðist annað hvort ekki hafa verið beitt eða ekki á fullnægjandi hátt. FME hefur úrræði til að fylgjast með slíku og úrræði til að krefjast breytinga. Ríkið hefði hugsanlega átt að beita sér fyrir því að fá erlenda sérfræðinga til liðs við eftirlitsstofnanir fjármálamarkaðarins á Íslandi. Fólk sem hefði haft sérþekkingu á bankarekstri í alþjóðaumhverfi, þeim markaði og þeirri tegund hagkerfis sem við vorum að ganga inn í. Eftirlitsstofnanir áttu og erfitt með að keppa um innlent starfsfólk með reynslu og þekkingu á fjármálageiranum, enda fjárframlög til FME í litlu samræmi við vöxt bankakerfisins, sem aftur vekur upp spurningu um hvort eftirlitið hafi getað sinnt sínum skyldum.

C. YFIRSÝN FJÁR- OG PENINGAMÁLA

Þrjú ráðuneyti fara með yfirstjórn efnahags, viðskipta- og fjármála; þ.e. forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti. Eftirlit með fjármálafyrirtækjum hefur verið í höndum þriggja aðila, viðskiptaráðuneytisins, FME og Seðlabankans. Við þessar aðstæður er alltaf hætt á að yfirsýn skorti, boðleiðir verði flóknar og ábyrgð óljós. Þá kann þekking að dreifast um of. Mikill vafi leikur á hvort skynsamlegt hafi verið að aðskilja Seðlabanka Íslands og FME á sínum tíma.

Eftirlitskerfi og umsjónarvald opinberra stofnana, s.s. FME, Seðlabanka og ráðuneyta var ófullnægjandi. Nægjanlegu aðhaldi og eftirliti var greinilega ekki sinnt. Það liggur fyrir að í lögum um Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið er gert ráð fyrir nánú samstarfi þessara stofnana og milli þeirra er í gildi sérstakur samstarfssamningur. Samt hefur komið fram að samstarfið var hvorki nægilega virkt eða náð og einkenndist meira að því að hvor aðilinn um sig vildi verja sitt hlutverk frekar en að vinna saman við að ná sameiginlegum markmiðum.

D. AÐGERÐAÁÆTLUN STJÓRNVALDA NÁÐI EKKI FRAM AÐ GANGA

Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við viðskiptalíkan, stækkun og framferði íslensku bankanna og sýnt var fram á með rökum að bönkunum væri bráð hætt á búin snemma árs 2006. Óflugri viðbrögð opinberra aðila á þeim tíma hefðu getað takmarkað það mikla tjón og vanda sem við stöndum frammi fyrir. Ríkið setti á fót samráðshóp í febrúar 2006 um „fjármálastöðugleika og viðbrögð“. Að þessu samkomulagi komu: forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, Fjármálaeftirlit og Seðlabanki Íslands. Nefndin hélt tíða fundi, skiptist á upplýsingum og gerði viðbúnaðaráætlanir. Svo virðist sem viðleitni stjórnvalda til að m.a. að draga saman efnahagsreikninga bankanna hafi ekki borið tilætlaðan árangur og starf nefndarinnar ekki skilað sér.

3) EINKAVÆÐING BANKANNA

Óumdeilt er að rétt hafi verið að einkavæða þá banka sem voru í eigu ríkisins árið 2002. Með því leystist úr læðingi kraftur sem var atvinnulífínu nauðsynlegur. Pólitísk fyrirgreiðsla skyldi líða undir lok og skilvirkni markaðarins ráða. Þetta ferli hófst raunar árið 1990 þegar Útvegsbankinn var sameinaður minni bankastofnunum og úr varð Íslandsbanki og lauk þegar Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru að fullu einkavæddir.

Mjög er hins vegar gagnrýnt hvornig var staðið að einkavæðingu þessara tveggja banka. Ferlið var ógagnsætt og hagstæðari tilboð fyrir ríkissjóð á alla hefðbundna mælikvarða voru sniðgengin. Ekki var fylgt upphaflegri aðferðafræði, s.s. um dreifða eignaraðild. Bankarnir lentu, að einhverju marki eftir pólitískum línunum, í höndum aðila sem voru reynslulitlir í bankastarfsemi (alþjóðlegri sérstaklega). Stjórnvöld sögðu almenningi að engin ríkisábyrgð

væri á bönkunum, ef svo hefði verið hefðu bankarnir verið seldir á hærra verði. Ríkisábyrgðin reyndist hins vegar fylgja.

Meðferð sparifjár er alltaf viðkvæm og þarf að vera háð ströngum siðalögmálum, auk öruggrar framkvæmdar laga og reglugerða. Margt í upphaflegri aðferðafræði við einkavæðingu ríkisbankanna tveggja var heppilegt s.s. að gera ráð fyrir mjög dreifðri eignaraðild. Að þessu öllu skal hyggja þegar kemur að því að einkavæða bankana á ný. Það ferli taki mið af þeim augljósu mistökum sem gerð voru við einkavæðingarferlið hið fyrra.

4) ÞJÓÐHAGSSTOFNUN LÖGÐ NIÐUR OG EKKERT KOM Í STAÐINN

Það hefur ekki verið skýrt með fullnægjandi hætti af hverju ÞHS var lögð niður á sínum tíma. Stofnunin hafði gegnt mikilvægu hlutverki við stjórn efnahagsmála um áratugi með faglegri upplýsingagjöf til stjórnvalda. Mikilvægur þáttur í starfsemi ÞHS var að leggja sjálfstætt mat á þróun efnahagslífsins og einstakra þátta þess. Þess utan var stofnunin einstökum þingmönnum, Alþingi, hagsmunaaðilum og fleirum til ráðgjafar og umsagnar. Það má telja vafalaust að mikið gagn hefði verið af sjálfstæðri og faglegri umsögn og mati ÞHS, eða sambærilegrar stofnunar, á þróun efnahagsmála á seinustu árum. Greiningadeildir bankanna héldu að almennungi og fyrirtækjum einhliða greiningum og mati á íslensku efnahagslífi, en sárlega vantaði faglega og gagnrýna umfjöllun um efnahagsástandið, stöðu og framtíðarhorfur.

5) STÆRÐ BANKAKERFISINS

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) jókst stærð bankakerfisins stöðugt og hratt. Við þessari þróun var varað en viðbrögðin voru ekki nóg og bankarnir ekki beittir þeim þrýstingi sem nægði til að rífa seglin og þá heldur ekki gripid til aðgerða til þess að draga úr áhættunni fyrir svo lítið land að hafa jafn stórt bankakerfi. Enda má segja að ríkur og almennur velvilji hafi ríkt í garð bankanna og árangurs þeirra sem skapaði þúsundir hálaunastarfa fyrir ungt og vel menntað starfsfólk, háar skattgreiðslur og margvísleg önnur jákvæð áhrif sem allt samfélagið naut góðs af meðan vel gekk.

Forystumenn í samfélaginu, bæði í atvinnulífinu og stjórnámálum hvöttu eindregið til þess að bankarnir hefðu sem best skilyrði til vaxtar út frá því að vera með höfuðstöðvar sínar á Íslandi. Reyndar má líta svo á að það hafi verið mistök að hvetja ekki bankana til þess að færa reikninga sína í evrum eða annarri erlendri mynt. Slíkt hefði tvímælalaust styrkt bankana sjálfa og jafnframt dregið úr þensluáhrifum þeirra meðan gengi krónunnar fór hækkandi og hagur þeirra batnaði og útlánageta jókst á fólkskum forsendum.

Með öllu skal samt ósagt látið hvort þrýstingur og tilmæli frá ríkisstjórninni, Seðlabankanum eða Fjármálaeftirlitinu hefðu borið árangur enda var það sannarlega ekki til vinsælda fallið að standa gegn straumnum og vara við meðan vel gekk. Vilji bankanna og eigenda þeirra til útrásar og útþenslu var mikill. Í frjálsu hagkerfi hafa stjórnvöld ekki beint og óskorað boðvald yfir fyrirtækjum. Því hefði þurft inngríp stjórnvalda, e.t.v. sérstaka lagasetningu til hamla útþenslu bankana. Vandséð er að almennur pólitískur vilji hefði verið fyrir því, á árunum frá 2006 og fram á árið 2008, en í ljósi sögunnar hefðu slíkar aðgerðir a.m.k. takmarkað skaðann sem við stöndum nú frammi fyrir. Á hinn bóginn er löngu vitað að styrk stjórn peningamála og vandað og virkt eftirlit með starfsemi fjármálakerfisins eru meðal þeirra verkefna sem almannaheill beinlínis krefst að sé á hendi ríkisvaldsins, því það leiðir til þjóðarógæfu þegar illa fer.

Þær stofnanir sem áttu að veita eftirlit og aðhald sofnuðu á verðinum. Ekki var nægur skilningur á áhættustýringu, eftirliti og mögulegum afleiðingum þess að gríðarmikil skuldsetning bankanna og eigenda þeirra gæti lent á almenningi á Íslandi, svo sem lán Seðlabanka Íslands til bankanna – sem svo varð raunin.

Ábyrgð eigenda og stjórnenda bankanna, sem vissu að þeir treystu á vanmegnugan Seðlabanka sem lánveitenda bankanna til þrautavara, er mikil. Þegar upp er staðið er ljóst að þeir sem réðu ferðinni í bönkunum tóku áhættu sem var umfram það sem þeir réðu við sem sannast af falli bankanna. Í þessu sambandi skiptir ekki höfuðmáli að gjörbreyttar aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum urðu á endanum til þess að þeir hrundu en fyrir því mátti líka hugsa. En það var ekki aðeins eigin áhætta sem var greinilega umfram getu heldur var einnig tekin gríðarleg áhætta fyrir hönd samfélagsins alls sem það nú geldur þegar illa fór.

Vissulega er það ávallt þannig að almenningur og samfélagið allt njóta þess þegar vel gengur í atvinnulífinu og þá sérstaklega þegar lykilfyrirtæki eða atvinnugreinar njóta velgengni. Og að sama skapi bitnar það á almenningi og öllu samfélaginu þegar illa fer í atvinnurekstri. Þetta hefur þjóðin fengið að reyna áður t.d. með síldarhruninu á 7. áratug síðustu aldar og fjöldi byggðarlaga um allt land hefur lifað sætt og súrt eftir því hvernig gengið hefur í atvinnulífinu.

Öllum atvinnurekstri fylgir áhætta og miklu máli skiptir að það sé virðing borin fyrir bæði nauðsyn þess að taka áhættu í rekstri og þeim afleiðingum sem áföll geta leitt yfir samfélagið. Áhættan sem tekin er af fyrirtækjum verður að vera jafnt í þágu þeirra sjálfra sem og samfélagsins í heild. Þannig myndast nægilegur skilningur og samstaða um nauðsyn framtaks og áhættutöku.

Ljóst er að í aðdraganda bankahrunsins skorti mikið á þessa samstöðu um áhættuna sem verið var að taka og skilning á henni. Þeir sem réðu ferðinni í útþenslu bankakerfisins gerðu almenningi og stjórnvöldum ekki næga grein fyrir henni (ef þeir þá mátu hana rétt sjálfir) og stjórnvöld höfðu hvorki skilning á henni né gerðu þær ráðstafanir sem hægt var til að draga úr henni eða gera hana viðráðanlegri. Og þegar einhverjir úr hópi forystumanna atvinnulífsins, embættismanna, stjórnmalámmanna eða meðal almennings mælti varnaðarorð var ýmist ekki samstaða um nauðsynlegar aðgerðir eða litill skilningur á því að vandi væri á höndum. Fjölmíðlar voru í sínum hefðbundna farvegi og veittu hvorki viðeigandi aðhald né gagnrýni.

6) SAMKEPPNI

Gott síðferði og virk samkeppni eru forsendur frjálsræðis í viðskiptum. Sjálfstæðisflokknum ber að líta eftir þessu og tryggja nægilega vel, en það var ekki gert. Mikilvægt hefði verið að Sjálfstæðisflokkurinn beitti sér fyrir því að styrkja framkvæmd laganna. Það hefur skapast sú hefð í ýmsum eftirlitsstofnunum að leggja of mikla áherslu á minni háttar mál og einstök lítil atriði í stórum málum sem skipta litlu þegar veigamikil og alvarleg meint brot eru til umfjöllunar. Þetta hefur leitt til þess að mál hafa tekið óhóflega langan tíma sem bæði vegur að réttaröryggi þeirra sem í hlut eiga en skapar jafnframt þá ímynd að viðkomandi stofnanir séu ekki starfi sínu vaxnar. Þetta er ekki síst bagalegt þar sem t.d. samkeppnislöggjöfin hefur aldrei verið mikilvægari en einmitt nú og allt samfélagið á mikið undir því að starfsmenn Samkeppniseftirlitsins rísi undir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Íslenski markaðurinn er lítill og það er mikilvægt að sporna við skaðlegum áhrifum af fákeppni sem óhjákvæmilega verður til við þessar aðstæður. Á umliðnum árum hefur það veist nokkrum aðilum tiltölulega auðvelt að ná að eignast markaðsráðandi hlut í mikilvægum atvinnugreinum og alltaf þarf að vera á varðbergi gagnvart því að sú staða sé

misnotuð. Sú ímynd hefur myndast af Sjálfstæðisflokknum að hann ráði ekki við þessi mál og því sætir hann gagnrýni bæði hjá almenningi þar sem þau sjónarmið heyrast að ekki sé verið að taka nægilega hart á málum og líka hjá sakborningum og öðrum þeim sem liggja undir grun að þeir búi við óþolandi óvissu og tafir við úrlausn mála.

7) ÖNNUR ATRIÐI

A. EFNAHAGSBROTAEILD LÖGREGLUNNAR

Rétt hefði verið að huga sérstaklega að því að styrkja efnahagsbrotadeild lögreglunnar samhliða miklum vexti fjármálageirans.

B. FJÖLMIÐLALÖG

Naudsynlegt hefði verið að tryggja að fjölmiðlar gætu ekki verið í meirihlutaeigu eins manns eða fyrirtækjasamstæðu eða ríkisins. Tryggja hefði þurft dreifða eignaraðild markaðsráðandi fjölmiðla til að gæta hlutleysis. Samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla hefur verið óeðlileg og skaðleg íslensku samfélagi með mjög einhliða framsetningu fréttu.

C. GEGNSÆI/SIÐGÆÐI

Sjálfstæðisflokkurinn hefði mátt beita sér fyrir meira gegnsæi í viðskiptum almennt og eflingu siðgæðis. Eins og málum er háttað nú, sjá allir nauðsyn þess að umgangast frelsi af ábyrgð. Til að „markaðurinn“ gæti leiðrétt sjálfan sig þurftu að liggja fyrir betri upplýsingar. Upplýst ákvörðun er forsenda farsællar ákvörðunar. Varðandi siðgæði er gott að ganga á undan með góðu fordæmi.

D. STYRKING ÞINGRÆÐIS

Einmitt þegar Sjálfstæðismenn voru í fyrirsvari fyrir þjóðina hefði átt að leiða til lykta nauðsynlegar breytingar á valdajafnvægi þings og framkvæmdavalds. Aðgengi þingmanna að sérfræðingum hefði mátt bæta verulega.

E. ÓVIRK GJALDMÍÐILSUMRÆÐA

Hik Sjálfstæðisflokksins fram að falli bankanna, við að ræða Evrópumál, peningastefnu, myntina, ríkisfjármál og störf Alþingis hefur haft skaðleg áhrif. Sjálfstæðisflokkurinn hefði átt að koma á sterkari umræðuhæfð í grasrótinni. Flokkurinn verður að hlusta á baklandið, og má ekki veigra sér við að ræða eldfim mál áður en í óefni er komið.

Sjálfstæðisflokkurinn þarf að virkja sem flesta flokksmenn og stuðla að skoðanaskiptum og umræðu, grasrótin þarf að taka virkari þátt í stefnumótun flokksins. Sú skoðun er mjög útbreidd í atvinnulífinu og innan Sjálfstæðisflokksins að gjaldmiðillinn og stjórn á meðferð hans hafi átt stóran þátt í því að ástandið hér á landi er verra en víðast hvar í nágrenni okkar. Margir telja gjaldmiðilinn óbrúklegan en virk og ábyrg umræða innan Sjálfstæðisflokksins komst aldrei af stað fyrr en síðastliðið haust, né heldur hafði ríkisstjórnin forgöngu um umfjöllun um málið á sínum vettvangi með þeim hætti að það gæti haft breytingar í för með sér.

F. UPPLÝSINGAGJÖF

Bæði fyrir og eftir hrun íslensks fjármálamarkaðar er upplýsingagjöf Sjálfstæðisflokks áfátt, bæði til félagsmanna sinna (ótrúlega lítil notkun nets og þeirra tækninýjunga sem bjóðast) og ekki síður þjóðarinnar allrar.

G. PÓLÍTÍSK ÁBYRGÐ

Það skýtur skökku við að á ríflega 100 dögum eftir eitt mesta efnahagshrun vestræns ríkis á friðartímum var enginn kallaður til ábyrgðar af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Þau skilaboð til þjóðarinnar, að enginn beri pólitíska ábyrgð eru röng. Hér dugir séríslensk skilgreining á pólitískri ábyrgð ekki. Pólitísk ábyrgð snýst ekki um að kjörinn fulltrúi eigi að sitja sem fastast þrátt fyrir mistök hans sjálfs eða undirmanna, heldur hið gagnstæða. Að standa upp og fara þegar áföll verða þótt engin lög hafi verið brotin af viðkomandi er síður sem þarf að komast inn í íslenska stjórn málahefð. Menn þurfa að láta framtíðarhagsmuni njóta vafans og ekki láta sína persónu vera fyrir.

H. PÓLÍTÍSKAR STÖÐUVEITINGAR

Sjálfstæðisflokknum hefur verið legið á hálsi að hafa staðið fyrir pólitískum stöðuveitingum. Hér verður Sjálfstæðisflokkurinn að taka af skarið og heita því og sjá til þess að opinberar stöðuveitingar verði ákveðnar á faglegum og hlutlægum grundvelli. Sjálfstæðisflokkurinn hefði átt að beita sér fyrir því að skera á tengsl stjórn málaflokka, ríkisstofnana og viðskiptabanka.

I. YFIRLÝSINGAR STJÓRNVALDA

Skilyrðislausar stuðningsyfirlýsingar stjórnvalda við bankana, (í fjölmiðlum heima og heiman) sem í fólst óbein ábyrgð eru gagnrýni verðar. Erlendir lánveitendur veittu bönkum, sérstaklega síðustu tvö árin, aðgang að gifurlegum fjárhæðum, sem þeir máttu vita að ekki gátu fengist endurgreiðslur nema af almannafé.

AÐRAR ÁBENDINGAR

Um neðangreind atriði er ekki meirihlutavilji í nefndinni til að setja beint undir kaflann „Hvað áttum við gera betur“. En það er nauðsynlegt að þessi sjónarmið komi fram svo að sjálfstæðismenn geti sem flestir lagt mat á það hvort þeir séu sammála þessu mati eða ekki.

- 1) Innganga í EES (sjá nánari rökstuðning í viðauka 1).
- 2) Stuðningsyfirlýsing Íslands við innrás Bandaríkjamanna í Írak. Bæði stuðningsyfirlýsingin og ákvörðunartökufarlið.
- 3) Neyðarlög (sjá nánar í viðauka 2).
- 4) Stjórnskipulag og stjórnarskrá (sjá viðauka 3).

NIÐURLAG

Það er margt sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði mátt gera betur eins og rakið er hér að framan. Sjálfsagt má finna fleiri dæmi um mistök eða eitthvað sem betur mátti gera en hér eru nefnd. Nú er flokknum nauðsynlegt að líta til þessarar gagnrýni og sjá til þess að mistök af þessum toga endurtaki sig ekki. Engin þeirra mistaka sem hér hafa verið nefnd má rekja til stefnu flokksins. Grunnildir Sjálfstæðisflokksins brugðust ekki, heldur fólk. Hrun íslensks efnahagskerfis orsakast af mörgum samverkandi þáttum, þ.m.t. rekstri eigenda og stjórnenda bankanna (sem settu þá í þrot), mistökum stjórnvalda, bankakreppunni og lausafjárþurrð í heiminum.

Sjálfstæðisflokkurinn getur einvörðungu borið ábyrgð á fulltrúum sínum og þeirra aðgerðum eða aðgerðaleyzi þeirra, en ekki bankamönnum eða stöðu alþjóðasamfélagsins hverju sinni. Við þurfum að læra af þeim mistökum sem við höfum gert og fylgja stefnu Sjálfstæðisflokksins. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að hafa í heiðri stefnu Sjálfstæðisflokksins í því uppbyggingarstarfi sem fram undan er.

Eftirtaldir störfuðu í vinnuhópnum sem vann þennan kafla:

Sigurður Örn Ágústsson, formaður, Ólafur Klemensson, Stefán S. Guðjónsson, Skafti Harðarson, Loftur Altice Þorsteinsson, Þór Vilhjálmsson, Kristján Hreinsson, Guðjón Sigurbjartsson, Sveinbjörn Jónsson, Árni Árnason, Baldur Halldórsson, Brynhildur Maack, Eiríkur Bragason, Guðmundur Kjartansson, Hannes G. Sigurðsson, Helgi Steinar Karlsson, Herdís Sigurjónsdóttir, Jóhann Heiðar Jóhannsson, Markús Jónsson, Páll Bragason og Pétur H. Blöndal auk aðkomu og athugasemda fjölda annarra

VIÐAUKI 1

Rökstuðningur Lofts Altice Þorsteinssonar:

Alþingi getur leyft, bannað eða takmarkað athafnir landsmanna. Hvað sem það gerir, ber það ábyrgð á ákvörðuninni. Skaðabótaábyrgð myndast ef Alþingi gætir ekki eðlilegs meðalhófs. Hins vegar ber Alþingi ekki ábyrgð á stjórnarskrárákvæðum. Þar stendur þjóðin sjálf til ábyrgðar.

Með inngöngu í EES 1. janúar 1994 var stigið skref sem við fyrstu sýn virtist sumum heilladrjúgt, en átti eftir að verða örlagaríkt. Beint orsakasamband er á milli inngöngunnar og þeirra stórkostlegu erfðleika sem Icesave reikningar Landsbankans eru að valda okkur. Alþingi hafnaði kröfu margra um þjóðaratkvæði og kaus því að bera sjálft ábyrgð á inngöngunni í Evrópska efnahagssvæðið.

Inngangan í EES kom í stað tvíhliða fríværslunarsamnings frá 1972, sem landið hafði við Efnahagsbandalag Evrópu (EB). Tvíhliða samningurinn hefði ekki leyft stofnun innlánsreikninga Íslensku bankanna erlendis og því var með inngöngunni gerð stefnubreyting, sem sannanlega leiddi til Icesave hörmunganna og var samningurinn algjörlega á ábyrgð Alþingis. Hin neikvæðu áhrif samningsins eru staðreynd og þau hverfa ekki þótt einhver jákvæð áhrif megi mögulega rekja til hans.

Ákvörðun Alþingis um inngöngu í EES var umdeild og samþykkt með naumum meirihluta þingmanna, eða 33 þingmönnum af 63. Andvígir voru 23 en 7 sátu hjá. Sjálfstæðisflokkurinn var klofinn um málið, þótt flestir þingmenn hans hafi greitt atkvæði með samningnum. Alþýðuflokkurinn var einhuga um EES samninginn, eins og ávallt þegar afsal landréttinda var til umræðu. Samfylkingin, rétt borinn arftaki Alþýðuflokks, er enn við sama heygardshornið.

VIÐAUKI 2

Rökstuðningur Kristjáns Hreinssonar:

Setning neyðarlaga eins og þau voru sett 6. október voru mistök. Með lögnum yfirtók ríkið eignir, skuldir og skuldbindingar bankanna umfram það sem áður var. Með lögnum var einnig breytt tryggingum sem áður giltu, þ.e. allar bankainnstæður voru tryggðar en trygging vegna skuldabréfa bankanna fór aftur. Þá var réttur hluthafa (eigenda bankanna) fótum troðinn og eignir þeirra þurrkaðar út á einu bretti (ef einhverjar eignir voru eftir). Spurning er alltaf um ábyrgð eigenda ef illa gengur. Hversu langan tíma mun taka að vinna aftur traust hluthafa gagnvart ríkisvaldinu? Hvað með brot á jafnræðisreglu þegar innlend starfsemi bankanna er flutt í nýja banka en erlend starfsemi þeirra sett í gjaldprot? Hvernig eiga útlendingar að geta skilið það að sett séu lög á einni nóttu sem breyta öllum forsendum? (Er þetta ein af ástæðum beitingar hryðjuverkalaga?). Enginn trúði því að ríkið hefði bolmagn til að bjarga rekstri bankanna. Það er gegn skoðun sjálfstæðisstefunnar að ríkið sé betur til þess fallið að sjá um rekstur fyrirtækja heldur en einkaaðilar. Eðlilegra hefði verið að neyðarlögin hefðu eingöngu heimilað stofnun nýs ríkisbanka sem hefði, ef á hefði þurft að halda, getað tekið yfir rekstur banka sem færu í prot.

VIÐAUKI 3

Rökstuðningur Guðjóns Sigurbjartssonar:

Sjálfstæðisflokkurinn hafði ásamt öðrum flokkum, verið við stjórn ríkisins í 18 ár þegar kom að hruninu. Ýmislegt hafði áunnist en meinin grófu um sig eins og kom í ljós við fallið. Það hafði í mörg ár skorti á góða hagstjórn og fyrirhyggju varðandi hættur sem leyndust vegna útþenslu bankanna. Það er eðlilega horft inn á við í flokknum og ýmislegt hefur komið í ljós sem hver og einn ráðamanna og viðkomandi ríkisstofnanir hefðu getað gert betur. En getur ekki verið að hluti vandans sé sjálf stjórnkerfi ríkisins? Er það t.d. gott fyrirkomulag að einn maður geti leitt stærsta stjórnmalaflokk landsins, ríkisstjórnina og Alþingi á sama tíma? Hugtakið ráðherraræði hefur verið nefnt. Það virðist nokkuð mikið til í því.

Það þarf að skoða vel hvort ekki þurfi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins á all róttækan hátt. Þar hefur lengi komið til álita að kjósa ætti forsætisráðherra beinni kosningu. Þar með yrðu betri skil á milli Alþingis og framkvæmdavaldsins. Þessi skil geta verið afar gagnleg þegar kemur að mikilvægi rökræðu varðandi álitamálin o.fl. Einn maður getur þá ekki mótstöðulítið komið áfram tiltekinni stefnu, hvort sem hún er góð eða slæm, án gagnrýnninnar umræðu. Framkvæmdavaldið yrði faglegra, forsætisráðherrann gæti valið með sér ráðherra utan þings og hlutverkið væri skýrt. Hann ætti ekki að vera jafnframt formaður stjórnmalaflokks. Formenn stjórnmalaflokka myndu almennt leiða sína flokka í Alþingiskosningum og hafa hugann við þingið og baráttuna á því sviði, en sá sem biði sig fram sem forsætisráðherra myndi hafa hugann við framkvæmdahluta stjórnkerfisins.

Hluti af þessum breytingu yrði að leggja forsetaembættið niður enda myndi embættið ekki passa inn í hið nýja skipulag og vera óþarft með öllu. Það má reyndar spyrja sig hvort það er ekki óþarft jafnvel eins og nú háttar. Forsætisráðherrann myndi þá væntanlega kallast forseti lýðveldisins.

Það er full ástæða fyrir Sjálfstæðisflokkinn að greiða fyrir og taka virkan þátt í svokölluðu stjórnlagabingi. Hér gæti orðið um mikilvæg kaflaskil í þróun lýðveldisins Íslands að ræða og Sjálfstæðisflokkurinn á að vera með í slíkum tímamótum. Annað væri synd og skömm.

3

HAGVÖXTUR FRAMTÍÐARINNAR – SAMFÉLAGSLEGA HAGKERFIÐ

INNGANGUR

Sjálfstæði þjóðarinnar, vonir um framtíðina, hlutskipti afkomenda okkar og dómur þeirra um okkur verður að verða leiðarljós okkar í starfi.¹ Samfélag þar sem einstaklingurinn er frjáls og getur haft sem óbundnastar hendur til þess að efla farsæld síns heimilis og þar með þjóðfélagsins öðrum að skaðlausu er sá grunnur sem Sjálfstæðisflokkurinn er reistur á². Vel heppnuð uppbygging nýs samfélags grundvallast á því að þessi gildi séu í heiðri höfð. Sjálfstæðisstefnan leggur ríka áherslu á sameiginlega ábyrgð á högum einstaklinga og leitar leiða með opnum huga að hagfældasta rekstrarformi fyrir grunnþjónustu velferðarkerfisins svo tryggja megi skilvirka og trausta þjónustu fyrir þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Ennþá stendur tvíþætt grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins sem er annars vegar að standa að varðveislu lýðveldisins og hagnýtingu gæða í þágu íslenskra þegna og hins vegar að efla víðsýna og frjálslynda framfarastefnu á grundvelli einstaklings- og atvinnufrelsis, ábyrgrar hegðunar og séreignar, með hagsmuni allra stétta að markmiði³. Við teljum að frelsi til athafna leiði af sér ábyrga afstöðu á eigin hegðun og sátt við umhverfi sitt.

Samfélagið hefur tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Misnotkun á veittu frelsi leiddi af sér bankahrun sem hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið. Fólk og fyrirtæki eru að sjá áratuga sparnað og uppbyggingu verða að engu. Óvissa er mikil um framtíðarhag heimila og fyrirtækja.

Ábyrgðarlaus hegðun hefur verið umborin, afsökuð og jafnvel verðlaunuð, en enginn dreginn til ábyrgðar. Það er ljóst að stjórnvöld og stjórnýsflan eru vanmegnug að eiga við þá hegðun sem hefur viðgengist í þjóðfélaginu. Til að einstaklingar geti haft sem óbundnastar hendur til þess að efla farsæld sína öðrum að skaðlausu⁴, verða stjórnvöld að sýna þá ábyrgð að gefa skýran ramma og skilgreina frelsi þegnanna. Ábyrg stjórnýsla þarf að sinna leiðbeiningarhlutverki sínu og halda

1 Bjarni Jónsson frá Vogu, (1908). *Ekki veldur sá er varar*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.
2,3 og 4 Jón Þorláksson, (1926). *Eimreiðin*. Íhaldsstefnan

uppi skilvirku eftirliti. Ábyrgur rekstur heimila og fyrirtækja skiptir höfuðmáli fyrir samfélagið. Sameiginlega berum við ábyrgð á því að atvinnulífið blómstri því þar liggur grundvöllurinn að hagsæld okkar. Heimilin í landinu þurfa stöðugleika og stuðning við þær aðstæður sem um tíma geta verið einstaklingunum íþyngjandi svo sem við atvinnuleysi, húsakaup, uppeldi barna, baráttu við sjúkdóma o.s.frv.

Væntingar þjóðarinnar um farsæla framtíð byggja á því að traust ríki á milli aðila í samfélaginu, í viðskiptum og í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Traust byggir á sátt milli einstaklinga. Traust er áunnið og grundvallast á innihaldi og góðum verkum en ekki umbúðum og aðgerðaleyzi.

GILDISMAT OG GRUNDVALLARATRIÐI

Grundvallarsjónarmið Sjálfstæðisflokksins er að einstaklingar hafi frelsi til að velja og þá fyrst sýni þeir ábyrgð, sem er nauðsynleg forsenda til þess að traust myndist. Þegar traust er til staðar skapast jarðvegur til góðra verka meðal fólks. Einstaklingar, fyrirtæki og stjórnsýsla verða þá fyrst hagsýn og sýna ábyrgan rekstur. Sýn okkar á framtíðina og væntingar verða skýrari og efindirnar líklegri til að verða framkvæmanlegar.

Vilji er forsenda breytinga. Að viðurkenna erfiðleika framundan og takast á við þá, ber vott um ábyrgð. Að fegra mögulega afkomu og falsa eigin stöðu er ábyrgðarleysi. Að telja að góð frammistaða sé auðveldlega endurtekin er þekkt hugvilla. Sömuleiðis að telja að viðkomandi standi sig betur en aðrir og ekki síst að fylgja hjátrú og sjálfsupphöfnum spádómum fremur en staðreyndum. Einstaklingseðlið sækist í að ná valdi yfir öðrum sér í hag. Mannleg hegðun stangast oft á við það að sýna hagsýni, taka ábyrgð, sýna gott siðferði og getur varðað við lög. Af viljalausum vana látum við siðleysið yfir okkur ganga og horfum fram hjá staðreyndum um mannlegan breyskleika.

Hegðun sem á rætur að rekja í mannlega bresti á það til að magnast upp í hópum hvort sem það er innan fyrirtækja, stofnana og víðar í samfélaginu. Í krafti valds er gengið á rétt einstaklinga með einangrun, valdboði eða fákeppni. Einstaklingar í íþyngjandi aðstæðum eiga erfitt með að standa á sínu, leita réttar síns eða að fá aðstoð. Það er samfélagsleg skylda og hefur alltaf verið meginstoð í stefnu Sjálfstæðisflokksins að styðja einstaklinga í erfiðleikum. Alla slíka aðstoð þarf að veita faglega og með skipulögðum hætti, með velferð og hagsmuni þegnanna að leiðarljósi. Ábyrg stjórnsýsla tekst á við óábyrga hegðun og siðferðisbresti. Stofnanir og fyrirtæki verða að hafa skýrar reglur sem taka á óábyrgri og siðlausri hegðun og um leið skýrar og almennar reglur um samskipti. Stjórnsýslan má ekki missa yfirsýn og taka óábyrga afstöðu með afstöðuleysi.

Fjármálalífið byggir í verulegum mæli á huglægum fjármálagjörningum. Fjármálafyrirtæki byggja á trausti og þess vegna verða þau að sýna þess meiri ábyrgð í rekstri. Ábyrg stjórnsýsla setur regluverk og hefur eftirlit með því hvort að fjármálakerfið geti fellt annað atvinnulíf, lýðveldið og sjálfstæði þjóðarinnar vegna óábyrgrar hegðunar. Það er misskilningur að setja samhengi á milli frelsis sjálfstæðisstefnunnar um að fá að starfa í skapandi umhverfi, þar sem ekki er verið að leggja stein í götu fólks með íþyngjandi eða heftandi stjórnsýslu og heimspekilegra kenninga um að frelsi sé að leyfa allt. Stefna sjálfstæðismanna er að taka með skýrum og afgerandi hætti á ábyrgðarleysi. Ábyrg stjórnun gefur raunverulega valkosti, en ekki valdboð og fákeppni.

Ábyrg hegðun einstaklings er að taka ekki að sér hlutverk hins óvirka í hópi og þannig styðja óeðlega, ósiðlega og óábyrga framkomu. Það verður alltaf að vera til farvegur til þess að takast á við hið óábyrga í samfélaginu, en það er einstaklingnum ofraun að gera það á eigin spýtur. Það er jafnvel erfitt fyrir þá aðila, sem er ætlað það hlutverk. Það er nauðsynlegt að taka fast á siðleysi og fara eftir vel skilgreindum ferlum, því það flýtir fyrir því að tekið sé á málum og dregur úr líkum á því að slík

hegðun valdi skaða. Það þarf að vera til farvegur sem leggur grunn að sátt á milli aðila og stendur fyrir eðlilegu siðferði í samfélaginu. Sjálfstæðismenn eru í fararbroddi í að skapa sátt og samstöðu á milli stétta, með áherslu á ábyrga framkomu sem skapar traust og gott siðferði í samskiptum, en eltist ekki við sérhagsmuni.

Höfundur: Björn Vernharðsson

GILDISMAT ENDURREISNARINNAR

Á hvaða gildum byggjum við nýja atvinnusköpun og framfarir?

Eðlilegt er að spurt sé hvort gildismat íslensku þjóðarinnar hafi brenglast á síðustu misserum og árum og að það eigi sinn þátt í því hvernig komið er? Ef svo er, hvaða gildi eru það þá sem við eigum að hafa í heiðri við endurreisn efnahagslífsins, sem er í rústum og þjóðfélagsins alls, sem nú er í sárum?

Þegar horft er yfir sviðið virðist sem síðustu misseri og ár hafi verið einn allsherjar dans í kringum gullkálfinn. Gífurleg umfjöllun um peninga og auð í öllum fjölmiðlum. Menn virtust keppast um að berast á og yfirbjóða hver annan í þeim efnum. Eitthvað sem er andstætt því þjóðareðli sem við fram til þessa þekkjum. Umfjöllun fjölmiðla var í aðdáunartón. Meirihluti þjóðarinnar var auðvitað ekki þátttakandi í þessu, heldur horfði á og skildi ekki hvað var í gangi. Nú þegar allt er hrúnið, virðist sem þau gildi sem dansað var eftir, hafi verið **græðgi, óhóf, virðingarleysi, agaleysi og óforsjálmi**. Skaðinn sem orðinn er, nær langt út fyrir hóp þeirra sem dönsuðu sem ákafast og allt þjóðfélagið í sárum í brunarústunum. Hvað brást? spyrja menn. Er þetta afleiðing af frelsisvæðingunni sem Sjálfstæðisflokkurinn barðist fyrir? Afleiðing einkavæðingarinnar og eflingu einkaframtaksins? Afleiðing nýfrjálsbyggjunnar? Eru þá frelsi og einkaframtak vond gildi en höft og ríkisvæðing betri?, er spurt.

Sjálfstæði, frelsi, athafnafrelsi, löghlýðni, siðgæði, jafnrétti, samhugur, metnaður.

Þar sem hugmyndafræðileg barátta gegn vinstri öflum „var“ svo lengi um atriði eins og frelsi og einkarekstur á móti höftum og ríkisafskiptum, er eðlilegt að áhersla á þau gildi hafi verið meira áberandi í málflutningi Sjálfstæðismanna á meðan og minna borið á hinum. E.t.v. brugðumst við sjálfstæðismenn að halda þeim nægjanlega á lofti. Engu að síður eru gildi sjálfstæðisstefnunnar mjög sterk og ber að halda þeim fram, kannski aldrei sem nú. Siðgæði, jafnrétti, samhugur, löghlýðni, þurfa að öðlast aukinn sess í því gildismati sem endurreisnin byggir á. Þetta er mjög nauðsynlegt til að flokkurinn og yfirvöld almennt öðlist „traust“ og að „stétt sé með stétt“ í endurreisninni. Kannski er þó brýnasta og fyrsta verkefnið, að byggja upp þetta traust á milli fólks og „stétta“ til að endurreisnin geti gengið friðsamlega og snurðulaust fyrir sig.

„Þau gildi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt allt frá stofnun 1929, eiga enn við í dag og hafa verið leiðarljós allra forystumanna flokksins og flokksins sjálfs síðan þá. Jón Þorláksson orðaði það svona í grein í Heimdalli 1930 skömmu eftir stofnun flokksins:

„Sjálfstæðið inn á við með einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi er hinn annar höfuðþáttur stefnunnar. Að hver einstaklingur fái að efla krafta sína og neyta krafta sinna innan marka laga og siðgæðis sjálfum sér, sérhverri stétt og þjóðinni allri til aukinnar velgengni og menningar ...“

Út úr þessum pistli má lesa þau sömu gildi sem fylgt hafa Sjálfstæðisflokknum æ síðan í ýmsu formi og með mismunandi áherslum á hverjum tíma.“

Hin sígildu gildi sjálfstæðisstefnunnar eiga að vera gildi endurreisnarinnar þar sem traust ríkir.

Höfundur: Steinn Logi Björnsson

SIÐFERÐI Í VIÐSKIPTUM

Undanfarin ár hefur oft og víða verið rætt um siðferði í viðskiptum, einkum virðast menn hafa viljað meina að umræddu siðferði hafi hrakað. Öruglega má að einhverju leyti til sanns vegar færa að brestur hafi orðið í siðferði eins og mörgu öðru á þeim tímum sem nú er að ljúka. Brestur sá er kannski mestur í því að menn í viðskiptalífi og víðar töldu sig í raun geta lifað utan við samfélagið og sett sér leikreglur á eigin forsendum og á ímynduðum grunni þess viðskiptalíkans sem þeir höfðu búið til. Sást þessu stað í mörgu svo sem óhóflegum launagreiðslum, ábyrgðarleysi í skuldsetningu, og ábyrgðarlausri umgengni við frelsi það sem veitt var á undanförunum tæpum tuttugu árum.

Viðskiptasiðferði er margþætt og nær um öll svið viðskipta og mannlífs, enda hefur gott viðskiptasiðferði verið talið til helstu dyggða um aldir og undirstaða velmegunar jafnt sem samskipta. Viðskiptasiðferði er nátengt hlutum eins og samfélagslegri ábyrgð og framkomu fyrirtækja jafnt sem stjórnenda, enda eru fyrirtæki, eigendur og stjórnendur þeirra dæmdir af orðspori sínu. Orðspori sem verður til af framkomu og ábyrgri hegðun þar sem hagur allra er hafður að leiðarljósi.

Eins og áður sagði má heimfæra viðskiptasiðferði á flesta þætti mannlífs en gróft mætti hugsa sér að skipta því á eftirfarandi svið.

EINSTAKLINGSSIÐFERÐI

- Forsenda árangurs þegar til lengdar er litið er ekki að læra „trikk“ eða verða fær í viðskiptalegum „loftfímleikum“ heldur að vera dyggðugur. Þetta á ekki síst við um þá sem sinna ábyrgðarstörfum. Heiðarleg og ábyrg persóna nær lengra í viðskiptum þegar til lengdar lætur en sá sem ekki er hægt að treysta.
- Traust þarf að ríkja í samskiptum þeirra sem eiga viðskipti sín á milli. Traust byggist á því að þeir sem ástunda viðskipti séu dyggðugir, heiðarlegir og áreiðanlegir í framkomu og æði. Og að framgangan öll sé byggð á siðferðilegum gildum samfélagsins.
- Gott siðferði er því ein af megin forsendum raunverulegs og varanlegs árangurs í viðskiptum.
- Oft má einnig mæla siðferði stjórnenda á gegnsæi ákvarðana þeirra, áhættusækni og fjárhagslegri ábyrgð í ákvörðunum.

FYRIRTÆKJASIÐFERÐI

- Vettvangur viðskiptasiðferðis fyrirtækja byggist á sömu forsendum og nefndar eru hér að framan, enda er fyrirtækið fyrst og fremst stjórnendur þess, starfsmenn og traust neytenda á söluvöru fyrirtækisins.
- Fyrirtæki eru mörg í krafti stærðar sinnar orðin mjög valda- og áhrifamikil í samfélaginu og bera þau því samfélagslega ábyrgð. Þetta á um margt einnig við um minni fyrirtæki þó ábyrgð þeirra snúi oft meira að nærsamfélaginu svo sem bæjarfélagi og starfsmönnum.

- Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda nær einnig til þess að krafan um „hámörkun“ arðs leiði ekki til þess að öllum meðulum sé beitt, slík hegðun hlýtur að hafa áhrif á fleiri en þá sem hagnast. Margir hafa hagsmuni af góðum og ábyrgum rekstri fyrirtækja t.d. starfsmenn, hluthafar, umhverfi o.fl., því þarf að horfa til hagsmuna allra við rekstur.
- Siðferði fyrirtækja er líka mælt á mælikvarða gegnsæis og áreiðanleika þeirrar fjárhagslegu áhættu sem stjórnendur þeirra taka.

Ekki er hér um tæmandi lista að ræða en af honum má þó vera ljóst að viðskiptasiðferði er viðtækt og mikilvægt hugtak hvort sem er í almennum samskiptum eða rekstri.

Í rekstri fyrirtækja er einnig mikilvægt að annað hugtak sé uppá borðum, það mætti kalla stofnana-siðferði, og er sú framkoma sem opinberir aðilar og stofnanir sýna af sér. Þetta fellst í sanngjörnu og gegnsæju regluverki, fortaklausri og algjörri framfylgni reglna án allrar mismununar.

Regluverk er algjörlega nauðsynlegt því margsannað er að þrátt fyrir siðferði þá er náttúran og breyskleiki manna samur við sig, þar sem menn sjá tækifæri til að hagnast á óheiðarlegan hátt án þess að upp um þá komist þá verða alltaf einhverjir til þess, þrátt fyrir allar siðareglur.

Því er ætíð og alltaf þörf á skilvirku eftirliti hins opinbera og framfylgni reglna.

Einnig er undir þessu krafan um ábyrga stjórnmalamenn sem setja leikreglur þjóðfélagsins, leikreglur sem þurfa að vera eins einfaldar og skýrar og kostur er, og án þess að gefa færi á misnotkun og flóknum túlkunum. Einnig er undir þessu framkoma yfirvalda og fulltrúa þeirra við fyrirtækin og erum við þá aftur komin að einstaklingssiðferði sem sýnir hve samvinnnað og viðtækt siðferðishugtakið er.

Ef brestur verður á einu sviði siðferðis smitar það um allt og við töpum því samfélagi sem flest okkar erum sammála að gott sé að búa í og starfa. Það borgar sig ætíð að breyta rétt! Verðmætasta eign hvers stjórnanda er það mannorð og orðspor sem af honum fer. Siðferðislegur sjálfsagi er mjög mikilvægur í rekstri sem og samskiptum og augljóst er hagar fyrirtækisins og eigenda þess af góðum viðskiptaháttum. Það hlýtur að vera betra að leita þess góða og siðferðislega rétta, en láta draga sig tilneyddan af regluvörðum um hinn góða veg dyggðanna.

Fyrirtækjum sem þekkt eru fyrir gott siðferði helst betur á viðskiptavinum en öðrum, en öflun nýrra viðskiptavina er kostnaðarsöm. Fyrirtæki sem gera sér grein fyrir ábyrgð sinni til starfsmanna og samfélags uppskera betri starfsmenn og samfélag. Fyrirtæki eru ekki bara Excel-skjal á skjá eða kennitala á blaði, þau eru samfélag fólks af holdi og blóði hluti heildar þar sem hvorugt getur án hins verið. Þó svo að einhver telji kannski að góð siðferðisgildi geti til skamms tíma verið hamlandi á arðsemi, þá skapa þau traust þegar til lengra er litið.

Gott orðspor, traust og óflekkað mannorð er verðmætasta eign hvers manns, því á erfiðum tímum kemur ekkert í stað trausts.

Sama á að sjálfsögðu við um fyrirtæki.

Höfundur: Elías Pétursson

HVERNIG Á AÐ VIRKJA MANNAUÐINN?

Atvinnuleysi hefur aukist hratt síðustu mánuði og ekki útlit fyrir að það dragist neitt saman á næstunni. Þörfin fyrir atvinnusköpun hefur því sjaldan verið meiri og nauðsynlegt að hafa fjölbreytni að leiðarljósi. Þar ber að nefna mismunandi atvinnugreinar, hlut kvenna, hlut erlendra ríkisborgara, mismunandi reynslu og þekkingu.

Stjórnvöld gegna veigamiklu hlutverki hvað þetta varðar og þurfa að marka skýra stefnu um atvinnuuppbyggingu. Ljóst er að stjórnvöld þurfa að skoða leiðir til að aðstoða atvinnulíf og einstaklinga til atvinnusköpunar. Stjórnvöld geta farið ýmsar leiðir og nauðsynlegt að skoða vel hvernig hægt er að nota hin ýmsu tæki stjórnsýslunnar til slíks. Hér fyrir neðan eru reifaðar nokkrar hugmyndir um leiðir til atvinnusköpunar og hvaða sjónarmið er gott að hafa að leiðarljósi. Þetta er engan veginn tæmandi listi heldur grunnur í hugmyndabanka. Þörfin fyrir nýsköpun í hugsun hefur eflaust aldrei verið meiri.

SVEIGJANLEIKI Í SKATTKERFINU TIL AÐ EFLA ATVINNUSKÖPUN

Skattkerfið er eitt af þeim tækjum stjórnsýslunnar sem hægt er að nýta á uppbyggilegan og frumlegan hátt til góða fyrir samfélagið. Skattkerfið getur einnig virkað hvetjandi til atvinnusköpunar ef vilji er til.

- Tímabundinn skattfrádráttur til fyrirtækja vegna nýráðninga – skoðað út frá efnahag og stærð fyrirtækja. Þótt þetta rýri skatttekjur að einhverju leyti þá myndi þetta á móti lækka útgjöld Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Vænlegra er að ýta undir vinnu fólks heldur en það sitji aðgerðalaust á atvinnuleysisbótum.
- Efnahagslegur hvati vegna góðgerðarstarfa.
- Stuðningur við fyrstu skref einstaklinga við stofnun fyrirtækja.
- Efnahagslegur hvati til fyrirtækja til að styrkja nýsköpun og sprotafyrirtæki. Möguleiki lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að skapa stóran hlut þeirra starfa sem þarf á að halda á næstu árum er mikill en til þess þarf að hlúa að rekstri þeirra fyrirtækja.
- Efnahagslegur hvati til fyrirtækja til rannsóknar- og þróunarvinnu. Auk ágæts sjóða-fyrirkomulags sem er til staðar vegna slíkra verkefna gæti verið atvinnuskapandi að veita fyrirtækjum sérstaka skattaívilnun vegna rannsóknar- og þróunarvinnu. Slíka vinnu eru ýmis fyrirtæki nú þegar að stunda og með velvilja stjórnvalda væri hægt að auka strax hlut slíkrar vinnu og stuðla þannig að atvinnusköpun.

HLUTUR KVENNA

- Gengið hefur illa að jafna hlut karla og kvenna til forystustarfa í atvinnulífi. Hlutverk ríkisins er gífurlega mikilvægt hvað þetta varðar. Ríkið hefur því miður ekki gengið fram með nógu góðu fordæmi til þessa og hafa karlmenn oftast verið skipaðir í þær stöður hjá ríkinu þar sem völdin eru mest. Nauðsynlegt að þeir sem eru ábyrgir fyrir skipunum í embætti og ráðningum í störf geri sér grein fyrir hversu mikilvægt er að hafa jafnvægi og jafnrétti að leiðarljósi í þessum málum. Fjölbreytni er nauðsynleg forsenda heilbrigðs efnahagslífs og skiptir því máli að konur jafnt sem karlar séu kallaðar til ábyrgðarstarfa.
- Huga þarf að því hvort ekki sé rétt að útvista eða setja í einkarekstur verkefni ríkis og sveitarfélaga svo jafna megi kynjahlutfall til forystustarfa í atvinnulífinu. Þetta á m.a. við innan heilbrigðisstétta, umönnunarstétta og í skólumálum, svo fátt eitt sé nefnt.

HLUTUR ERLENDRA RÍKISBORGARA SEM BÚSETTIR ERU Á ÍSLANDI

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mikið hér á landi undanfarin ár í takt við uppsveiflu síðustu ára. Margir þessara einstaklinga búa yfir mikilli þekkingu og menntun. Meðal þess sem huga þarf að er:

- Viðurkenning menntunar – Því miður er það svo að það hefur oft á tíðum reynst einstaklega erfitt fyrir útlendinga sem búsettir eru hér að fá menntun sína frá heimalandi viðurkennda þannig að viðkomandi geti nýtt menntun sína í starfi. Mikil sóun á mannaúði sem felst í því.
- Tækifæri fyrir fyrirtæki til að efla tengsl við útlönd.

HLUTVERK STJÓRNSÝSLU

Stjórnsýslan hefur vaxið mikið undanfarin ár og segja má að hún hafi vaxið jafnt og þétt með góðærinu. Nú er svo komið að við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti og hægt að endurskipuleggja og endurhugsa mörg verkefni innan stjórnsýslunnar upp á nýtt. Slíkt gæti leitt til útvistunar verkefna og samninga við einkaaðila sem gæti leitt til atvinnusköpunar.

- Ýmis verkefni í stjórnsýslunni sem hægt væri að leita hagkvæmari leiða til að leysa án þess að framselja ákvörðunarvald, t.d. sameina móttöku hinna ýmsu umsókna um leyfi hjá ríkinu. Hægt að vera með bakvinnslu nánast hvar sem er. Skoða þarf gaumgæfilega og með opnum hug hvernig og hvaða verkefnum skal sinnt af ríkinu.

ÝMSIR PUNKTAR

Hér fyrir neðan er velt upp ýmsum hugmyndum, án efa misraunhæfum, sem gætu hugsanlega verið atvinnuskapandi.

- Þróunaraðstoð – Við horfum nú upp á að mikið af vel menntuðu fólki er atvinnulaust. Hægt er að skoða hvort ekki væru atvinnuskapandi tækifæri í þróunaraðstoð og hvernig við gætum bæði látið gott af okkur leiða með því að fara út í einhvers konar uppbyggingarverkefni og þannig hjálpað til við að örva hagkerfi á erfiðustu svæðunum ásamt því að nýta menntun og skapa störf. Í kjölfarið gætu myndast viðskiptatækifæri á viðkomandi svæði.
- Miðlun verkvits og reynslu við nýtingu fiskistofna.
- Þekking við húsbýggingar hér á landi – mun betri nýting á orkugjöfum við upphitun húsa hér og því mun hagkvæmara þó svo að húsbýggingakostnaður sé dýrari. Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið en hins vegar þarf að skoða vel hvernig hægt er að nýta betur tækifæri þar.

Höfundur: Hildur Dungal

ÍSLENSKT HAGKERFI

Miðað við verga landsframléiðslu er íslenska hagkerfið að stærð nálægt miðbiki þeirra þjóða sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birtir upplýsingar um á veraldarvefnum m.ö.o. Ísland er í 92. sæti meðal 172 þjóða hvað varðar stærð efnahagskerfisins í heild. Sé miðað við höfðatölu íbúa er íslenskt hagkerfi aftur á móti í allra fremstu röð. Engu að síður er íslenska samfélagið sem heild að stærð á við miðlungsstóra borg á meginlandi Evrópu. Í þessu felst sérstaða hagkerfisins. Landið býr að miklum náttúruauðlindum og mannaúði, þótt fámennur sé, sem leggur mikið upp úr aukinni menntun og almenntri velferð einstaklinga.

Ísland skipar sér í fremstu röð meðal þjóða sem velferðarríki. Á nokkrum áratugum snérist dæmið við. Ísland var ein fátækasta þjóðin í Vesturálfu um aldir. Landsmenn hafa verið vel meðvitaðir um gildi þess að efla atvinnulífið sem grunn að aukinni velferð í þjóðfélaginu. Unnið hefur verið að því að koma fleiri stöðum undir hagkerfið með uppbyggingu í þjónustu og iðnaði samhliða landbúnaði og sjávarútvegi. Ísland hefur nýtt sér með skilvirkum hætti það samkeppnisforskot sem skapandi hagkerfi á upplýsinga – og tækniöld getur veitt þjóðum. Mikilvægt er að missa ekki sjónar af styrkleika íslensks samfélags þrátt fyrir tímabundin áföll vegna bankakreppunnar og þeirra efnahagslegu áfalla sem fylgt hafa.

Sú greining sem hér fer á eftir á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum eða SVÓT greining eins og hún er almennt kölluð er ekki tæmandi. Hafa verður í huga þegar slík greining er gerð að oftar en ekki sjást ekki fyrir mikilvægir vaxtasprotar, ný tækifæri og eins þá nýjar ógnanir sem kunna að bíða í næstu framtíð. Eigi að síður getur komið sér vel að tíunda þessi atriði til þess að leggja raunhæft mat á stöðu hagkerfisins. Íslenska hagkerfið er í þeirri stöðu að horfurnar eru jákvæðar jafnvel svo að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn taldi á síðasta ári að þrátt fyrir versnandi horfur í efnahagsmálum væru langtímahorfur í hagkerfinu um margt öfundsverðar.

STYRKLEIKAR ...

- Opíð hagkerfi með sveigjanleika til að bregðast við breyttum aðstæðum.
- Vel menntaðir einstaklingar í upplýstu lýðræðissamfélagi sem byggir á 1100 ára sögu.
- Mikil og víðfeðm stjórnmála- og viðskiptatengsl við umheiminn.
- Öflug heilbrigðisþjónusta og lægri meðalaldur en í nágrannalöndum.
- Háþróað og tæknivætt samfélag. Stuttar boðleiðir innan sem utan stjórnkerfis.
- Fjölbreytt atvinnustarfsemi og sveigjanlegur vinnumarkaður. Mikil atvinnuþátttaka. Vinnusemi þykir almennt dyggð.
- Frumkvæði, áræðni og nýsköpun í atvinnulífi, listum og menningu eru ríkir eiginleikar í fari einstaklinga.
- Öflugar atvinnugreinar; sjávarútvegur, iðnaður og ýmis þjónusta, sem skila gjaldeyrstekjum til þjóðarþúsins. Blómleg starfsemi á öllum sviðum þjóðlífs.
- Arðbær og traustur sjávarútvegur, þar sem aflamarkskerfi hefur reynst grundvöllur hagræðingar, áætlanagerðar, stöðugleika, framfara og arðsemi.
- Traust framléiðsla landbúnaðarafurða í hæsta gæðaflokki.

- Dýrmætar náttúruauðlindir; fiskur, fallvötn og jarðvarmi.
- Gott samgöngunet innanlands og greiðar leiðir til útlanda.

VEIKLEIKAR ...

- Hagkerfið í djúpri niðursveiflu eftir hagvaxtarskeið. Óvissa um íslenska efnahagsstjórn.
- Fjármálastarfsemi á brauðfótum eftir bankahrunið í haust.
- Viðskiptasiðferði orðið fyrir álitshnekki og stofnanir samfélagsins margar rúnar trausti.
- Skuldir hins opinbera, einstaklinga og fyrirtækja of miklar.
- Skortur á raunsæi hefur einkennt mat á hagkvæmni margra fjárfestinga.
- Mikil verðbólga er undirrót hárra vaxta og vaxandi skattheimtu.
- Fyrirhyggju og sparnaði hefur verið fórnað á báli neyslu og fjárfestinga.
- Tilraunir til að draga úr umfangi opinberrar starfsemi hafa litlu skilað.
- Öflugir þrýstihópar knýja fram launahækkanir úr takti við greiðslugetu samfélagsins.
- Klíkuskapur og flokkadrættir hafa blómstrað í skjóli samfélagssmæðar.

TÆKIFÆRI ...

- Núverandi ástand kallar á endurmat á flestum sviðum samfélagsins.
- Opna hagkerfið enn frekar og rjúfa endanlega einangrun landsins.
- Byggja þarf upp nýtt fjármálakerfi og skilvirkt og hagkvæmt bankakerfi. Þar fari saman dýrmæt/dýrkeypt reynsla og heilbrigð framtíðarsýn.
- Treysta þarf hagstjórn og endurskoða peningamálastefnu Seðlabanka.
- Aðlag skipurit stjórnáráðgjafar að þörfum nútímans og framtíðarinnar.
- Kanna þarf markvisst möguleika á upptöku annars gjaldmiðils en krónu.
- Breyta þarf lagaumhverfi sem takmarkar heimildir ríkis og sveitarfélaga til að takast á hendur skuldbindingar.
- Skuldsetning atvinnufyrirtækja kallar á sameiningu rekstrareininga og aukna hagræðingu.
- Útflutningsatvinnuvegunum verði búið ábyrgt rekstrarumhverfi til langframa. Með háþyrðingunni af framleiðslu þeirra gegna þeir lykilhlutverki við endurreisn íslensks efnahagslífs.
- Samfélagið opið fyrir vænlegum nýjungum í atvinnuuppbyggingu.

ÓGNANIR ...

- Hætta er á að erfiðar aðstæður í samfélaginu leiði til þess að þjóðin skiptist í fylkingar vegna ósættis um áherslur og leiðir í helstu málaflokkum.
- Hætta er á að ekki takist að skapa traust á stofnunum samfélagsins að nýju.
- Hætta er á að langtímamarkmið víki fyrir skammtíma gróðasjónarmiðum.
- Hætta er á að ungt fólk flytji af landi brott og þannig þyngist byrðar á þá sem eftir sitja.
- Hætta er á að alheimskreppan dýpki enn frekar og stór ríki og ríkjasambönd hverfi til einangrunarstefnu.
- Við endurskoðun „Leikreglna“ í íslensku samfélagi þarf að vera skýr greinarmunur á þeim reglum sem gefist hafa vel og þeim sem hafa gefist miður (fjármálakerfið).
- Hætta er á að hróflað verði við aflamarkskerfinu sem er grundvöllur arðsemi íslensks sjávarútvegs.
- Komi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu án varanlegra undanþága í sjávarútvegs- málum mun arðsemi af starfseminni smám saman flytjast úr landi.

Höfundur: Sveinn Hjörtur Hjartarson

ENDURREISN Á GRUNDEVLLI SAMKEPPNI

INNGANGUR

Í kjölfar hruns fjármálakerfisins er mikilvægar en nokkru sinni að vandað sé til verka við endurreisn íslensks samfélags. Við þá endurreisn þurfa stjórnvöld að taka ákvarðanir á hvaða grundvelli slík endurreisn skuli fara fram og marka skýra stefnu á framtíðarsýn íslensks samfélags.

Reynslan hefur sýnt að markaðshagkerfi og samkeppni hefur mikla yfirburði umfram aðra þá kosti sem í boði eru. Óumdeilt er að samkeppnin stuðlar að skilvirkni í rekstri, aukinni framleiðni og bættum árangri og þar með hagvexti og lífskjarabótum fyrir fólk og fyrirtæki. Forsenda þess að lífskjör batni er aukin framleiðni. Án hennar geta lífskjör ekki batnað. Það hefur sýnt sig að samkeppnin er drifkraftur nýrra hugmynda og atvinnusköpunar, uppfinninga og aðferða og hún skapar ný tækifæri. Á þeim þarf íslenskt samfélag nauðsynlega á að halda við þær aðstæður sem nú eru uppi.

SAMKEPPNI – EKKI BOÐ OG HÖFT

Við hrun fjármálakerfisins hafa komið fram efasemdir um markaðshagkerfið og gildi frjálsrar samkeppni. Því er haldið fram að samkeppnin hafi brugðist, reynst þjóðinni skaðleg, spillt verðmætum og leitt til sóunar, jafnvel ójöfnuðar. Það er eðlilegt að slíkar efasemdir komi fram þegar jafnalvarleg efnahagsleg áföll hafa dunið yfir og hér hefur gerst.

Þrátt fyrir þessar efasemdir telur Sjálfstæðisflokkurinn það ekki líklegt til árangurs að standa að endurreisn íslensks samfélags til framtíðar á grundvelli lokaðs hagkerfis, hafta, boða og banna. Þau lönd sem orðið hafa fyrir efnahagslegum áföllum hafa dregið þann lærdóm að verndarstefna er ekki til þess fallin að stuðla að endurreisn. Þvert á móti sýnir reynslan að hún stigmagnar þann vanda sem henni er ætlað að leysa. Jafnframt sýna þær hagfræðirannsóknir sem fyrir liggja að aðgerðir til þess að viðhalda og efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífs. Á henni verður endurreisnin byggð, þó þannig að vanda verði mjög til þess regluverks sem um hana á að gilda. Þannig getur Ísland aftur fest sig í sessi í fremstu röð meðal þeirra ríkja varðandi lífskjör og atvinnulíf.

Hrun fjármálakerfisins og þau áföll sem orðið hafa í íslensku atvinnulífi verða ekki skrifuð á reikning samkeppninnar. Þó er ljóst að rekja má orsakir fjármálakreppunnar sem nú geisar til ákveðinna markaðsbresta sem fólust í því að nýjar fjármálaafurðir urðu til, svo sem afleiður og vafningar, sem núverandi regluverk tók ekki tillit til. Nánast takmarkalaus aðgangur að ódýru lánsfé leiddi til óhóflegrar skuldsetningar sem atvinnulífið átti erfitt með að standa undir. Gjaldmiðillinn og peningamálastefnan reyndust atvinnulífínu og heimilunum fjötur um fót, ásamt því sem þrengingar á erlendum fjármálamarkaði leiddu til lánsfjárþurrðar um allan heim. Allar þessar ástæður og fleiri leiddu til þess ástands sem nú hefur skapast hér á landi.

SAMKEPPNI HEFUR SKILAÐ ÁRANGRI

Engu að síður verður ekki framhjá því litið að á síðustu árum hefur íslenskt atvinnulíf sýnt hversu mikill kraftur býr í okkar mannauði og fyrirtækjum. Í því samkeppnisumhverfi sem hér hefur ríkt hafa íslensk fyrirtæki haslað sér völl á nýjum mörkuðum og skapað grundvöll fyrir aukinni verðmætasköpun fyrir samfélagið auk þess að hafa skapað tækifæri fyrir okkar vel menntuðu einstaklinga. En samkeppnin hefur ekki síður stuðlað að grósku á öðrum sviðum en í hinu hefðbundna viðskiptalífi. Samkeppni í menntakerfinu hefur, svo dæmi sé tekið, umbýlt því kerfi sem við áður þekktum. Nýjar menntastofnanir hafa sprottið upp. Námsframboð hefur aukist. Nýjar greinar á sviði þekkingarsköpunar, rannsókna og menntunar hafa orðið til og svo mætti lengi telja. Þannig hefur samkeppnin stuðlað að aukinni þekkingu og færni í samfélaginu og búið til ný tækifæri fyrir komandi kynslóðir. Á þessum grunni þarf áfram að byggja.

Hrun fjármálakerfisins hefur haft það í för með sér að samkeppnisumhverfi íslensks atvinnulífs er gjörbreytt. Ríkisafskipti hafa aukist stórkostlega frá því sem áður var. Meirihluti fjármálastarfsemi landsins er nú kominn í hendur ríkisins. Með því hefur ríkið fengið í hendur víðtækt ákvörðunarvald um framtíð atvinnulífsins og fyrirtækjanna í landinu. Hætt er við að yfirvofandi rekstrarerfiðleikar fyrirtækja geri það að verkum að þeim muni fækka og samþjöppun aukast. Slíkt verður að varast í íslensku þjóðfélagi!

HELSTU VERKEFNI ...

- Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda nú er að leggja grunninn að því með markvissum hætti að eignir ríkisins í atvinnurekstri verði á ný færðar með skilvirkum og gegnsæjum hætti í hendur einkaaðila. Umfangsmikill ríkisrekstur á öllum sviðum atvinnulífsins er ekki til þess fallinn að stuðla að endurreisn samfélagsins.
- Samkeppni einkaaðila við ríkið getur aldrei eðli málsins samkvæmt verið sanngjörn eða eðlileg. Því er nauðsynlegt að skapa hér á ný samkeppnisumhverfi í atvinnulífinu þar sem jafnræði ríkir meðal þeirra sem á markaðnum starfa. Forðast ber að þar myndist umhverfi sem einkennist af fákeppni.
- Tryggja þarf að samkeppnishömlum sé rutt úr vegi og koma í veg fyrir að aðgangshindranir myndist að mikilvægum samkeppnismörkuðum. Slíkar hömlur og hindranir teifa fyrir og koma í veg fyrir þá nauðsynlegu endurreisn sem framundan er, draga úr sköpunarmætti og framþróun íslensks atvinnulífs.

ENDURMAT - ENDURREISN

Frá því að samkeppnislög tóku gildi árið 1993 hefur mikil þróun átt sér stað í íslenskum samkeppnisrétti. Markmið samkeppnislaga, sem mæla fyrir um að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, eru atvinnulífinu mikilvæg. Það sama má segja um það markmið þeirra að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum ásamt því að auðvelda aðgang nýrra aðila að markaðnum. Engu að síður er óhjákvæmilegt eftir þau áföll sem orðið hafa í íslensku efnahags- og atvinnulífi að taka til skoðunar hvort bæta megi regluverk samkeppnismála.

Verkefni næstu missera og ára er að endurreisa efnahagslífið á ný, hefja nýja sókn til framtíðar. Til þess að það takist þarf skýra framtíðarsýn, áræðni og hugmyndaauðgi. Leita þarf allra leiða til þess að skapa grundvöll fyrir atvinnuuppbyggingu á öllum sviðum. Það verður gert með því að stuðla að aukinni nýsköpun í atvinnulífinu, rannsóknnum og samkeppni á öllum sviðum.

Til þess að íslenska þjóðin nái sér upp úr þeirri kreppu sem nú geisar þarf að skapa störf og verðmæti. Þar verður einkageirinn að vera drifkraftur. Ríkið á ekki að vera leiðandi í atvinnulífinu og fólkið í landinu í vinnu hjá því.

Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að skapa umhverfi og hvata fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að fjárfesta, taka áhættu og skapa. Það verður ekki gert með umfangsmiklum ríkisrekstri sem kæfir alla samkeppni, nýsköpun, framþróun og aukna verðmætasköpun.

Á þeim þessum grunni ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að standa að endurreisn efnahagslífsins.

Höfundur: Sigurður Kári Kristjánsson

VELFERÐ BYGGÐ Á VARANLEGUM GRUNNI

Þær hugmyndir sem hér er fjallað um grundvallast hugtakinu „velferð eða hagvöxtur byggður á varanlegum grunni“. Velferð byggð á varanlegum grunni mætti kalla „snjalla, skynsama og raunhæfa hagfræði“. Nálágast skal hagvöxt með nýjum gildum og aðferðum og ekki síst nota ný vinnubrögð.

Velferð byggð á varanlegum grunni byggir á raunhæfu mati á aðstæðum, forskoti hvers þjóðfélags, samhæfingu þess og stjórnun. Aðstæður þjóðfélagsins í dag þarf eigi að fjölyrða um utan þess að leggja áherslu á raunhæft mat og aðgerðir. Forskot íslensks þjóðfélags er margskonar, t.d. mikill mannaauður, ríkar náttúruauðlindir, sterkir innviðir og margt fleira mætti telja. Samhæfing snýst um að samhæfa aðgerðir í þjóðfélaginu t.d. að sveitarfélög fjárfesti í innviðum í takti við eðlileg markmið um eftirspurn eftir lóðum. Stjórnun er að stýra öllum þáttum þjóðfélagsins af skynsemi og þá átt við að stjórna lagaumhverfi, eftirspurn eftir fjármagni, sveitarfélögum, opinberum fjármálum, peningamálastefnunni og öllum meginþáttum þjóðfélagsins með það að markmiði að hagsæld verði sem mest og sé til framtíðar. Það er ríkisstjórnarinnar að stýra þjóðfélaginu eins og það er skipstjórans að stýra skipi sínu. Meginþættir þjóðfélagsins þ.e. allir þeir þættir sem hverju sinni hafa mestu áhrif á hagsæld sé haldið utan um af einni stofnun þannig að ákvarðanataka ríkisstjórnar verði í takti við aðstæður og framtíðarsýn landsins.

Hugmyndafræðin grundvallast ekki síst á að stjórna þjóðfélaginu með markvissum hætti og skýrri framtíðarsýn en samhliða að virkja framtak og eldmód einstaklingsins.

Með þessa hugmyndafræði að leiðarljósi væru brýnustu verkefni mitt í öldudal kreppunnar til dæmis ...

Í FYRSTA LAGI AÐ RÍKISSTJÓRN LANDSINS GRÍPI TIL RÉTTRA AÐGERÐA Á RÉTTUM TÍMA. Ríkisstjórn landsins vinni þétt með verkalýðshreyfingunni, atvinnulífínu og öllum hagsmunaaðilum að endurreisnaráætlun íslensks þjóðfélags. Áætlunin taki á öllum meginþáttum þjóðlífsins þ.m.t. hverskonar störf ætlunin er að skapa hérlandis, verðbólguþættum, vaxtastig, hagvexti og öllum helstu hagstærðum sem hafa áhrif á hagsæld og hagvöxt. - Skammtímalausnir mega ekki koma niður á langtímaárangri – stjórnvöld mega ekki veigra sér við að taka óvinsælar ákvarðanir og verða að leita allra leiða til að skapa um þær samstöðu sé þess nokkur kostur. Ríkisfjármálum verður að vera stýrt á ábyrgan hátt, sérstaklega í kreppunni, en útþenslunni verður að linna líka til lengri tíma lítið. Samhæfi þarf úrvinnslu þjóðhagslegra upplýsinga til að samhæfa aðgerðir ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins og gera ákvörðunartöku markvissa.

Í ÖÐRU LAGI AÐ SKAPA VARANLEGT FJÁRMÁLAKERFI SEM ÞJÓNAR ALMENNINGI OG FYRIRTÆKJUM MEÐ FRAMÚRSKARANDI HÆTTI. Ná þarf tókum á gengi krónunnar og ef það er lausn að semja við eigendur jöklabréfa að skipta þeim út fyrir ríkisskuldabréf til 5, 10 eða 15 ára þá skal ganga rösklega til verka! Þannig þarf að kortleggja allar aðgerðir sem þarf að grípa til þannig að gengi krónunnar styrkist. Ræða þarf við alla kröfuhafa þar sem lykill að fjármagni og sérstaklega erlendu fjármagni sem og virkni bankanna ræðst af þátttöku þeirra.

Í ÞRIÐJA LAGI OG SAMHLIÐA UPPBYGGINGU FJÁRMÁLAKERFISINS VERÐI HRUNDIÐ AF STAÐ MARKVISSUM AÐGERÐUM TIL AÐ REISA VIÐ ATVINNULÍFIÐ. SA, VÍ, ASÍ og fleiri aðilar hafa komið með ítarlegar tillögur fram og nú þegar hefur verið fundað með þessum aðilum og nú ríður á að flokka aðgerðir eftir áhrifamætti þeirra. Þannig verður verkefnum og aðgerðum forgangsraðað eftir skilgreindum og gegnsæjum atriðum t.d. hvað skapar mestan fjölda starfa á sem skemmstum tíma, fyrir þá sem eru atvinnulausir í dag o.s.frv. Á vissan hátt þarf þjóðarsátt í dag!

Í FJÓRDA LAGI VERÐI GRIPIÐ TIL AÐGERÐA GAGNVART HEIMILUNUM. Nýlega kom fram athyglisverð tillaga sem er að þeir sem hafa keypt heimili eftir 2005 geti skuldbreytt helmingi sinna skulda í kúlubréf þ.e. eingöngu eru greiddir vextir og jafnvel engir næstu tvö ár eða þann tíma sem samdrátturinn mun vara. Leita þarf álika lausna, meta kosti og galla og valkosti en umfram allt grípa til aðgerða! Ef heimilin hafa ekkert ráðstöfunarfé þá verður eftirspurn lítil sem engin og þeim mun erfiðara fyrir atvinnulífið að ná sér á strik. Leggja þarf af frasakenndan talsmáta og grípa frekar til raunhæfra aðgerða sem skapa þá umgjörð um okkar heimili að hér vaxi úr grasi heilbrigðir, skapandi og góðir einstaklingar sem halda áfram því uppbyggingarstarfi sem við ætlum nú að hefja! - Verum raunhæf og skiljum aðstæður fjölskyldna og tókum síðan til markvissra aðgerða. Glæðum neistann meðal ungs fólks í stað þess að valda því ótta um framtíð sína! Notum tækifærið og horfum til Norðurlandanna með lánafyrirkomulag til húsnæðiskaupa og vinnum það með lífeyrissjóðum landsins.

Í FIMMTA LAGI VERÐA ALLIR AÐ SKYNJA ÞAÐ JAFNVÆGI SEM ÞARF AÐ RÍKJA HÉRLENDIS. Jafnvægi hefur margar birtingarmyndir t.d. verða fyrirtæki að gæta vel að verðlagningu eða álagningu þar sem há álagning minnkar eftirspurn sem hamlar vexti þeirra. Virk samkeppni skapar einnig visst jafnvægi og því þarf að gæta að virkri samkeppni. Jafnvægi þarf að ríkja í samræmingu verkefna t.d. milli sveitarfélaga og ríkisins.

Í SJÖTTA LAGI ÞARF AÐ BYGGJA UPP VERÐBRÉFAMARKAÐI HÉRLENDIS og kanna með hvaða hætti væntanlegur fjárfestingasjóður lífeyrissjóðanna getur selt og skráð fyrirtæki á markað. Tvinna mætti saman þennan fjárfestingasjóð eða fasteignafélög og skattaafslátt í tengslum við skráningu á markaði. Endurvekja þarf traust á fjármálamarkaðnum og það tekur tíma en það þarf að hefjast handa, láta hendur standa fram úr ermum.

Í SJÖUNDA LAGI ÞARF AÐ EFLA SAMRÁÐ OG AUKA MARKVISST SAMSTARF VIÐ LÍFEYRISSJÓÐI LANDSINS og t.d. byggja skipulegan verðbréfamarkað í samstarfi við þá. Ekki má ekki gleyma að það eru góðir stjórnarhættir sem skapa góðan og traustan verðbréfamarkað og má benda á útgáfu Viðskiptaráðs Íslands í þessum efnun. Má samhæfa aðkomu lífeyrissjóða að nýsköpun og skattaafslátt til slíkra fyrirtækja? Má gefa almennt skattaafslátt fyrir að auka rannsóknir og þróunarstarf hérlendis? Mætti sameina aðila sem eru að vinna að nýsköpun og tvinna saman þá aðila og lífeyrissjóði?

Í ÁTTUNDA LAGI ÞARF RÍKIÐ DRAGA ÚR RÍKISREKSTRI OG AÐ TAKA AF FESTU Á OPINBERRI STJÓRNSÝSLU SEM OG ENDURSKOÐA REKSTUR SVEITARFÉLAGA. Það er staðreynd að það er ekki opinber starfsemi sem rifur okkur uppúr kreppunni! Það er einkageirinn sem það gerir og þessi staðreynd þarf að vera öllum ljós m.a. opinberum aðilum. Sveitarfélög hafa verið í innbyrðis samkeppni um íbúa og atvinnufyrirtæki og hafa fjárfest grimmt undanfarin ár. Þannig er hugsanlegt að þau hafi magnað eignabóluna fyrst með lóðaskorti en svo átt þátt í fallinu með gríðarlegu framboði af lóðum. Sveitarfélög sem og ríkið eiga einmitt að dempa sveiflur í hagkerfinu en ekki magna þær. Sameina mætti sveitarfélög t.d. á höfuðborgarsvæðinu sem og víðar en hagræðing er augljós. Á tímum sem nú ríkja ættu sveitarfélögin að lækka álögur á fyrirtæki og einstaklinga enda ekki sjálfgefin staðreynd að velta afleiðingum slæmra ákvarðana á þessa aðila. Stjórnvöld sýni gott fordæmi og fari í gagnera endurskoðun á ríkisrekstri. Hægt að spara dágóðar upphæðir með skynsamlegum niðurskurði. Nauðsynlegt að standa vörð um þau verkefni sem sammælt er um að skattfé skuli standa undir. Önnur verkefni væri hugsanlega hægt að koma í hendur einkaaðila og þannig ýta undir ýmis konar atvinnusköpun í einkageiranum ásamt nauðsynlegri hagræðingu hjá ríkinu. Slíkt gæti einnig haft í för með sér jákvæða þróun í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.

Í NÍUNDA LAGI ÞARF AÐ DRAGA ÚR SÓUN HVERJU NAFNI SEM HÚN BIRTIST. T.d. mætti meta hvort sameina mætti ríkisstofnanir o.m.fl. Hættum að sóa hugmyndum og tíma. Föllum markmið sem eru skynsöm, auðskiljanleg og virka „núna“ en sé samt varanleg til framtíðar. Tryggjum að sóun hverfi hjá ríki sem og sveitarfélögum og starf þeirra einkennist af fyrirmyndar vinnubrögðum. Tryggja þarf markvissa upplýsingavinnslu helstu hagstærða til að ríki, sveitarstjórnir, fyrirtæki, einstaklingar o.fl. geti tekið skynsamur ákvarðanir.

Í TÍUNDA LAGI ÞARF AÐ ENDURHEIMTA TRAUST LANDSINS og láta það fylgja kennslusögnum um Ísland að það hafi lent í einni dýpstu kreppu sem um getur en vegna einstaks átaks landsmanna þá vann landið sig úr erfiðri stöðu á það skömmum tíma að annað eins hefur ekki þekkt!

Utan þess sem að ofan greinir og er einkum forgangslisti aðgerða til að endurreisa þjóðfélagið með það markmið að hagvöxtur skili sér sem fyrst. Endurmeta þarf gildi t.d. með upptöku siðareglna sbr. siðareglur Verkfræðingafélags Íslands. Hættum að sóa hugmyndum og tíma. Föllum markmið sem eru skynsöm, auðskiljanleg og virka „núna“ án þess að tapa sýn á langtímahagsmuni og marmið. Upplýsum þjóðina um stöðu þjóðarbúsins t.d. með því að ný Þjóðhagsstofnun geri almenningi kleift að lesa helstu hagstærðir. Hættum frasakenndu tali og tölum við fólk með markvissum hætti enda eru Íslendingar einstaklega hæft og upplýst fólk. Kjarkur og þor eru grundvallarþættir í sálu lands og þjóðar – það hefur hins vegar skort á raunsæi og skipulagningu. Virðum orkunýtingu og förum vel með orkulindir okkar og bæði hvað varðar nýtingu þeirra og ekki síst til hvaða verkefna þær eru nýttar.

Til að taka af allan vafa er „velferð byggð á varanlegum grunni“ EKKI forsjarhyggja af neinu tagi! Kjarninn er að þjóðarúinu sé stjórnad eins og heimili eða fyrirtæki þ.e. hagsýni, árangur, skipulag, markmið og mannleg gildi ráði ríkjum. Þannig setji stjórnvöld sér markmið og leiðir að markmiðum eins og hvert annað vel rekið fyrirtæki. Ríkið hefur þó önnur markmið en fyrirtæki og einkum félagsleg en í störfum sínum á ríkið að tileinka sér framúrskarandi vinnubrögð í daglegri starfsemi og við gerð framtíðaráætlana. Þannig skapar ríkið ramman af þjóðfélagi sem einkennist af tækifærum þar sem íbúar geta látið drauma sína rætast.

Við eigum einstakt tækifæri til að byggja upp einstakt þjóðfélag og það er Sjálfstæðisflokksins að leiða það starf. Leiði hann ný vinnubrögð mun flokkurinn skapa sér viðvarandi og verðugan sess meðal þjóðarinnar.

Höfundur: Birgir Ómar Haraldsson

HVAÐ Á AÐ GERA OG HVAD SKAL VARAST?

ÞAÐ SEM ÞARF AÐ GERA ER ...

1. Ríkisstjórnin geri strax tímasetta áætlun þar sem tilgreindar eru aðgerðir til endurreisnar, flokkaðar eftir mikilvægi, árangursvon, sjálfbærni og framkvæmanleika, um leið og áætlunin liggur fyrir verði henni fylgt út í æsar og jafnvel sett í lög.
2. Ríkisstjórnin geri í framhaldi tímasetta langtíma aðgerðaskrá til þriggja ára, þar sem kostnaður og tekjur eru skilgreindar, umrædd áætlun verði leidd í lög.

3. Heimilum verði boðið upp á kúlulán til 2012 þar sem óviðráðanlegar skuldir verði settar inn verðbætt en með lágmarks vöxtum.
4. Viðskipti skapa störf, og því er heiðarleg, vel grunduð og sanngjörn samkeppni sem skapar fjölbreytt atvinnulíf nauðsynleg hverju samfélagi og einn lykillinn að uppbyggingu hins hagsýna hagkerfis framtíðarinnar.
5. Skattkerfi verði breytt þannig að hvatning aukist til rannsókna og nýsköpunar innan núverandi atvinnulífs.
6. Skattkerfið verði tekið til endurskoðunar og einföldunar á grunni gegnsæis, réttlætis og í takti við hið hagsýna þjóðfélag.
7. Ríkisstjórnin þarf að skýra aðkomu sína að stjórnun bankanna, og undirbyggja eðlilega þátttöku þeirra í uppbyggingarstarfi.
8. Það þarf að endurreisa trúverðugan verðbréfamarkaði, með endurskoðun reglna og tímabundnum skattafslætti vegna hlutabréfakaupa. Koma þarf ríkiseignum fljótt í dreifða eign landsmanna með gagnsæjum hætti.
9. Ríkisstjórnin efli samráð og auki markvisst samstarf við verkalýðshreyfinguna, samtök atvinnulífs og lífeyrissjóði landsins um fjárfestingar og uppbyggingu.
10. Ríkisstjórnin þarf að fara af stað með endurskoðun á skiptingu verkefna og tekjuskiptingu við sveitarfélög. Auka þarf samráð og forðast sóun.
11. Sjálfstæðisflokkurinn stofni siðanefnd sem er fulltrúum flokksins til stuðnings í siðferðislegum álitaefnum.
12. Gæta þess að umburðarlyndi ríki gagnvart hugmyndum og skoðunum annarra og að málefnaleg og rökstudd gagnrýni sé viðurkennd sem orðið segir þ.e. „rýni til gagns“.
13. Endurheimta þarf traust landsins með því að sýna að við horfumst í augu við mistök fortíðar, lærum af þeim og verðum þekkt fyrir að hafa unnið okkur út úr núverandi ástandi með glæsibrag.

ÞAÐ SEM ÞARF AÐ VARAST ER ...

1. Skort og tafir á upplýsingum og vöntun á gagnsæi.
2. Lausatök á stjórn og aðgerðum ríkisstjórnar og flótti undan ábyrgð.
3. Misræmi í aðgerðum, t.d. ríkisstjórnin mælist til slaka í innheimtu en stofnanir og bankar keyra innheimtu af hörku.
4. Aðgerðir sem fresta vanda fólks án þess að skilgreint sé hvað taki við að lokinni frestun.
5. Aðgerðir sem eru settar í gang til vinsældaveiða og skamms tíma.
6. Aðgerðir án skilgreinds kostnaðar, takmarks og árangurs.

7. Klíkuskap og spillingu við endurúthlutun þeirra gríðarlegu eigna og gæða sem ríkið situr nú uppi með. Varast skal sýndarmennsku í þjóðfélagsumræðu og sýna ábyrgð til orðs og æðis.
8. Aðgerðalaust orðagjálfur sem hlaðið er „stefnt skal að“ og þess háttar frösum, og gæta þess að umræðan sé byggð á rökum og staðreyndum.
9. Hroka gagnvart þegnum í samræðum, upplýsingagjöf, yfirlýsingum og aðgerðum.
10. Fórna ekki langtímahagsmunum fyrir skammtímagróða.

LOKAORÐ

Arfleifð okkar ræðst af dómi afkomenda okkar og hlutskipti þeirra. Verndun sjálfstæðis og samfélags þar sem einstaklingurinn er frjálst og getur eftir sína farsæld í öryggi og sátt við samfélagið byggir á því að grundvallargildi sjálfstæðisstefnunnar séu virk í uppbyggingu á nýju samfélagi.

Ábyrgð okkar er að sjá til þess að frelsi einstaklinga verði ekki öðrum að skaða. Ábyrgðarlaus hegðun má ekki umbera. Traust byggir á því að einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld sýni ábyrgð og byggji þannig upp siðferði og sátt í samfélaginu. Grundvallarsjónarmið Sjálfstæðisflokksins um að einstaklingur hafi frelsi til að velja og sýni ábyrgð, er forsenda þess að virkja megi slíkt traust á milli aðila í samfélaginu.

Við teljum að samfélagið þurfi að taka stöðuna eins og hún er og byggja á raunhæfri skoðun en ekki óskhyggju. Við teljum að endurreisn byggji á eðlilegri samkeppni og frelsi en ekki forsjarhyggju og stöðnun. Við teljum að það þurfi að virkja mannauðinn í samfélaginu með virkum aðgerðum til að styðja og styrkja athafnaþrá og sköpunargleði sem býr í okkur. Markvissar aðgerðir þarf til þess að fá fram virkari viðbrögð og skjótari endurreisn.

Hin sigildu gildi sjálfstæðisstefnunnar verða og eiga að vera efniviður og stefna okkar allra við það uppbyggingarstarf sem framundan er, starf þar sem allir þurfa að koma að og hafa sitt að segja. En til þess að flokkurinn geti orðið málsvari í þessum málum öllum þarf hann einnig að taka til í eigin garði. Í því felst til dæmis að Sjálfstæðisflokkurinn gangi fram með skýru fordæmi með því að setja siðareglur til þess að efla starf flokksins. Og að það verði sett upp siðanefnd til þess að takast á við álitamál í stjórn málaumræðunni og styðja þannig starf flokksins og forsvarsmanna hans. Með því mætti leggja grunn að grasrótartvívangi fyrir umræðu og upplýsingagjöf um málefni sem lúta að siðferðilegum álitamálum sem upp koma og skaðað geta flokkinn og fulltrúa hans.

En þrátt fyrir að nú séu tímar erfiðleika og hruns þá má aldrei gleyma, né missa sjónar á því að Íslendingar hafa allar forsendur og möguleika til þess að rísa upp úr þeim erfiðleikum. Við höfum margsýnt að í þjóðinni býr kraftur sem engu er líkur og sama á hverju gengur þá stöndum við ætíð bein og tókumst á við það sem í fang okkar fellur.

Sjálfstæðisflokkurinn getur verið sá burðarbiti umræðu og aðgerða sem þjóðin þarf á að halda og mun að sjálfsgöðu standa undir þeim kröfum og væntingum sem til hans eru gerðar í framtíðinni rétt eins og hann hefur staðið undir þeim í fortíðinni.

Þau gildi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt allt frá stofnun 1929, eiga enn við í dag og hafa verið leiðarljós forystumanna flokksins og flokksins sjálfs síðan þá. Jón Þorláksson orðaði það svo í grein í Heimdalli 1930 skömmu eftir stofnun Sjálfstæðisflokksins:

„Sjálfstæðið inn á við með einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi er hinn annar höfuðþáttur stefnunnar. Að hver einstaklingur fái að efla krafta sína og neyta krafta sinna innan marka laga og siðgæðis sjálfum sér, sérhverri stétt og þjóðinni allri til aukinnar velgengni og menningar ...“

Við þessi orð Jóns Þorlákssonar er í raun engu að bæta.

Eftirfarandi störfuðu í vinnuhópnum:

Elías Pétursson, formaður, Björn Vernharðsson, ritari, Birgir Ómar Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Egill Jóhannsson, Einar Vilhjálmsson, Hildur Dungal, Sigurður Kári Kristjánsson, Steinn Logi Björnsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson

4

ATVINNULÍF OG FJÖLSKYLDUR

ÖFLUGT OG ÁBYRGT ATVINNULÍF – BAKHJARL FJÖLSKYLDNANNA

INNGANGUR

Ísland býr yfir sérstakri fegurð, mannaudi og náttúruauðlindum, sem geta fært okkur mikil lífsgæði. Við eigum einstaka sögu, tungumál og menningu og höfum sterkar taugar til alls þessa. Aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu er í fremstu röð. Auðlindir landsins munu tryggja okkur vöxt og atvinnu til lengri tíma litið. Fjölskyldubönd eru sterk og hefur þetta allt hvatt fólk til að búa og ala börn sín upp hér á landi. Fámennt samfélag felur í sér eftirsóknarverða nánd við kjörna fulltrúa, mögulega dreifingu valds og ábyrgðar og dýrmæta umhyggju fyrir einstaklingnum, sem ekki verður komið við í miklu fjölmenni. Í þessu felast ómetanleg verðmæti, sem ekki er gengið að annars staðar. Sjálfstæðisflokkurinn metur, verndar og eykur þessi verðmæti.

Framundan eru erfiðir tímar fyrir fyrirtæki og fjölskyldur. Eignir hafa tapast, tekjur minnkað, margir hafa misst vinnuna og svigrúm til að bregðast við hefur þrengst. Mikilvægt er að fólk rifji upp sigild gildi og taki þátt í að bæta þjóðarhag. Við munum fara í gegnum þrengingar og krafa verður gerð um skilning, aðhald og aga á öllum sviðum þjóðlífsins. Þótt við glímum við vanda í bráð meguum við ekki missa sjónar á markmiðum okkar. Við verðum að ganga djörf og þrautseig til verka, velta við hverjum steini og hafa hag fjölskyldna og atvinnulífs í fyrirrúmi. Þannig munum við vinna okkur út úr vandanum fyrir en varir.

FRELSI SEM ÁBYRGÐ FYLGIR

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við stjórnvölinn s.l. 18 ár. Þessi ár hafa verið ein mestu vaxtar- og velgengnisár í sögu landsins. Landsmenn hafa allir með einhverjum hætti notið þessa. Á hinn bóginn endaði þetta vaxtarskeið með ósköpum. Það mikla frjálsræði sem viðskiptalífínu var búið, reyndist mörgum ofviða, ekki síst fjármálafélögum, og var jafnvel misnotað af sumum. Á sama hátt sofnuðu stjórnvöld á verðinum og gættu ekki að því aðhaldi og þeim aga í peninga- og ríkisfjármálum sem þróunin kallaði á. Sjálfstæðisflokkurinn verður að kannast við mistök í þeim efnunum.

Allt frelsi er háð forsendu um aga og ábyrgð. Frjálst markaðskerfi er án vafa besta og skyn-samlegasta leiðin í atvinnulífinu en til að komist verði hjá miklum hagsveiflum þarf stjórn peninga- og fjármála ríkisins að vera á styrkri hendi stjórnvalda, rétt eins og löggæsla. Frelsi án ábyrgðar getur leitt til ójöfnuðar. Þess vegna þarf ábyrgð jafnan að fylgja frelsi og er í raun forsenda þess. „Frelsi sem ábyrgð fylgir“ þarf að vera meðal helstu áhersluatriða Sjálfstæðisflokksins í uppbyggingarstarfinu.

Svo miklar breytingar hafa orðið á umhverfi og aðstæðum okkar að líkja má við hamfarir. Fyrirtæki í landinu eru sum hver á heljarþröm. Vaxtastigið er sligandi og þjónusta nýju bankanna óviðunandi. Þetta, ásamt gjaldeyrishöftum, gerir rekstur margra fyrirtækja og heimila afar örðugan. Fjöldagjaldþrot og stórfellt atvinnuleysi blasa við. Þó að atvinnuleysi sé eitthvert erfiðasta félagslega vandamálið hefur þetta fólk fjölbreytta menntun, hæfileika og reynslu. Þá auðlind þarf að virkja, síst má þjóðin missa fjölda hæfs og vel menntaðs fólks úr landinu. Munum að sóknarfæri skapast á umbrotatímum.

Sjálfstæðisflokkurinn verður að skapa traust á ný. Gangast við mistökum, tryggja virka miðlun hins opinbera á upplýsingum og raunverulegt gegnsæi í takt við kröfur tímans og setja reglur um siðferði í viðskiptum og virka samkeppni. Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggja að eftirlitsstofnanir verði þannig úr garði gerðar að þær sinni verkefnum sínum vel.

STEFNUMIÐ

A. ATVINNULÍF

Hagsmunir fyrirtækja og heimila eru samofnir. Vinnustaðir okkar og vinnufélagar eru snar þáttur í lífi okkar. Sambandið við vinnufélagana er vináttusamband sem við viljum ekki vera án og samband atvinnurekanda og starfsmanns felst oftast en ekki í gagnkvæmu trausti og virðingu. Við kunnum að meta ábyrgðartilfinningu stjórnenda gagnvart starfsmönnum og fjölskyldum þeirra og veitum athygli samstöðu og hollustu starfsmanna við atvinnurekandann á móti. Samstaða á erfiðleikatímum sést vel þegar aðilar taka höndum saman um að bjarga þessum verðmætum, eins og nú hefur víða gerst með almennri samþykkt starfsmanna á skertum starfskjörum. Við viljum hlúa að þeirri dýrmætu vinnustaðamenningu sem í þessu öllu felst og teljum vist að hún verði endurgoldin þegar betur árar.

Þjóðin stendur á erfiðum tímamótum og risavaxin verkefni við uppbyggingu efnahagslífsins eru framundan. Þess vegna gefst nú meira rúm fyrir nýja hugsun og sköpun. Nýsköpun er mikil í atvinnulífinu. Nú þarf að efla og verðlauna þetta framtak og skapa vettvang fyrir frumkvöðla. Vegna óvissu um atvinnu verður að leggja í senn áherslu á nýja starfsemi og að vernda það sem fyrir er. Sú framleiðsla eða þjónusta sem aflar eða sparar gjaldeyri gengur fyrir.

Við núverandi aðstæður er sérhvert atvinnufyrirtæki dýrmætt. Öllu skiptir að koma umgjörð atvinnulífsins í lag með því að endurreisa banka og hlutabréfamarkað. Innlendir sparnaður vex í efnahagslægðum og verður mikilvæg uppspretta lánsfjár á viðráðanlegum kjörum, bæði til fjölskyldna og fyrirtækja. Hvetja ber almenning til að taka þátt í að endurreisa atvinnulífið og þar með hag heimila. Jafnframt þarf almenningur að hafa traust á að vel sé farið með sparnað. Á ný þarf að taka upp skattalega hvata til sparnaðar og fjárfestingar og gæta þess að vel sé farið með sparnað.

Eftirlitsstofnanir ríkisins þurfa að virka vel og stöðugleiki að ríkja í starfsskilyrðum fyrirtækja. Æskilegt er að sem flestir hafi atvinnu og taki þátt í endurreisninni. Því er betra að minnka starfshlutfall fólks, en að hluti landsmanna vinni undir álagi við að borga þá skatta sem fara í að greiða hinum atvinnulausu bætur. Að halda ráðningarsambandi launamanna og atvinnurekanda og

nýta tímann til símenntunar er dýrmætt. Sveitarfélög ættu að ráðast í vinnuafsfrekar framkvæmdir á næstunni.

B. FJÖLSKYLDUR

Á Íslandi geta hlutirnir gerst hratt og mögulega á hraða sem óhugsandi þykir í fjölmönnum ríkjum. Mikilvægt er því að doði færast ekki yfir samfélagið og dragi úr eljusemi og krafti fólks. Skilaboðin þurfa að vera þau að hér sé verk að vinna og þörf á öllum sem vettlingi geta valdið til að viðhalda og bæta samfélagið. Allir hafi hlutverk. Til að einstaklingar njóti sín til fulls og þar með heimilin þarf að sinna grunnþörfum eins og húsnæði og atvinnu. Það er enginn hagur í því að reka fjölskyldur sem komnar eru í greiðsluþrot úr íbúðarhúsnæði sínu þegar mikið er um tóm og ónýtt húsnæði.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

A. ATVINNULÍF

Verndarstefna samrýmist ekki hugmyndum um frelsi og samkeppni í viðskiptum. Á tímum sem þessum ryður hún sér samt til rúms meðal þjóða og fáum við litlu ráðið um það. Ríki og sveitarfélög þurfa því að deila stærra verkefnum niður í verkþætti til að auðvelda innlendum fyrirtækjum að bjóða í verk. Nú er hagkvæmt heildinni að taka innlendu tilboði þegar það veldur því að fólk flyst af atvinnuleysiskrá í vinnu og því þarf að skipuleggja útboð þannig innan þeirra marka sem EES reglur leyfa. „Eflum íslenskt“ og „kaupum íslenskt“ á aldrei betur við en nú. Mikilvægt er að aflétta gjaldeyrishöftum sem fyrst, þannig að eðlilegum viðskiptum verði aftur komið á.

Íslendingar þurfa að leysa sig út úr viðjum vanans og hugsa heilbrigðismál og menntamál upp á nýtt, rétt eins og aðra þætti samfélagsins með áherslu á sjálfbærni og skilvirkni fyrir augum. Tengja þarf skólana betur raunhæfum verkefnum einka- og atvinnulífs. Í heilbrigðiskerfinu þarf að svara áleitnum siðfræðilegum spurningum svo hægt sé að forgangsraða verkefnum. Með forgangsröðun má fjölga vinnandi höndum og spara kostnað með bættu skipulagi. Tímabært er að gera starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu frjálssara utan sjúkrahúsanna, með þróun og útlutning að markmiði. Allir læknar og fleiri heilbrigðisstéttir hafi aðgang að viðskiptum við Tryggingastofnun og skuldbindi sig til að veita fólki þjónustu á grundvelli jafnréttis. Greiðsluþátttaka almennings verði einföld og réttlát.

Viða um byggðir landsins eru fámenn samfélög sem lengi hafa barist fyrir tilveru sinni. Þessar byggðir eiga nú, með nýtingu náttúrugæða til lands og sjávar, snaran þátt í matvælaöryggi og gjaldeyrisöflun landsins, á erfiðum tímum. Þrátt fyrir að hafa lengi búið við erfið kjör eru þau mikilvæg fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að gefa gaum að samheldni fólksins á þessum stöðum og sinna óskum þess um félagslegt réttlæti. Nálægð við auðlindir landsins er grundvöllur byggðanna og virða ber sögulegan rétt þeirra til að hafa aðgengi að þeim. Nýting þeirra á auðlindum landsins með þeim hætti sem kallar á litla fjárfestingu kann að vísa veginn á næstu árum, á meðan aðgengi að erlendu lánsfé verður takmarkað.

B. FJÖLSKYLDUR

Þótt yfirgnæfandi meirihluti fólks hafi kunnað fótum sínum forráð á undangengnum þenslutímum hafa margir ekki lagt næga áherslu á sparsemi og nægjusemi. Því er nauðsynlegt að snúa við. Stjórnvöld þurfa að stuðla að því að sem flestir taki þátt í uppbyggingu og verkefnum sem henta hverjum og einum. Mikilvægt er að fólk ráði verkefnum sínum því það veit sjálft best hvar þeirra framlag skilar sér. Virkja þarf framtak einstaklinga, ekki síst ungt fólk svo það flytji ekki úr landi. Flutningar utan gætu aukist verulega ef fólk missir trú á að hér náist að endurreisa efnahagslífið fljótlega.

Verðtrygging, erlend lán, vextir, endurgreiðslutími og endurfjármögnun lána skipta heimili, sem þurfa að aðlagast gjörbreyttu efnahagsástandi, miklu máli. Samningar þurfa að vera sveigjanlegir, án þess þó að viðhalda óraunhæfu ástandi. Einhliða skilmálar banka eru áhyggjuefni og þeim síst til framdráttar. Þótt bann við verðtryggingu sé ekki tímabært má þrængja að notkun hennar og gera kröfur til banka um sanngjörn kjör. Bankar hafa t.d. nýlega tekið upp í skilmála sína einhliða rétt til að breyta vaxtaálagi erlendra lána. Því er lagt til að skuldurum gengisbundinna íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vaxtaálag sitt út lánstímann eins og það var við lántöku.

Ráðgjöf banka í húsnæðismálum síðustu árin og verðbólguforsendur við lántöku stóðust ekki. Á sama tíma munu bankar, eigendur þeirra og stjórnendur, hafa tekið stöðu gegn krónunni og valdið með því hækkun höfuðstóls lána, bæði myntkórfulána og vísitölulána. Eins sýndu erlendir lánveitendur bankanna íslenskum heimilum og fyrirtækjum ábyrgðarleysi, þegar þeir fengu gömlu bönkunum ráðstöfunarfé sem þeir máttu vita að þeir gátu ekki endurgreitt. Raunvextir hafa farið hækkandi á markaði og munu hugsanlega hækka enn þegar líður á árið. Á þessu ári munu bankar taka að endurskoða vexti þegar veitra íbúðalána, en þeir voru oftast ákveðnir til fimm ára í senn. Raunverð fasteigna hefur þegar lækkað, en hætt er við verðfalli á fasteignamarkaði hækki þessir vextir tilfinnanlega. Það mundi aftur auka mjög á efnahagsvandann. Fyrir þetta þarf að girða án tafar.

Komið hefur fram áhugaverð hugmynd um að bjóða þeim sem eru í erfiðleikum með íbúðalán, en eiga þó fyrir skuldum, að breyta hluta af skuld sinni í eingreiðslulán, sem gjaldfalli ásamt áföllnum vöxtum eftir allmörg ár, þegar vænta má að efnahagslífið og verð á fasteignamarkaði verði farið að rétta úr kútnum. Almenn eftirgjöf skulda er ekki fær leið þar sem hún yrði á endanum greidd að mestu úr sameiginlegum sjóðum og þar með af þeim sem fóru varlega í fjárfestingum sínum og lántökum.

AÐGERÐIR OG HVERS BER AÐ GÆTA?

A. ALMENNAR AÐGERÐIR, LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

Við óvenjulegar aðstæður verður að virða réttlætiskennd fólks, verja kaupmátt almennings og skapa forsendur fyrir trú á framtíðina.

Hagur atvinnulífs og almennings er svo samofinn, að án öflugs atvinnulífs munu líf skjör hrynja. Dýrtíð, minnkandi kaupmáttur og versnandi líf skjör brenna á fólki, á sama tíma og atvinnuleysi og óöryggi á vinnumarkaði vex. Kaupmátt fólksins verður að verja eftir því sem unnt er. Það hefur bein áhrif á atvinnustigið í landinu og möguleika til nýsköpunar. Greiðslubyrði íbúðalána er mörgum óviðráðanleg. Er því ekki að undra vantraust margra til helstu stofnana samfélagsins. Þá er eðlilega gerð krafa um að þeir sem sök bera á hruninu og þeir sem með blekkingum tókst að raka saman fé verði dregnir til ábyrgðar. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra fjölskyldna sem fóru varlega og ekki færðust of mikið í fang í þenslunni mun reynast sá styrkur sem fleytir þjóðinni yfir erfiðasta hjallann.

Einkaeign á íbúðarhúsnæði er markmið okkar, en í ljósi óvenjulegra erfiðleika þarf nú að bjóða upp á sérstakar og öflugar lausnir. Fátt veldur meiri óvissu og áhættu nú en verðþróun fasteigna. Setja ber því sem fyrst „öryggisnet“ undir fasteignamarkaðinn og með því koma heimilum sem eru að missa húsnæði sitt í skjól. Íbúðalánasjóður þarf að geta eignast hluta fasteignar, sem þá verður leigður fólki og síðar seldur því til baka þegar betur árar. Eins má strax efla fasteignaleigufélög, sem taki við íbúðum fólks sem sér fram á að missa eignir á uppboð, en fólkið fái kauprétt á móti. Skuldir umfram markaðsverðmæti mundu þá réttilega færast á afskriftarsjóði bankanna.

Efla þarf traust almennings á því að allt sé gert sem hægt er til að lágmarka tjón heimilanna, án þess þó að velta vandanum yfir á fólk sem fór varlega.

RÁÐSTAFANIR SEM GERA MÁ STRAX – ATVINNULÍF

- Lækka verður stýrivexti strax og koma þeim á stuttum tíma í það horf sem er í nálægum löndum. Verðbólgan hefur þegar lækkað nógu mikið til þessa og má vísa því til stuðnings til hreyfingar vísitalna á fyrstu mánuðum ársins.
- Lánaþjónusta við fyrirtækin hefjist strax. Seðlabankar í sumum löndum lána nú stórum atvinnurekendum neyðarlán beint. Dragist enn að bankar láni má með litlum fyrirvara hefja slíka neyðarþjónustu, gegn því að bankinn láni, með samþykki síðari veðhafa.
- Brýnt er að ekki verði gengið að atvinnurekstri sem er að þrotum kominn, en hefur rekstrargrundvöll. Sé gengið að fyrirtækjum í stórum stíl þýðir það að fjöldi fólks, þ.m.t. fólk í skilum, missir atvinnu sína og lendir í vanskilum.

RÁÐSTAFANIR SEM GERA MÁ STRAX – FJÖLSKYLDUR

- Íbúðaeigendur eigi kost á að breyta hluta íbúðalána sinna í eingreiðslulán, að því marki sem þau eru umfram fasteignamat íbúðar, en innan markaðsverðs (matsverðs). Lánastofnun verði skylt að verða við þessum óskum.
- Fasteignaleigufélög á frjálsum markaði verði eflað og hlaupi undir bagga með fólki sem skuldar íbúðalán umfram markaðsverðmæti eignar og sér fram á að missa íbúðir sínar. Félögin leysi eignir til sín og leigi íbúum, gegn yfirtöku lána. Fólknið fái einhliða endurkaupsrétt að íbúðunum á matsverði.
- Ákveðið verði að vextir af öllum verðtryggðum lánnum skuli eftirleiðis vera fastir vextir allan lánstímann. Skuldurum verðtryggðra íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vextina út lánstímann á þeim vöxtum sem nú eru í gildi. Skuldurum gengisbundinna íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vaxtaálag þeirra út lánstímann eins og það var við lánveitingu.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir „sátt“ um raunvexti næstu árin. Sáttin nái til ávöxtunar sparifjár og ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða, en Seðlabanki auglýsi verðtryggða útlánsvexti á tímabilinu.

Höfundur: Ragnar Öundurson

HUGLEIÐINGAR UM ATVINNULÍFIÐ OG HAG HEIMILANNA

Öllu skiptir að koma umgjörð atvinnulífsins í það horf sem tíðkast á Norðurlöndum og N-Evrópu með því að endurreisa bankana og hlutabréfamarkaðinn. Einkavæða bankana í áföngum og koma þeim í dreifða eign. Finna þarf farveg fyrir sparnað fjölskyldna og beita skattkerfinu til þess. Hvetja almenning til að vera þátttakandi í að efla atvinnulífið og þar með hag heimilanna. Nægjusemi og sparnaður veitir öryggi sem er hluti af vellíðan fjölskyldunnar. Beita þarf skólakerfinu markvisst til að innleiða þessi gömlu og góðu gildi. Jafnframt þarf almenningur að hafa á tilfinningunni að vel sé farið með sparnað. Eftirlitsstofnanir ríkisins þurfa að virka og stöðuleiki þarf að ríkja í efnahagsumhverfinu.

Til að einstaklingur njóti sín til fulls og þar með heimilin þarf að sinna grunnþörfum eins og húsnæði og vinnu. Það er enginn þjóðhagslegur hagur í því að reka fjölskyldur úr íbúðarhúsnæði sínu sem komnar eru í greiðsluþrot þegar nóg er af tömu og ónýttu húsnæði. Íbúðalánasjóður þarf að geta eignast hluta eignarinnar sem leigður verður af Íbúðalánasjóði og síðar keyptur ef og þegar illa stödd heimili geta keypt hlut sjóðsins til baka.

Nauðsynlegt er að sem flestir hafi vinnu til að taka þátt í endurreisninni. Það er betra að minnka starfshlutfall landsmanna en að hluti landsmanna vinni undir álagi við að borga þá skatta sem fara í að greiða hinum atvinnulausu laun. Miklu skiptir að halda ráðningarsambandi launamanna og atvinnurekanda og nýta frítíma launamannsins vel til símenntunar eða að bæta vellíðan fjölskyldunnar með samvist, hreyfingu og hópefli.

Ef útvega á 20.000 manns vinnu á næstu árum þarf að efla og verðlauna frumkvöðlahugsun. Sú framleiðsla eða þjónusta sem aflar gjaldeyris gengur fyrir og sú innlenda starfsemi sem minnkar gjaldeyrisþörf þjóðarinnar er einnig bráð nauðsynleg um þessar mundir. Skóla- og styrkjakerfinu á að beita markvisst í þessu augnamiði. Beisla þarf náttúruauðlindirnar af skynsemi með langtímahag í huga en mannauðinn þó enn meira.

Ríki og sveitarfélög þurfa að brytja verkþætti niður til að auðvelda innlendum fyrirtækjum að bjóða í verk og allir sem bjóða út verk ættu að viðurkenna að það er hagkvæmt heildinni að taka innlendu tilboði þegar atvinnulaust fólk fær vinnu.. EES samningurinn gerir þetta að línudansi. „Eflum íslenskt“ og kaupum íslenskar vörur og þjónustu á aldrei betur við.

Íslendingar þurfa að rífa sig út úr viðjum vanans og hugsa heilbrigðiskerfið og menntakerfið upp á nýtt með áherslu á sjálfbærni og skilvirkni fyrir fjölskyldur og atvinnulíf. Tengja þarf skólana betur raunverulegum verkefnum einstaklinga, fjölskyldna og atvinnulífs og losa verkefnaval skólakerfisins undan kjarabaráttu kennara. Of mikill tími og fyrirhöfn er fyrir fjölskyldur að sníða sig að fríum og starfsdögum kennara með tilheyrandi kostnaði sem lendir að hluta á atvinnurekendum. Betra skipulags er þörf.

Í heilbrigðiskerfinu þarf að svara áleitnum siðfræðilegum spurningum svo hægt sé að forgangsraða verkefnum. Það getur ekki talist þjóðhagslega hagkvæmt að hafa langar biðraðir af fólki sem getur ekki stundað vinnu sína vegna vöntunar á tiltölulega einfaldri aðgerð líkt og liðaskiptum, svo ekki sé minnst á þann óþarfa sársauka og lyfjatöku sem löng bið orsakar. Með forgangsröðun má fjölga vinnandi höndum og spara kostnað með bættu skipulagi. Einnig má spara lyfjakaup þeirra lyfja sem tekin eru vegna depurðar eða félagslegrar einangrunar með því að auka ummönnum sjúkra. Heilbrigðiskerfið á ekki bara að vera fyrir sjúklinga heldur á að beita því ásamt menntakerfinu í forvarnir. Betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Í þeirri viðleitni að bæta heilsu fjölskyldna þarf að hyggja sérstaklega að öryrkjum sem fjölgar ógnvægilega. Rjúfa þarf

einangrun þeirra og gefa þeim kost á að taka þátt í atvinnulífinu þótt að skertir séu að einhverju marki. Atvinnulífið þarf að sýna þeim meira umburðalindi sem glíma við skerta starfsgetu.

Ríkið er stærsti kaupandi landsins á þjónustu fyrir mennta-, heilbrigðis- og tryggingakerfi landsmanna. Miklir möguleikar eru í kerfinu við að koma á nýsköpun og að stofna sprotafyrirtæki sem vaxa í skjóli kaupa ríkisins á þjónustu. Þessi fyrirtæki geta síðan notað heimamarkað við að flytja út vörur og þjónustu á sama sviði. Aukin vinna og betri þjónusta er öllum heimilum til hagsældar.

Þótt við Íslendingar glímum við bráðavanda má ekki missa sjónar á langtíma markmiðum. Sú fórn sem færð er má ekki verða til einskis. Við verðum að ganga djarfir til leiks og velta við hverjum steini og leggja áherslu á hag heimilanna og atvinnulífs ofar eigin hag. Þolinmæði við þá sem magna vandann í stað þess að leysa hann er takmörkuð.

Höfundur: Magnús Magnússon

HAGSÝN HEIMILI

Heimili á Íslandi sjá fram á erfða tíma. Eignir hafa tapast, tekjur minnkað og svigrúm fjölskyldna til að bregðast við þrengst verulega. Mikilvægt er að hið opinbera bregðist við með aðgerðum til úrbóta. Horfa þarf jafnt til skammtíma og langtíma skulda. Koma verður til móts við fjölskyldur um endurgreiðslu lána, greiðslu opinberra gjalda og gefa fólki svigrúm til að bæta hag heimilanna án þess að komast í þrot.

Huga þarf að því hvernig verðtrygging, gengi, vextir, endurgreiðslutími og endurfjármögnun lána mætir heimilum sem þurfa að aðlagast gjörbreyttu efnahagsástandi. Hér gildir að hafa samninga sem sveigjanlegasta, án þess að viðhalda ástandi sem sýnt er að ekki muni leiða til betri stöðu þegar horft er til lengri tíma.

TÆKIFÆRI

Lykilatriði er að fjölskyldur taki upp nýtt gildismat og sjái eigin þátt í því hvernig bæta megi hag þjóðarinnar. Eitt af einkennum samfélags í þenslu er skortur á tíma til að sinna heimilum og fjölskyldu. Í stað fjármagns er nú til staðar annar miðill – tími. Aukinn tími aflögu felur í sér tækifæri til að bæta lífsgæði fjölskyldna og einstaklinga, s.s. að fjölga samverustundum með fjölskyldu og vinum, sinna heimili og öðrum hugðarefnum betur en áður. Mikil tækifæri liggur í því að byggja upp enn fjölskylduvænna og mannvænlegra þjóðfélag með breyttu lífsmynstri fjölskyldna og einstaklinga.

Neyslumynstur heimila þarf að breytast samhliða breyttum aðstæðum. Slíkt getur haft jákvæð áhrif. Skortur leiðir venjulega til þess að þörfinni er svarað með óhefðbundnum leiðum, séu hinar hefðbundnari ekki færar. Endurskoða þarf hvernig verðmæti eru nýtt, horfa þarf til þess hvernig nota má hluti/efni á annan hátt en áður, til hagræðingar. Sjá má fyrir sér að nýjar leiðir stuðli að nýsköpun innan heimila sem utan og leiði til aukinnar sjálfbærni. Á stóra rófinu má sjá fyrir sér að slíkt geti haft bein jákvæð áhrif á efnahagsmálin.

Ábyrgð í fjármálum þarf að aukast. Heimilum ætti að bjóðast ráðgjöf í fjármálum til að auðvelda þeim að taka upp nýja lífshætti. Heimilin hafa verið háð lausafjármagni en hafa síður lagt áherslu á að safna í sjóði, þessu er nauðsynlegt að snúa við.

Heimilin í landinu þurfa að vera virk. Mikilvægt er að atvinnulausir taki þátt í atvinnulífinu eins og aðrir. Stjórnvöld þurfa að stuðla að því að fólk taki þátt í uppbyggingu og verkefnum sem hentar hverjum og einum. Mikilvægt er að einstaklingsfrelsið fái að ráða því hvaða verkefni hver tekur sér fyrir hendur og helst að fólk hafi frumkvæði að því hvar þeirra framlag skilar sér best. Virkja þarf einstaklingsframtakið í þágu þjóðarinnar. Leita þarf leiða til að virkja ungt fólk og finna þeim verkefni við hæfi svo það flytji ekki úr landi.

Einn af stóru póstumum í rekstri heimila, fyrir utan húsnæði, er rekstur bifreiða. Mikilvægt er að hér skapist raunverulegt val heimila um að nýta almenningssamgöngur í stað þess að reka einkabíl og það fleiri en einn. Einkabílavæðingin er byrjuð að ganga til baka og koma þarf til móts við þá þörf sem myndast því samfara. Barnafjölskyldur eru í sérstakri þörf þar sem tómstundaiðkun fer oft fram í sérskólum eða félögum utan skólanna. Skoða ætti fjölbreyttar leiðir til að mæta þörfum fjölskyldna hvað þetta varðar.

Fjölbreytt og aðgengilegt menningarlíf eykur lífsgæði. Tryggja þarf framboð menningartengdrar starfsemi. Benda þarf fólki á leiðir sem í boði eru bæði í formi þjónustu og þátttöku. Öflugt menningarlíf leiðir til aukinnar samkenndar, tengir við uppruna, einkenna og krafta sem í þjóðfélaginu búa og veitir fólki innblástur.

ÓGNANIR

Mikil ógn stæðjar að heimilum ef óskýr framtíðarsýn í efnahagsmálum verður viðvarandi. Heimili þurfa mörg hver að fara í gegnum miklar breytingar og sama krafa verður gerð til stjórnvalda og stjórnmalamanna. Aðrar ógnanir:

- Langtímaatvinnuleysi, greiðsluferfiðleikar/þrot og erfiðleikar á heimilum fylgjast gjarnan að. Slíkt ástand leiðir af sér viðvarandi aðgerðaleysi og stöðnun með fátækt ekki langt undan.
- Breytingar á aðstæðum heimilanna til hins verra getur leitt til versnandi uppeldisaðstæðna barna og haft varanlega slæmar afleiðingar.
- Fólksflutningar gætu aukist verulega ef fólk missir trú á að hér náist að endurreisa efnahagslífið innan nokkurra ára. Ef almennt er talið að hér á landi verði ekki nóg framboð af því sem lífið býður upp á annars staðar mun fólk hverfa á brott í leit að betri líf skjörum.
- Þolinmæði eftir breytingum er ekki endalaus og þekkt er að á erfiðleikatímum aukist ofbeldi, fordómar og tillitsleysi gagnvart náunganum.

AF HVERJU Á AÐ BÚA Á ÍSLANDI

Ísland býr yfir sérstakri fegurð og náttúruauðlindum. Auðlindirnar eiga að geta tryggt okkur mikil lífsgæði. Íslendingar eiga mikla sögu- og menningararfleifð og bera sterkar taugar til þjóðar sinnar. Fjölskyldusamfélagið er enn sterkt einkenni á Íslandi, langtum meira en þekktist í nágrennalöndunum og það hefur togað í fólk að búa og ala börn sín upp hér. Í slíku samfélagi felast mikil verðmæti sem ekki er gengið að annars staðar. Aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu er gott og lífslíkur miklar.

Á Íslandi gerast hlutirnir hratt og þar er hægt að gera hluti á hraða sem óhugsandi þykja í skrifræðisríkjum. Mikilvægt er að þunglamaleiki færast ekki yfir samfélagið og dragi úr eljusemi og krafti einstaklinga. Skilaboðin til þjóðarinnar þurfa að vera þau að hér sé verk að vinna og þörf á öllum sem vettlingi geta valdið til að viðhalda og bæta samfélagið. Allir hafi hlutverk.

Höfundur: Áslaug Friðriksdóttir

VERSNANDI STADA FYRIRTÆKJA OG HEIMILA

FYRIRTÆKI

Upp úr áramótum 2008 var aukning vanskila orðin áþreifanleg í öllum atvinnugreinum á Íslandi. Bein fylgni var á milli þessarar þróunar og fréttu um lausafjárþurrð í bönkum, lægðar á fasteignamarkaði og síðar veitingar krónunnar. Almennt má segja að opinberir aðilar hafi ekki vaktað stöðu vanskila hjá fyrirtækjum né heimilum síðastliðin ár á Íslandi, a.m.k. ekki hjá Creditinfo - Lánstraust sem þó er eini aðilinn með upplýsingar um alvarleg vanskil og/eða skráningar á bæði árangurslausum fjárnámum og gjaldþrotum. Atvinnulífið hefur þó verið nokkuð meðvitað um stöðuna og kallaði áberandi eftir upplýsingum allt síðasta ár, hvort sem er fyrir sérstakar atvinnugreinar eða ákveðin landssvæði.

Nokkrum dögum eftir að neyðarlög voru sett í október lokuðu stærstu greiðslutryggingarfélag heims, Atradius og Euler Hermes, á tryggingar fyrir viðskipti erlendra birgja við íslensk fyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru því mörg í þeim sporum að þurfa að greiða vörur fyrirfram eða njóta ekki sömu lánskjara og áður, samhliða því að gengi krónunnar er mjög veikt. Í kjölfarið hefur álag á lausafé aukist verulega hjá mörgum innflytjendum og sem varnarviðbrögð þurfa þau sjálf að herða á sínum eigin lánsviðskiptum og innheimtuferlum. Þetta hefur keðjuverkandi áhrif inn í atvinnulífið og eru hertir innheimtuferlar nú mjög víða í gangi, lokanir á reikningsviðskipti og fleira sem hamlar gangi fyrirtækja og starfssemi þeirra.

Hvert fyrirtæki getur verið með fleiri en eina kröfu í vanskilum. Fjöldi viðskiptakrafna í vanskilum hefur margfaldast á síðastliðnum mánuðum en tímabilið 7. október 2008 – 10. febrúar 2009 hafa verið skráð 16.436 vanskilamál frá kröfuhöfum vegna skulda hjá lögaðilum (fyrirtækjum), en tekið skal fram að Creditinfo skráir eingöngu mál sem komin eru í lögfræðinniheimtu eða þrotaferli. Þegar fjöldi þessara skráninga er skoðaður má hafa í huga að í um 40% tilvika eru vanskil gerð upp eða um þau samið, áður en til skráningar kemur á vanskilaskrá, enda getur slík skráning haft viðtæk áhrif á reikningsviðskipti eða fyrirgreiðslur viðkomandi.

Hægt hefur verið að spá fyrir um þrot fyrirtækja frá árinu 2002 með mjög nákvæmum hætti. Frávik frá rauntölum eru mjög lítil og frá því um mitt síðasta sumar hefur verið ljóst að aukning þrota yrði verulegt miðað við síðustu ár. Með „þroti“ er hér átt við fyrirtæki sem ýmist eru gerð gjaldþrota eða fá á sig árangurslaust fjárnám, þ.e. eiga ekki til eignir umfram skuldir. M.v. óbreytt ástand er ljóst að nú stefna um 3500 fyrirtæki í þrot innan 12 mánaða. Til samanburðar má nefna að fjöldi þrota var 966 árið 2006, 1.179 árið 2007 og 1.457 árið 2008. Flest þeirra fyrirtækja sem stefna í þrot eru í byggingarstarfssemi eða verslun og þjónustu eða 1.270 fyrirtæki. Fyrirtæki sem þegar eru komin í vanskil eða stefna í þrot eru af öllum stærðargráðum og staðsett um land allt, hlutfallslega flest á Reykjanesi.

Alls eru skráð um 30 þúsund fyrirtæki í Hlutfélagaskrá sem hf. eða ehf. Mæling á virkni þeirra liggur ekki enn fyrir en þúsundir þessara fyrirtækja teljast ekki virk í starfssemi, þ.e. hafa ekki starfsmenn á launaskrá eða annað hlutverk en að vera eignarhaldsfélag eða tengt dótturfyrirtæki, stundum nefnd skúffufyrirtæki. Af þessum ástæðum hefur Creditinfo lagt áherslu á að ekki sé rætt um hlutfall af heild þegar rætt er um núverandi ástand í atvinnulífinu.

Krosseignatengsl á Íslandi eru mjög mikil og sýnileg í opinberum gögnum. Þekking á þessum tengslum er mjög takmörkuð eða notkun á þeim gögnum sem fyrir liggja er ekki mikil. Þetta er þó atriði sem erlendir aðilar, s.s. greiðslutryggingarfyrirtækin sem tryggja viðskipti á milli fyrirtækja um allan heim, gera mjög oft athugasemdir við og finnst jafnvel „séríslenskt.“

Þann 10. febrúar 2009 höfðu um 74% skilaskyldra fyrirtækja skilað inn ársreikningi fyrir árið 2007, en skilafresturinn rann samt út 31. ágúst í fyrra. Í nágrannalöndunum eru skil á réttum tíma yfir 90%, en þar eru skilareglur og viðurlög líka allt aðrar. Með þetta í huga má gera ráð fyrir að almennt láns hæfismat á Íslandi byggir oft á of gömlum upplýsingum, hvort sem er vegna fyrirgreiðslna frá bönkum eða vegna reikningsviðskipta á milli fyrirtækja. Ef upplýsingar um láns hæfi eru ekki byggðar á traustum grunni er ávallt meiri hættu á að fyrirtæki geti orðið of skuldsett.

Gera má ráð fyrir að íslensk fyrirtæki þurfi að vera undir endurreisnina búin varðandi ýmsar upplýsingar. Þetta gæti t.d. átt við um innflutningsaðila því erlendu greiðsluþryggingarfyrirtækin munu óska eftir nýjum upplýsingum úr rekstri þegar opnað verður fyrir tryggingar á viðskiptum við Ísland á ný.

Creditinfo hefur mörg dæmi sem gefa vísbendingar um að íslenskt atvinnulíf hafi þekkingu umfram stjórnvöld og eftirlitsstofnanir þegar kemur að viðskiptum. Creditinfo getur eingöngu nefnt dæmi tengt sinni starfssemi en eflaust væri hægt að skoða þetta með fleiri aðilum. Sem eitt dæmi má nefna að hið opinbera er eini aðilinn á Íslandi sem sýnilega hefur ekki markvisst eftirlit með sínum viðskiptum, s.s. í framhaldi af peningamiklum samningum í kjölfar útboðs. Þannig hefur Creditinfo oft orðið vitni að því að stór samfélagsleg verkefni (dæmi: skólar, vegir, sundlaugar) komast í vandræði, stöðvast eða frestast vegna fjárhagsvandræða verktakafyrirtækja sem sjá um tiltekin verk þó svo að merki um fjárhagsvandræði viðkomandi og/eða líkur á þroti hafi verið nokkuð sýnileg í allt að ár. Það má því segja að t.d. þekking atvinnulífsins á því að hafa eftirlit og ferla til að tryggja sína hagsmuni sé nokkuð góð hjá íslenskum fyrirtækjum, á meðan hið opinbera vaktar hvorki sína samningsaðila né hefur áþreifaðlegt eftirlit með þeim. Með endurreisn samfélagsins í huga mætti velta fyrir sér hvort ástæða sé til að efla nútímalegri viðskiptahætti og þekkingu. Hugsanlega mætti skoða þetta út frá fleiri aðilum eða reynslusögum, þ.e. hvort endurreisnin á Íslandi þurfi að fela í sér að atvinnulífið innleiði betur þekkingu úr viðskiptum inn í stjórnsýsluna þegar það á við og getur skipt samfélagslegu máli.

Að undanskildum stærstu bönkunum (Kaupþingi, Glitni, Landsbanka) og stærstu fjármálafélögum (s.s. Straumi) sýna tölur úr ársreikningum ársins 2007 að meðalhagnaður íslenskra fyrirtækja var ríflega 30 milljónir og eigið fé að meðaltali um 250 milljónir. Hér er miðað við fyrirtæki sem telja fram í íslenskum krónum, langflest. Tölulega staðreyndir sýna að á Íslandi eru framkvæmdastjórnar sem eru 56 ára og eldri að skila af sér bestu útkomu fyrirtækja í rekstri. Tölulegar staðreyndir sýna einnig að blandaðar stjórnir, þ.e. stjórnir fyrirtækja þar sem bæði sitja konur og karlmenn, skila af sér bestu rekstrarniðurstöðunum.

Hægt er að rýna í margs konar upplýsingar um íslensk fyrirtæki, s.s. í hvaða atvinnugreinum okkur er að ganga best, hvers konar fyrirtæki eru stofnuð, hvers konar fyrirtæki hafa mest farið í þrot, eru flest í vanskilum o.s.frv. Upp til hópa eru íslensk fyrirtæki mörg hver mjög góð, þó þau séu ekki stór miðað við mælikvarða síðastliðinna ára. T.d. má nefna að fyrirtæki sem versla við útlönd koma hlutfallslega mjög vel út í samanburði við heildina þegar litið er til vanskila. Þetta hefur verið styrkleiki þegar rætt er við erlenda aðila eins og greiðsluþryggingarfélögin.

HEIMILI

Vanskil hafa aukist hjá einstaklingum í ríflega ár, mest frá því síðastliðið haust. Vanskil eru sýnileg í öllum tekjuhópum og eru kröfur frá bönkum og fjármálastofnunum um 65% af skráðum kröfum. Aukning vanskilamála sem komin eru í löginnheimtu hefur fjölgað verulega hratt frá bankahruni sl haust. Sem dæmi má nefna hefur Creditinfo sent út ríflega 18 þúsund bréf með tilkynningu um fyrirhugaða skráningu á vanskilaskrá tímabilið 7. október 2008 - 9. febrúar 2009. Til samanburðar má nefna að fjöldi svona bréfa 7. október 2007 - 9. febrúar 2008 var tæplega 9.800 bréf.

Á Íslandi eru karlmenn í mun meira mæli í vanskilum en konur og virðist það mynstur sýna sig allt frá 18 ára aldri, þ.e. allt frá því að einstaklingar verða fjárráða á Íslandi og hafa þar með leyfi til að skuldbinda sig fjárhagslega.

Creditinfo (áður Lánstraust) hefur til margra ára gert athugasemdir við kröfur um lánsþæfismat og eftirlit. T.d. skilaði Creditinfo athugasemdum til Alþingis árið 2004 varðandi 90% lánveitingu húsnæðislána og byggði sú athugasemd á því að félagið gæti ekki stutt við slíkar lánveitingar nema að reglum um lánsþæfismat og eftirlit yrðu teknar til skoðunar samhliða.

Þegar tölur um þrot hjá einstaklingum þarf að skoða bæði upplýsingar um gjaldþrot annars vegar og upplýsingar um árangurslaus fjárnám hins vegar, en þegar einstaklingur er skráður með árangurslaust fjárnám á sér er það sönnun þess að viðkomandi á ekki til eignir umfram skuldir og er því ekki gerður upp sem gjaldþrotabú. Á Íslandi urðu 198 einstaklingur gjaldþrota árið 2008 en 5.192 einstaklingur fengu á sig skráninguna árangurslaust fjárnám, þ.e. áttu ekki til eignir umfram skuldir. Creditinfo hefur ekki gert úttekt á fjárnámum á síðasta ári, þ.e. þegar gert er fjárnám á eignum til greiðslu á skuldum. Creditinfo mun þó vakta þessar upplýsingar sérstaklega árið 2009.

Creditinfo hefur þegar hafið vöktun á búferlaflutningum Íslendinga úr landi og veita upplýsingar um slíkt til fjölmiðla eins og við á síðar á árinu.

Höfundur: Rakel Sveinsdóttir

HUGMYNDIR VEGNA LANAVANDA HEIMILANNA

Mikil vandi steðjar nú að mörgum íslenskum heimilum. Greiðslubyrði hefur aukist verulega af íbúðalánum að undanfögnu sem hlutfall af launum. Vandí blasir við heimilum hvort heldur þau hafa lán í erlendri mynt eða íslenskum krónum. Við þeim sem að hafa erlend lán er vandinn sá að gengi krónunnar hefur fallið og þar af leiðandi hækkar lánsfjárhæð, afborganir og vextir. Innlendu lánin eru nær öll verðtrygð og vegna aukinnar verðbólgu hafa þau lán einnig hækkað mikið og afborganirnar sömuleiðis. Óverðtrygð lán hafa tvo ókosti, annars vegar að vera dýrari til lengri tíma litíð vegna óvissu um verðlagsþróun og hins vegar að skuldari þarf í raun að greiða verðbætur (verðbótaþátt vaxtanna) jafnóðum á allan höfuðstólinn. Í tilviki verðtrygðra lána þarf aðeins að greiða verðbætur á afborganir og vexti á hverjum gjalddaga og greiðslubyrðin því jafnari yfir láns-tímamann. Ókostur verðtrygðra lána er sá að markaðsaðstæður, þ.e. framboð og eftirspurn lánsfjár, hafa ekki áhrif á raunvextina, þeir eru alltaf jákvæðir. En með því að þeir eru til lengri tíma litíð lægri en vextir óverðtrygðra lána má segja að ókostirnir séu vegnir upp frá sjónarhóli skuldara.

Verðlækkun fasteigna og óseljanleiki veldur sumum fjölskyldum óleysanlegum vanda um þessar mundir, sérstaklega þeim, sem sitja uppi með tvær íbúðir. Kaupmáttur heimila hefur rýrnað verulega, ásamt því að margir hafa orðið fyrir atvinnumissi eða skertu starfshlutfalli. Ljóst er að erfitt eða útilokað verður fyrir marga að standa í skilum með íbúðalán sín að öllu óbreyttu. Meðal þeirra er hópur sem tók lán til úttektar og eyðslu á eigin fé sínu í þenslunni og skapar það efasemdir um réttmæti sértækara aðgerða, sem greiðist úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, þeim í vil.

Fyrirkomulag íbúðalána hefur mikil áhrif í hagkerfinu því vægi þeirra í fjármálum heimilanna er mikið. Peningamálastefna seðlabanka verður markvissari og árangursríkari séu þessi lán óverðtrygð, en stýrivextir bankans hafa á hinn bóginn haft takmörkuð áhrif á verðtrygðar skuldbindingar og erlend lán. Út frá þessu sjónarmiði mætti athuga að taka upp breytilega vexti á óverðtrygð íbúðalán

í stað verðtryggingar, því með því móti næði Seðlabankinn markmiðum sínum á auðveldari hátt en í núverandi kerfi, en á móti reyndar með niðþungum vöxtum sem sligandi eru fyrir heimilin. Húsnæðislán í Bretlandi eru með þessu móti, en í Frakklandi og Bandaríkjunum er mest notast við fasta vexti. Nær útilokað er að taka upp óverðtryggða vexti fyrir en verðbólgan gengur niður, því fólk gæti ekki greitt t.d. 20% vexti af t.d. 30 m.kr. láni, sem eru 6 m.kr. á ári. Sá munur er á vöxtum verðtryggðra lána og gengisbundinna að okkar séríslensku lausn er ætlað að verja höfuðstólinn fyrir verðbólgu en í gengisbundnum lánnum er hann ekki varinn fyrir verðbólgu viðkomandi lands/landa.

Ísland hefur lengi verið hávaxtaland og þar veldur miklu að mjög margir eru fúsir til að taka lán og eyða, en of fáir skipa sér í hóp sparifjáreigenda. Sú hegðun helgast sennilega af neikvæðum raunvöxtum um áratuga skeið, þegar skuldarar græddu en sparifjáreigendur voru hlunfnarnir. Auk þess hefur landið lengi verið með meiri hagvöxt en flest nálæg lönd og eins hefur lánsfjármarkaðurinn íslenski lengst af verið einangraður frá hinum stærri mörkuðum, fyrir utan að vera smár og ófullkominn. Síðustu árin varð mikil breyting í þessum efnunum, en okkur hélt ekki vel á því tækfæri og við sjáum nú fram á tímabil einangrunar og hugsanlega hárra raunvaxta um skeið. Gerir þetta úrlausnarefnið brýnni en ella.

Minna má á að ráðgjöf banka í húsnæðismálum síðustu árin og verðbólguforsendur þeirra við lántöku stöðust ekki. Á sama tíma tóku bankar, eigendur þeirra og stjórnendur, að sögn stöðu gegn krónunni og öllu með því hækkun höfuðstóls lána, bæði myntkórfulana og verðtryggðra lána. Eins virðast erlendir lánveitendur bankanna hafa sýnt ábyrgðarleysi gagnvart íslenskum heimilum og fyrirtækjum, þegar þeir fengu gömlu bönkunum svo mikið ráðstöfunarfé, að þeir máttu vita að það gæti leitt til vandræða. Er því ekki að undra reiði fólks í garð banka þessa dagana.

Ljóst er að við þurfum að grípa til aðgerða til hjálpar heimilum sem eru í vanda. Að einhverju leyti munu þær „mismuna“ fólki, því ekki hafa allir farið of geyst eða staðið í bíla- og íbúðakaupum. Eftirtaldir leiðir þarf að skoða í því ljósi og leitast við að gera þær þannig úr garði að jafnræðisreglan sé ekki brotin, þó vafalaust þurfi að sveigja hana til. Þessar leiðir hafa þó þann kost að vera nokkuð almennar og geta bæði komið heimilum og fjármálastofnunum til góða, þ.e.a.s. leitt til lægri greiðslubyrði fólks og þar með minni afskrifta fyrir fjármálastofnanir. Hið allra versta sem gæti gerst væri að heimilin færu mörg á uppboð á svipuðum tíma með tilheyrandi félagslegum afleiðingum og upplausn heimila, sem yrði til þess að fjármálastofnanir myndu sitja uppi með fjölda íbúða, á tíma þar sem ráðstöfunartekjur heimilanna fara lækkandi. Uppboð og félagsleg upplausn gæti valdið verulegum fólksflótta frá landinu, sem hefði þær afleiðingar að mun erfiðara væri fyrir land og þjóð að ná sér upp úr kreppunni. Við verðum að láta minni hagsmuni vikja fyrir hinum meiri.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Eftirtaldir hugmyndir 1.- 5. gefa yfirlit og leiða að lokum til ábendingar um blandaða leið, leið 6. Lesandinn mun væntanlega hugsa upp sínar eigin blönduðu leiðir og leggja fram til umræðunnar, því mikið liggur við.

1. Ein leið gæti verið að veita fjölskyldum tækifæri til að breyta t.d. allt að þriðjungi lána sinna í eingreiðslulán („kúlulán“) til 7 ára, án greiðslu vaxta, sem mundu safnast með vaxtavöxtum upp á höfuðstól lánsins og heimilt verði að framlengja ítrekað. Það þýddi, svo einfalt dæmi sé tekið, að fjölskylda sem nú þarf að greiða af 60 milljón króna láni greiddi t.d. afborganir af 40 milljón kr. láni næstu 25 árin. Hinn hluti skuldarinnar, 20 milljónir króna, hverfur ekki og hvílir áfram á eigninni á veðrétti næst á eftir upphaflega láninu, en það gefur fjölskyldum tækifæri til að búa í íbúðarhúsnæði sínu, ásamt því að vinna sig hægar út úr skuldum. Ef við nýtum þau tækifæri sem íslensku þjóðinni bjóðast eru allar líkur á að fasteignamarkaðurinn taki við sér á tímabilinu og að verð fasteigna verði tekið að hækka eftir 7 ár og verði að lokum herra en sem nemur eingreiðsluláninu.

Er þá gert ráð fyrir að því verði framlengt eða því skuldbreytt þegar bjartara er orðið framundan. Lántakandinn gæti hvenær sem er greitt inn á eingreiðslulánið, t.d. við sölu eignar eða um leið og hagur viðkomandi fjölskyldu vænkaðist. Hugsun okkur að eingreiðslulánið yrði greitt að fullu eftir 10 ár, t.d. þegar fjölskyldan vildi minnka við sig íbúðarhúsnæði, þá væru eftirstöðvar láns með 4% nafnvöxtum, m.v. fast gengi og verðlag um 26 milljónir króna. Tveir annmarkar eru á þessu frá bankalegu sjónarmiði. Annars vegar að uppsöfnun vaxtanna mundi leiða til þess að eftirstöðvar íbúðalána margra heimila færu fram úr verðmæti eignanna, en segja má þó að sú staða sé hvort sem er uppi í raun nú þegar. Hin er sú að ekki hefur fengist fjármögnun á eingreiðslulánum af þessu tagi á markaði, hvorki erlendis né innanlands, en leiða má hugann að því hvort hinar sérstöku aðstæður sem nú ríkja gefi einhverja áður óþekkta möguleika. Gætu lífeyrissjóðirnir t.d. sýnt slíka biðlund, þeir eru jú til fyrir fólkið í landinu? Gætu erlendir kröfuhafar gömlu bankanna hugsað sér slíkt í skiptum fyrir ávinning? Hugsanlegt væri þá að gera slík eingreiðslubríf að andlagi markaðsskuldabréfa í sérstöku félagi, sem t.d. gæti verið dótturfélag Íbúðalánasjóðs. Eftirmarkaður mundi myndast með markaðsskuldabréfin og kynnu lífeyrissjóðir og aðrir að nýta sér þau til ávöxtunar. Ef verð íbúðarhúsnæðisins væri 60 milljónir í dag og það hækkaði í takt við 2,5% verðbólgu, þá ætti verðmæti hússins að verða um 71 milljónir kr. eftir 7 ár. Verðtryggð lán myndu hins vegar hækka mun meira, ef m.v. væri við t.d. 4,9% raunvexti og 2,5% verðbólgu. Samsvarandi nafnvextir af slíku láni væru 7,52%. Önnið er að fjalla um þann hluta skuldanna sem standa kann út af verðmæti eignar. Ekki er raunhæft að skuldbreyta þeim án þess að þær verði afskrifaðar hjá lánveitanda eða færðar niður til varúðar, slíkt væri brot á reglum. Ekki á að fella þær niður bara „sísona“ án eftirmála? Þær væru ekki gilt andlag markaðsverðbréfa heldur sannkallaður vonarpeningur. Hér þyrfti því fleira að koma til. Meira um það í lið 5.

2. Önnur leið gæti verið að leyfa að hluti raunvaxta íbúðalána (t.d. 2%) leggist við höfuðstól, óski lántaki þess, en hinn hlutinn (væntanlega 2-3%) komi til greiðslu. Nefna mætti þetta „vaxtasafnlán“. Fyrir þessu eru sömu almennu röksemdir og að ofan, þ.e. að sé litið til nógu langs tíma er næsta víst að verðþróun fasteigna mun fylgja hagvexti og kaupmætti, sem hefur lengi verið umfram verðlag. Að vísu mundu eftirstöðvar fjölmargra lána fara tímabundið, e.t.v. árum saman, umfram verðmæti eigna eins og í leið 1, en ef þessi aðgerð veldur því að margir geta haldið lánum í skilum þurfa bankarnir ekki að afskrifa og leiðin hefur þá samsvarandi jákvæð hagstjórnarleg áhrif til skemmri tíma litið og leið 1. Á hinn bóginn eru langvarandi neikvæð „auðsáhrif“ afleiðing þessara leiða beggja, því fólk sem skuldar umfram verðmæti eigna sinna dregur úr neyslu og kynnu báðar að halda einkaneyslunni niðri hér á landi, lengi eftir að glaðnar til annars staðar í veröldinni. Þessi aðferð (að leggja hluta vaxta við höfuðstól) er þekkt, m.a. í svonefndum „undirmálslánum“ í BNA og mun mörgum ekki þykja til fyrirmyndar. Slík bréf mundu þó ekki síður henta sem andlag markaðsbréfa ef skuldin er innan verðmætis veðsins, sbr. lið 1. að ofan. Á sama hátt og í lið 1. er önnið að fjalla um þann hluta skuldanna sem stendur út af verðmæti eignar. Finna yrði sanngjarna leið til að fólk endurgjaldi slíka afskrift, ekki síst í ljósi þess að ella mundu þeir sem ekki fóru óvarlega með einum eða öðrum hætti þurfa að greiða tjónið.
3. Þriðja leiðin væri að taka á reglum um verðtryggingu, en verðtrygging, erlend lán, vextir, endurgreiðslutími og endurfjármögnun lána skipta heimili, sem þurfa að aðlagast gjörbreyttu efnahagsástandi, miklu máli. Sveigjanleiki, án þess þó að viðhalda óraunhæfu ástandi, er eftirsóknarverður. Einhliða skilmálar banka eru vaxandi áhyggjuefni og þeim síst til framdráttar. T.d. hafa bankar nýlega tekið að hafa breytilegt vaxtaálag á breytilega markaðsvexti erlendra lána, auk þess sem höfuðstóllinn er tryggður m.v. erlenda mynt. Á þessu ári munu bankar væntanlega taka að endurskoða vexti þegar

veittra íbúðalána, en þeir voru oftast ákveðnir til fimm ára í senn (Íslandsbanki hefur þó skotið þessu á frest til næsta árs, sem betur fer). Raunvextir hafa hækkað á markaði og munu hugsanlega hækka enn, þegar fram í sækir, vegna skerts aðgangs að erlendum lánnum. Hætt er við að þrýstingur á verðlækkun fasteigna aukist mikið við þetta, sem mundi aftur auka mjög á efnahagsvandann. Við þessu þarf að bregðast án tafar og með öflugum hætti. Góð byrjun væri að tryggja að hinir bankarnir fari að fordæmi Íslandsbanka. Þó bann við verðtryggingu sé ekki tímabært má nú þringja að notkun hennar og gera auknar kröfur til banka um sanngjörn kjör. Æskilegt er því að endurskoða lánaþyrirkomulag með verðtryggingu. Andstaða gegn henni er mikil og einhliða réttur lánveitenda of mikill. Að hafa bæði „belti og axlabönd“ með því að hafa í senn verðtryggingu og einhliða breytanlega raunvexti færa lánveitanda einum allan rétt. Því er tímabært að ákveða að vextir verðtryggðra lána skuli vera fastir allan lánstímann. Það mun knýja lánveitanda til að vera ábyrgur gerða sinni, m.a. í því að tryggja að samræmi sé á milli kjara aðfengins fjármagns og veittra lána, en það var einmitt einn „banabiti“ gömlu bankanna að gæta þessa ekki. Þá munu forsendur fjárfestinga fólks í íbúðarhúsnæði standast betur. Er ekki vafi á að almenningur mundi kunna að meta að bönkum væru settar frekari skorður við því að ætla sér einhliða allan rétt í skilmálum. Ekki er óeðlilegt að eigandi bankanna hafi ráðandi skoðun á því hvernig bankarnir taka á endurskoðun vaxta íbúðalána sinna, svo mikilvæg sem sú endurskoðun verður um framvinduna.

4. Fjórða leiðin væri sérstök „sátt“ um raunvexti. Okkar litli, einangraði og ófullkomni lánsfjármarkaður er líklegur til að sveiflast öfganna á milli næstu misserin. Minna má á að eftir gömlu „Þjóðarsáttina“ á vinnumarkaðnum fór raunávöxtun spariskírteina um skeið yfir 9% og að raunvextir útlána urðu þaðan af hærri. Aukin hætta er á þessu af því að enginn aðgangur verður að erlendu lánsfé. Ef af þessu yrði á ný mundu allar nýjar framkvæmdir stöðvast meira og minna í landinu. Sérstök sátt um raunvexti mundi byggja á mati á ásættanlegri og raunhæfri ávöxtun sparifjár og ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða, með langtímasjónarmið í huga.
5. Einkaeign á íbúðarhúsnæði er markmið okkar, en í ljósi óvenjulegra erfiðleika þarf nú að bjóða upp á sérstakar lausnir. Fátt veldur meiri óvissu og áhættu nú en verðþróun fasteigna. Setja ber því sem fyrst „öryggisnet“ undir fasteignamarkaðinn og með því koma heimilum sem eru að missa húsnæði sitt í skjól um leið. Öflug fasteignafélög þurfa að geta eignast fasteignir, sem þá verða leigðar fólkinu og síðar seldar því til baka þegar betur árar. Fólkið fái kauprétt á móti.
6. Tillaga okkar er blönduð leið, sem felur í sér nokkrar samhliða aðgerðir:
 1. Íbúðaeigendur eigi kost á að breyta hluta af íbúðalánnum sínum í eingreiðslulán (sbr. hugmynd 1), að því marki sem þau eru umfram 70% af matsverði íbúðar, en innan matsverðs.
 2. Fasteignaleigufélög á frjálsum markaði verði eflað (leið 5) og hlaupi undir bagga með fólki sem skuldar íbúðalán umfram verðmæti eignar (veðs) og sér fram á að missa íbúðir sínar á uppboð, með því að leysa eignir til sín og leigja íbúum, gegn yfirtöku lána. Fólkið fái einhliða endurkaupsrétt að íbúðunum á matsverði. Bankar færi skuldir umfram matsverð eigna á afskriftareikning án frekari eftirmála.

3. Ákveðið verði að vextir af öllum verðtrygðum lánnum skuli eftirleiðis vera fastir vextir (leið 3). Skuldurum íbúðalána verði gefinn kostur á að festa vextina út lánstímann á þeim vöxtum sem nú eru í gildi.
4. Stjórnvöld beiti sér fyrir „sátt“ um raunvexti næstu 3- 4 árin eða svo (leið 4). Sáttin nái til ávöxtunar sparifjár og ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða, en Seðlabanki auglýsi verðtrygðða útlánsvexti á tímabilinu.

Höfundar: Guðlaugur Þór Þórðarson, Magnús Árni Skúlason, Pétur H. Blöndal og Ragnar Öundurson

ATVINNULEYSI OG ORKA

Atvinnulausir eru nú yfir 14 þúsund á landinu öllu (þegar þetta er ritað í febrúar). Flestir atvinnulausra búa á höfuðborgarsvæðinu eða um níu þúsund og næst flestir á Suðurnesjum eða um sextán hundruð. Margir eru atvinnulausir á Norðurlandi eystra en flestir á Vestfjörðum eða innan við eitt hundrað manns. Atvinnuleysi er í flestöllum greinum atvinnulífsins, misjafnt er þó eftir atvinnugreinum hve atvinnuleysid er mikið. Atvinnulausir hafa fjölbreytta og ólíka menntun svo og bakgrunn. Þarna er stór auðlind sem þarf að virkja sem allra fyrst, ekki má þjóðin við því að missa mikið að hæfu og vel menntuðu fólki úr landinu.

UPPBYGGING – LAUSNIR – AÐGERÐIR

Þjóðin stendur nú frammi fyrir erfiðum þáttaskilum og risavaxin verkefni eru framundan. Þess vegna gefst núna svigrúm fyrir tækifæri og fyrir hugarfarsbreytingu og einmitt þá er andrúm fyrir nýja hugsun og sköpun. Vegna óvissuástandsins í atvinnumálum verður því að leggja áherslu á að komast í gang með nýjar hugmyndir. Ekki er nóg að tala endalaust um viðskiptahugmyndir ef ekkert stendur á bak við það tal, það verður að koma alveg nýrri hugsun í gang til að fjölga atvinnutækifærum hér á landi fyrir framtíðina, með bjartsýni og áhuga og markmið um árangur og uppbyggingu að leiðarljósi.

Á þrengingartímum sem þessum leysist úr læðingi hröð þróun á nýrri tækni ólíkt því sem gerist á allsnægtartímum en þá verður þróun á þessum sviðum meira hægbara. Þarna sannast hin sígildu orð um að neyðin kenni naktri konu að spinna. Áherslan þarf m.a. að vera á að þróa hugmyndir sem ná til þeirra auðlinda sem til staðar eru í landinu með nýrri tækni.

HUGMYND AÐ NÝRRI TÆKNI – ÚTFLUTNINGUR Á RAFORKU

Af hverju ekki að leiða saman teymi? Annars vegar prófessora og kennara í verkfræði, tölvunarfræði, tækni-fræði, rafmagnsfræði o.fl. greina og nemendur þeirra (einu nafni fræðimenn). Hins vegar iðnaðarmenn, rannsóknarfyrirtæki á tækni- og verkfræðisviði o.fl. (fulltrúa atvinnulífsins). Framkalla „spin-off“ áhrif. Með því að koma þessum hópi fólks saman og útvega þeim rannsóknaraðstöðu er hægt að þróa nýja tækni til þess að finna út hvernig við getum flutt út raforku. Allir njóta góðs af samvinnunni, iðnaðarmenn, rannsóknaraðilar, stjórnmalámennt o.fl. Svona teymisvinna er notuð víða erlendis til að þróa nýja tækni á skömmum tíma.

Á Lálandi í Danmörku hefur einmitt svona teymisvinna verið notuð til þróunar á vetni, þörungaframleiðslu og rafmagnsframleiðslu frá vindmyllum. Í bænum Vestenskov er verið að gera tilraun með vetniþorp með nýtingu orkunnar frá vindmyllum í nágrenninu. Vindmyllurnar framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki og stofnanir á daginn en fyrir þorpið að næturlagi. Næturframleiðslu vindmyllanna er breytt í vetni sem nýtist tilraunaþorpinu með sérbúnaði í hverju húsi sem breytir vetni aftur í rafmagn.

Áætlað er að öll húsin í þorpinu verði tengd þessari tilraun á þessu ári (2009) og við það sparist 1 tonn af CO₂/íbúa. Vetnið er notað til að geyma raforkuna sem síðan er aftur breytt í raforku. Vandamálið er að geyma vetnið vegna sprengihættu. „Triple Helix“ er eitt þeirra verkefna sem sett var þar í gang, en það er samvinna á milli háskóla og einkafyrirtækja. Teymisvinnan skapar bæði nýja og betri tækni og mörg atvinnutækifæri á ótrúlega skömmum tíma.

ÚTFLUTNINGUR Á RAFMAGNI

Vissulega erum við að flytja út rafmagn í formi áls og einnig er talað um orkufrekan tölvuiðnað sem geymir gögn víðs vegar að úr heiminum. Það stendur alveg fyrir sínu. Hægt er að nýta og geyma raforku með ýmsum hætti og flytja út. Ein áhugaverðasta hugmyndin sem komið hefur fram er að vinna eldsneyti (metanól) með rafmagn og útblæstri álvera. Slíku eldsneyti má brenna í bensínvélum, það er auðvelt í flutningi og endurheimtir að auki dýrmætan útblásturskvóta. Vandamálið við vetni er enn að nýting þess er ekki langt komin og flutningur þess er tæknilega erfiður. Framtíðin kann að vera rafstrengir á milli landa en sú tækni sem til er í dag býður ekki upp á raunhæfan orkuflutning í strengjum vegna gífurlegs orkutaps á leiðinni.

TRÚIN FLYTUR FJÖLL

Ég hef mikla trú á teymisvinnu fræðimanna og tæknimanna og með því að leggja þeim til rannsóknaraðstöðu verði hægt að þróa nýja tækni til þess að finna út hvernig við getum flutt út orku. Allir munu njóta góðs af samvinnunni.

Olía sem orkugjafi verður hallærisleg eftir nokkur ár vegna mengunar sem hún skilur eftir sig í andrúmsloftinu. Olíuvinnsla á Drekasvæðinu er fjarlægur og fjárfrekur draumur. Ísland á að vinna skipulega að hvers konar hreinni og endurnýjanlegri orku og að verða leiðandi á því sviði í veröldinni.

„Besta lausnin getur verið keppinautur góðrar lausnar“, það á ekki alltaf að bíða eftir að besta tæknin verði fundin upp - það verður alltaf þróun í tækninni. Þess vegna eigum við að nota þá tækni í dag sem er góð og grípa gæsina núna og síðan er hægt að þróa tæknina áfram.

Höfundur: Margrét Björnsdóttir

Þessi störfuðu í vinnuhópnum:

Áslaug Friðriksdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Hafsteinn Valsson, Halldóra Björk Jónsdóttir, Haraldur Haraldsson, Helgi Þórðarson, Ívar Pálsson, Kristinn Gíslason, Kristján Árnason, Kristján Pálsson, Kolbrún Baldursdóttir, Magnús Magnússon (formaður), Magnús Árni Skúlason, Margrét Björnsdóttir, Ólafur R. Jónsson, Ólafur Hilmar Sverrisson, Páll Hjartarson, Pétur H. Blöndal, Ragnar Önundarson (ritari), Rakel Sveinsdóttir, Sigríður Finsen, Sigríður Hallgrímsdóttir, Sigurður Pálsson, Þorkell Ragnarsson og Þórður Kristjánsson

5

SAMKEPPNISHÆFNI

1. SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

- Forsendur samkeppnishæfni eru opinn og frjálts markaður með frjálst flæði fjármagns, vöru, þjónustu og vinnuafis. Ennfremur stöðugt efnahagsumhverfi með stöðugum gjaldmiðli, stöðugu verðlagi og fyrirsjáanlegu vaxta- og skattaumhverfi.
- Samkeppnishæfni lands veltur líka á samkeppnisforskoti einstakra fyrirtækja, aðgangi að sérhæfðum framleiðsluþáttum og hagstæðu og hvetjandi fyrirtækjasamfélagi.
- Innan tíu ára á Ísland að vera leiðandi á 5 – 10 atvinnusviðum og eiga fjölmörg fyrirtæki í fremstu röð á sínum vettvangi.
- Velja menn í leiðtogastörf eftir hæfileikum, dugnaði og heiðarleika. Ábyrgð fylgi virðingu og völdum.
- Við eigum og verðum að fara í útrás á ný en nú er tækifæri til að vanda betur valið.
- Við þurfum að byggja upp traust á erlendum vettvangi með samstilltu átaki.
- Leggja þarf áherslu á heilbrigða samkeppnismenningu og bætt eftirlitskerfi sem styrkir samkeppnishæfni þjóðarinnar.
- Skattaumhverfi fyrirtækja sem er ekki lakara en það sem erlendir keppinautar búa við
- Efla menntun og sérhæfingu og uppbyggingu framtaksþjóðfélags.
- Skapa stöðugleika, öryggi og traust með nýjum gjaldmiðli og skipa okkur í raðir Evrópuþjóða.

INNGANGUR

Skilyrði vaxandi velferðar, atvinnuþátttöku og hagvaxtar eru að íslensk fyrirtæki séu vel samkeppnishæf á innlendum og erlendum mörkuðum. Varanleg samkeppnishæfni íslenskra atvinnugreina mun til lengdar ekki ráðast af lágum launakostnaði heldur af hagstæðu lagaumhverfi, efnahagslegum stöðugleika og heilbrigðri samkeppnismenningu.

SAMANTEKT

FORSENDUR SAMKEPPNISHÆFNI ERU:

Opinn og frjáls markaður þar sem er frjáls og gjaldlaus aðgangur að útflutningsmörkuðum; hindrunarlaust flæði innflutnings og frjálst flæði fjármagns, vöru, þjónustu og vinnuafis.

Stöðugt efnahagsumhverfi með stöðugum gjaldmiðli, stöðugu verðlagi, vinnumarkaði í eðlilegu jafnvægi, stöðugum ríkisfjármálum og hagstæðu og fyrirsjáanlegu vaxta- og skattaumhverfi.

AÐ AUKI VELTUR SAMKEPPNISHÆFNI LANDS Á PREMUR MEGIN ÞÁTTUM:

1. SAMKEPPNISFORSKOTI EINSTAKRA FYRIRTÆKJA

Fyrirtæki eru mikilvæg. Þau skapa vinnu, öryggi, velferð og efnahagslegan vöxt. Við viljum skapa góð skilyrði til að fyrirtæki verði stofnuð, vaxi og þroskist og verði samkeppnishæf. Engin ein aðgerð getur skapað Íslandi rekstrarumhverfi, sem er með því besta á heimsvísu. Það krefst margvíslegra aðgerða svo sem á sviði skóla, skatta, réttaröryggis, orku, innviða og fleira. Við viljum örva framtak, ekki síst meðal kvenna og á landsbyggðinni með menntun, ráðgjöf, einföldu regluverki, auknum rannsóknum, nýsköpunarmenningu og stuðningi og aðstoð við útflutning. Skattar á rekstur fara lækkanði í heiminum svo fyrirtækjaskattar verða að vera í sífelldri endurskoðun þannig að þeir séu aldrei meira íþyngjandi en í samkeppnislöndum okkar. Við búum við opnari landamæri og hraðari flutninga en áður. Tollahindranir mega ekki draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Reikna má með, að með því að standa utan ESB þurfi íslensk fyrirtæki að borga sem nemur 1-3% af framleiðslukostnaði fyrir landamæraeftirlit.

2. AÐGANGI AÐ SÉRHÆFÐUM FRAMLEIÐSLUÞÁTTUM

Almennir framleiðsluþættir eins og hráefni og ósérhæft vinnuafli eru öllum aðgengilegir og skapa því ekki varanlegt samkeppnisforskot. Sérhæfðir þættir eru skapaðir eða áunnir og má þar nefna þungar fjárfestingar, sérhæft starfsfólk, fjármagn sem miðlað er af þekkingu og góðir samfélagsinnviðir. Sérhæfðir framleiðsluþættir eru ekki afritaðir af öðrum og veita varanlegt samkeppnisforskot.

Við viljum stuðla að sköpun sérhæfðra framleiðsluþátta, sem leiða til framúrskarandi samkeppnis-skilyrða fyrir íslenska framleiðslu. Þetta gerum við m.a. með því að efla menntun á sviði tækni og hönnunar, stjórnunar og raunvísinda. Með því að skapa bankakerfi, sem í krafti þekkingar getur fjármagnað framsækna framleiðslu og þjónustu og með því að byggja upp innviði t.d. í samgöngum og samskiptum, sem létta starfsemi og lækka kostnað fyrirtækja í öllum landshlutum.

3. FYRIRTÆKJAKLASAR SEM ÖRVA VIÐBRAGÐSHRAÐA OG SVEIGJANLEIKA, BREIKKAR ÞEKINGU OG SKAPAR NÝJUNGAR

Samkeppnishæfni þjóðar er sterkust þar sem hefur myndast samfélag fyrirtækja í líkum greinum – framleiðenda, birgja, þjónustuaðila og stofnana – þar sem ríkir bragur framtaks og innbyrðis samkeppni sem ýtir undir stöðuga aukningu á framleiðni og nýsköpun; þar sem kröfuharður markaður rekur þau til að bæta stöðugt samkeppnisgetu með bættum gæðum og framþróun; þar sem

myndast innbyrðis stuðningur með sameiginlegum grunnrannsóknnum, flæði upplýsinga, hugmynda, nýjunga og starfsfólks. Slíkt samfélag er t.d. í fiskvinnslu á Íslandi þar sem framúrskarandi árangur hefur náðst í samkeppni við aðrar þjóðir. Orkugeirinn er annað dæmi um svið þar sem samstarf yfir breitt svið hefur skapað fyrirtæki, stór og smá, með mikla samkeppnishæfni á alþjóðamörkuðum. Leggja þarf rækt við eflingu fyrirtækjaklasa til dæmis með framlögum til nýsköpunar og menntunar á sviðum þar sem fyrirtæki hafa starfað með árangri en í einangrun. Með því geta fyrirtækin styrkt sig í samkeppni, fest sig í sessi á Íslandi og haft mikilvæg margföldunaráhrif inn í íslenskt samfélag.

Stuðla verður að myndun slíks klasasamfélags fyrirtækja í fleiri atvinnugreinum með ríkisvaldi sem skapar rétt og hvetjandi þjóðfélagsskilyrði með heilbrigðu lagaumhverfi og virkum stofnunum, sem kynda undir metnaði fyrirtækja til að ná betri árangri, ýta undir innbyrðis samkeppni og takmarka samráð, stuðla að nýsköpun og framsækni, háu viðskiptasiðferði og rekstrarmeningu þar sem framtak, hagkvæmni og ráðdeild eru höfð að leiðarljósi.

HELSTU MARKMIÐ – FRAMTÍÐARSÝN

Við viljum sjá endurreisn Íslands. Sú framtíðarsýn felur í sér að sjá hið gamla, trausta Ísland rísa upp á rústum þess nýja falska Íslands, sem hrundi til grunna í bankahruninu í október 2008.

Við viljum fá aftur gömlu gildin þar sem orð skulu standa og traust ríkir í samskiptum manna og viðskiptum fyrirtækja. Við viljum sækja fram á ný á grunni þeirra framfara sem urðu með opnun íslenska hagkerfisins en á nýjum grunni varkárni, hófsemi og sterks siðferðis.

Innan tíu ára viljum við vera leiðandi í heiminum á 5-10 atvinnusviðum og eiga fjölmörg fyrirtæki, sem eru í fremstu röð á sínum vettvangi. Við skulum standa vörð um þá þætti þar sem við erum leiðandi með því að halda vel utan um mannauð og uppsafnaða þekkingu og velferð fyrirtækja til að minnka hættu á að starfsemi flytjist úr landi. Mikilvægt er að hafa auga með sviðum þar sem tækifæri til forystu leynast og beina þangað rannsóknnum og hvatningu.

HVER ERU TÆKIFÆRIN? HVERJAR ERU TAKMARKANIRNAR?

Tækifærin eru fyrst og fremst fólgin í mannauði þjóðarinnar, opnu samfélagi og náttúruauðlindum landsins.

- Við höfum tækifæri til að velja menn í leiðtogastörf eftir hæfileikum þeirra, dugnaði og heiðarleika, en ekki eftir fjölskyldutengslum, flokksskírteinum eða prófskírteinum eingöngu. Við þurfum að tryggja að leiðtogastörfum fylgi ekki einungis virðing og völd heldur einnig ábyrgð.
- Við eigum og verðum að huga að útrás á ný, en nú höfum við tækifæri til að vanda valið. Vænlegast til árangurs er að fara í útrás með þá þætti, þá framleiðslu og þá kunnáttu, sem skapar okkur raunverulegt samkeppnisforskot. Við höfum tækifæri til að velja keppnisvöllinn. Við eigum á næstu misserum einbeita okkur að nágrenni okkar á meðal þjóða með svipaða menningu og sambærilegar reglur um atvinnustarfsemi. Góður árangur heima og á mörkuðum, sem standa okkur næst er forsenda árangurs annars staðar í heiminum.

- Þar sem við búum nú þegar yfir yfirburða þekkingu eins og nýtingu fiskistofna og fiskvinnslu, virkjun endurnýtanlegra orkulinda eins og jarðhita og fallvatna og ýmsa sérhæfða hugbúnaðarvinnu, til dæmis á heilbrigðissviði, má allur heimurinn vera viðskiptavangur okkar.
- Skólakerfi er í grunninn gott og því eru þar tækifæri til að mæta betur þörfum skapandi einstaklinga og örva framtak og skapandi hugsun. Mikil tækifæri felast í eflingu kennslu í verkmennt, raungreinum, hönnun og framtakshugsun.

Takmarkanir okkar eru fyrst og fremst fólgnar í mannfæð okkar og takmörkuðum fjármunum. Því til viðbótar kemur tímabundið vantraust margra þjóða á heilindum okkar og falsleysi.

- Við þurfum að hyggja vel að þeim sérsviðum þar sem við búum yfir yfirburða þekkingu og samkeppnishæfni; á öllum þessum sérsviðum eru sérfræðingar okkar mjög fáir og við þurfum að deila kröftum þeirra á milli þarfa Íslands og viðskiptatækifæra erlendis. Við þurfum að gæta okkar að reisa okkur ekki hurðarás um öxl. Jafnvægi verður að vera þannig að útrás komi ekki niður á uppbyggingarþörf okkar innanlands.
- Vegna mannfæðar þurfum við að vanda meira val á ráðgjöfum, sérfræðingum og leiðtogum á pólitíska sviðinu. Lág laun mega ekki koma niður á mannvali til stjórnmaláþátttöku eða opinberra embætta. Sérhver einstaklingur verður að fá verðug verkefni til úrlausnar, sem nýta og ögra þeirra hæfileikum.
- Tryggja þarf fjármagn til útrásar og vanda útdeilingu þess og umfram allt koma á virku eftirlitskerfi, sem tryggir sem besta nýtingu þess.
- Vegna smæðar okkar og vanmáttar á fjármálasviði er brýnna að skipuleggja verkefni og fylgja eftir framgangi þeirra og þar með skilvirkni og nýtingu á mannafla og fjármunum. Stjórnvöld hafa lítið notað sér tækni nútíma verkefnisstjórnunar, en þar eru stjórnunartæki og tækni, sem örugglega gætu nýst vel í uppbyggingarstarfinu.
- Skortur á trausti á íslensku viðskiptalífi er á meðal okkar alvarlegustu takmarkana. Við þurfum að byggja aftur upp traust, innanlands og utan með samstilltu átaki, beinskeyttum og öflugum aðgerðum en sérstaklega með vinnubrögðum, sem ávinna okkur traust til lengri tíma. Þetta mál er svo alvarlegt að á því þarf að taka strax sem sérstöku verkefni.

HVAD Á AÐ GERA? HVERS BER AÐ GÆTA?

Spurningarnar um það, hvað eigi að gera og hvað beri að varast varðandi samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði eru krefjandi og verður væntanlega að skipta þeim í tvennt, það er annars vegar aðgerðir sem koma til framkvæmda á allra næstu misserum og hins vegar langtímaaðgerðir. Ástæður eru einkum tvenns konar; tímabundnir erfiðleikar á fjármagnsmarkaði og rofið traust til fyrirtækja og þjóðarinnar í heild.

- Við þurfum að tryggja að íslensk fyrirtæki séu vel samkeppnishæf á innlendum og erlendum mörkuðum. Til þess þarf efnahagslegan stöðugleika og heilbrigða samkeppnis-menningu.
- Við verðum að tryggja opinn og frjálsan markað með stöðugum ríkisfjármálum og fyrirsjáanlegu skatta- og vaxtaumhverfi.
- Við viljum sjá bætt eftirlitskerfi, sem styrkir samkeppnishæfni þjóðarinnar.

- Við viljum skólakefi sem er örvandi til framtaks og nýsköpunar hvort sem er á sviði framleiðslu, þjónustu eða lista. Skólakerfið bjóði upp á námskeið s.s. um útflutning, og gerð rekstraráætlana til stuðnings við nýgræðing í atvinnurekstri.
- Mikilvægt er að skattaumhverfi fyrirtækja verði ekki lakara en í samkeppnislöndum okkar. Skattar mega ekki verða til að letja atvinnurekstur eða vinnulöngun né ýta undir fjármagnsflóttu.
- Við þurfum að efla alla þá þætti, sem stuðla að nýsköpun og tryggja samkeppnisforskot, aðgengi að og eflingu sérhæfðra framleiðsluþátta og uppbyggingu framtakssamfélags.
- Við viljum skapa stöðugleika, öryggi og umfram allt traust. Það gerum við best með nýjum gjaldmiðli og með því að skipa okkur í raðir þeirra Evrópuþjóða, sem við höfum mest og nánust samskipti við.

Höfundar: Pétur J. Eiríksson og Gunnar Torfason

2. ENDURREISN FJÁRMÁLAKERFISINS Á ÍSLANDI

- Hraða þarf endurskipulagningu bankakerfisins.
- Gengið verði frá nýjum efnahagsreikningum bankanna.
- Semja þarf við erlenda kröfuhafa „gömlu“ bankanna þ.m.t vegna innlána erlendis.
- Semja þarf við eigendur „jöklabréfa“.
- Erlend eignaraðild og sameining banka eru mikilvægustu hagræðingaraðgerðirnar.
- Lækka þarf vexti og afnema gjaldeyrishöft.
- Nýjar reglur verði settar um hámarkslán til einstakra viðskiptavina.
- Nýjar reglur verði settar um hámarkseignaraðild í stórum fjármálafyrirtækjum.
- Unnið verði skipulega að upptöku nýrrar myntar á Íslandi.
- Bankarnir geti veitt alla almenna bankaþjónustu hér á landi.
- Áhersla verði lögð á gegnsæi eignartengsla.

INNGANGUR

Mikilvægt er nú að unnt verði sem fyrst að koma fótunum undir starfsemi bankanna en það tekur sinn tíma. Þetta er krefjandi þar sem mikil óvissa er um framtíðina og efnahagslæggð flestra helstu viðmiðunarþjóða okkar í heiminum er enn að dýpka. Afskipti stjórnvalda af bönkum sem og nýtt regluverk eru meiri en dæmi eru til um. Bankar þurfa að hugsa viðskiptalíkon sín alveg upp á nýtt.

STAÐAN

Mikið og flókið starf hefur verið unnið í skilanefndum gömlu bankanna á þeim tíma sem liðinn er frá hruni bankanna en starfsemi þeirra sem og nýju bankanna hefur nokkuð markast af þeirri óvissu sem ríkt hefur í stjórnmalum og þannig haft neikvæð áhrif á umboð til athafna. Óvissa er einnig enn um yfirstjórn í öllum bönkunum þremur sem og hræringar er verið hafa í bankaráðum þeirra hafa ennfremur valdið óvissu. Alþjóðasamskipti bankanna voru nánast aflögð og samskipti skilanefnda við alþjóðlega kröfuhafa hafa einkennst af tortryggni og verið of takmörkuð, sem er mjög miður. Það er ekki einungis markaðsvirði íslenskra banka sem hefur fallið þó þeir hafi fallið mest. Þannig hefur markaðsvirði helstu banka heims fallið úr 8,8 trilljónum bandaríkjadala í lok 3. ársfjórðungs 2007 í 3,3 trilljónir þann 23. janúar s.l. (skv. alþjóðlega ráðgjafarfélaginu BCG) eða um 63%. Verðmæti margra stórbanka hefur lækkað mikið til viðbótar á þeim mánuði sem er liðinn síðan þetta var reiknað.

MARKMIÐ

Aðalmarkmiðið er að íslenska bankakerfið verði starfhæft á nýjan leik og geti a.m.k. sinnt brýnustu þörfum einstaklinga og fyrirtækja sem nauðsynlegt er til að hjól atvinnulífsins fari að snúast með eðlilegum hraða á ný.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Stærstu tækifærin nú felast í möguleikum á og nauðsyn til viðtækrar endurskipulagningar í bankakerfinu bæði hérlandis og erlendis. Bankarnir verða að skerpa áherslur og einbeita sér að grundvallarþjónustu og þjónustu og afurðum sem þeir sjálfir skilja. Sá þáttur sem verður mest takmarkandi næstu misserin og árin er aðgengi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Það er takmarkað ekki einvörðungu vegna erfiðs ástands hér á landi heldur vegna almennra og stórfelldra erfiðleika víðsvegar í heiminum.

HVAÐ Á AÐ GERA? HVERS BER AÐ GÆTA?

HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI

- Mat á efnahagsreikningum bankanna og frágangur þeirra er frumforsenda þess að hægt sé að hefja uppbyggingu kerfisins. Sífelldur dráttur hefur verið á þeim frágangi.
- Semja þarf við eigendur eða útgefendur „jöklabréfa“ um að þeir haldi eignum sínum í krónum um tiltekinn tíma. Sú vinna þarf að vera markviss og ákveðin og má ekki tefjast.
- Semja þarf við lánadrottna gömlu bankanna þriggja, sérstaklega vegna aðkomu þeirra að nýju bönkunum með hlutafjareign í stað tapaðra útlána, sem þeir lánuðu bönkunum. Eignaraðild þeirra að íslensku bönkunum er mikilvæg en nauðsynlegt kann að vera að búa til sérstök eignarhaldsfélög í því sambandi til að auðvelda þá aðkomu. Það mun flýta endurreisn íslenska bankakerfisins og opna miklu fyrr en ella möguleika til erlendra lántöku, sem er mikilvæg til að geta þjónað þörfum helstu fyrirtækja á Íslandi án þess þó að vera notuð til að fjármagna stórfelld fyrirtækjakaup þeirra erlendis. Lágmarksmarkmið er að geta haldið stöðu erlenda lánasafnsins óbreyttri, þ.e. fá ný lán á móti niðurgreiðslum eldri lána atvinnulífs og heimila. Það er þó ekki auðvelt um þessar mundir vegna takmarkaðs framboðs lánsfjár á alþjóðamörkuðum og verð þess er einnig hátt.
- Forsenda öflugrar útlánastarfsemi fyrir íslenskt atvinnulíf er að endurvinnna traust erlendra banka og sjárfesta. Lántökur erlendis án ríkisábyrgðar verða ekki færar á næstunni og jafnvel mjög torveldar þó ríkisábyrgð fylgi. Mestar líkur eru á bættum aðgangi eru ef bankarnir verða að verulegu leiti í eigu erlendra aðila með mun herra lánshæfismat en íslenska ríkið. Hyggist ríkið aðstoða bankana við öflun lánsfjár þarf að

stofna sérstakan starfshóp, sem starfi fyrir alla íslensku bankana þrjá sem og „gömlu“ bankana og aðra hagsmunaaðila þannig að samræmis sé gætt og samhæfing tryggð. Síðan færist þessi starfsemi aftur inni bankana hvern um sig smátt og smátt. Slíkur starfshópur ætti að hafa skýr markmið og tímalínu og ekki vera of fjölmennur og vinna að málum sem auka traust og möguleika á aðgengi að alþjóðamörkuðum á ný.

- Heildaryfirsýn vantar yfir markaðinn hér á landi í dag og um hvernig tekið er á málum í gegnum skilaneindir sem og inni í nýju bönkunum. Vera kann nauðsynlegt að auka samhæfingu vegna þessa í heild meðan kúfurinn er tekinn af þessari kerfisbreytingu fyrir Ísland. Gegnsæi þessarar vinnu og upplýsingar þarf að bæta verulega.
- Lækkun vaxta og afnám gjaldeyrishafta er frumskilyrði þess að bankarnir komist í þá stöðu að geta þjónað viðskiptavinum vegna þeirra venjulegu viðskiptalegu þarfa. Alltof háir vextir sem sliga viðskiptavinina bitna á bönkunum þegar upp er staðið og íslensk fyrirtæki sem búa við gjaldeyrishöft þurfa að finna hjáleidir framhjá íslenskum bönkunum.
- Sameiningu tveggja af þremur núverandi nýju bönkunum væri skynsamlegt að skipuleggja og undirbúa eins fljótt og auðið er þar sem þrír stórir bankar eru of viðamikil og dýrt kerfi. Grundvöllur þarf einnig að vera fyrir gróskumikil smáfyrirtæki á fjármálamarkaði hér þannig að samkeppni minnki ekki þrátt fyrir sameiningu stærri banka. Ákvarðanir af eða á um sameiningu þarf að taka sem fyrst til þess að draga úr óvissu.

NÆSTU SKREF – BREYTINGAR Á STARFSREGLUM – FRAMTÍÐARSKILYRÐI

- Eigið fé verður skv. lögum að vera 8% (svokallað CAD eigið fé) en lágmark fyrir nýju bankana þrjá ætti að vera a.m.k. á bilinu 10 til 12% og engin viðskiptavild þar inni. Þar sem áhætta í rekstrinum er enn mikil er nauðsynlegt að eigið fé sé umtalsvert hærra en lágmarkið. Fjármálaeftirlitið hefur einnig heimildir til að ákveða slíka hækkun.
- Viðmiðun varðandi hámarksútlán til einstakra aðila þ.m.t. til tengdra aðila ætti að lækka í 15% af eigin fé banka úr 25%. Aðlögunartíma gæti þurft fyrir einhverja aðila. Þá ætti þetta hámark í krónum talið ekki að mega hækka í takt við stækkun banka ef hún er hraðari en 15% á ári. Til að fylgja þessu eftir er gagnsæi nauðsynlegt.
- Sérstaka varúð þarf að viðhafa varðandi lán út á hlutabréf þannig að veðhlutfall elti ekki hækkandi markaðsverð. Veðhlutfall vegna skráðra hlutabréfa sé að hámarki 50% af verðmæti og upphæð auk þess ekki meira en 14 – 21 dags velta með bréf viðkomandi félags á skráðum markaði. Veðhlutfall lækki miðað við markaðsverð ef hækkun á verði er meiri en 15% á ári. Þá er mikilvægt að veðköllum sé fylgt hratt eftir.
- Varúð þarf einnig að hafa vegna fasteignalána, sérstaklega hvað varðar atvinnuhúsnaði og fjöldabyggingar íbúðarhúsnaðis. Skilyrði ætti að vera að eiginfjárframlag komi ávallt inn fyrst í peningum. Sömuleiðis að sala eða leiga 50% húsnaðisins sé frágengin áður en láveitingar hefjast. Þá gengur ekki að hækka lán sífellt í takt við hækkandi verð fasteigna ef hækkun á verði fasteigna er meiri en 5% á ári.
- Einstaklingsútlán til fasteignakaupa geta ekki verið í erlendri mynt til aðila sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum. Vegna núverandi útistandandi einstaklingslána í erlendum myntum vegna íbúðabygginga þarf að vinna sig út úr þeirri stöðu miðað við stöðu hvers einstaklings eða finna heildarlausn fyrir alla. Ný lán af því tagi ættu ekki að vera heimil ef tekjur eru allar í ISK.

- Eignarhald stórra fjármálafyrirtækja er æskilegt að takmarka við t.d. 10% af heild í höndum eins aðila og eins aðila að viðbættum tengdum aðilum en mikilvægt er að bankarnir komist sem fyrst í hendur einkaaðila á ný en með ákveðnari umgjörð hvað starfshætti varðar og leitast við að fyrirbyggja krosseignarhald. Til þess er gegnsæi einnig nauðsynlegt. Þessar takmarkakanir þurfa þó ekki að eiga við erlenda aðila t.d. ef erlendur stórbanki vill hasla sér völl hér á landi.
- Varað er við hugmyndum um stofnun eins allsherjar eignarhaldsfélags ríkisins um eignarhald í 15 til 20 stærstu fyrirtækjum landsins. Þar gæti verið kominn enn einn ríkisbankinn. Eðlilegra er að hver af stóru bönkunum sjái um slíkt sjálfir enda verði þeir aðeins tveir fljótlega. Eignarhald aðila í ríkiseign að stærstu fyrirtækjum landsins þarf að takmarka eins og unnt er og nauðsynlegt að því ljúki innan tveggja til þriggja ára ef nokkur kostur er.

FRAMTÍÐARÞJÓNUSTAN

- Hvaða banka- og fjármálaþjónustu þurfa íslenskir bankar að veita í framtíðinni? Það þarf að skoða vel. Að lágmarki alla almenna bankaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hversu umfangsmikil afleiðuviðskipti eru eðlileg og hver er áhættan þeim tengd eru atriði sem þarf að skoða sérlega vel áður en reglur eru endurskoðaðar.
- Tæknilega stendur fjármálaþjónusta á Íslandi framar en víðast annars staðar og er mikilvægt að halda háu tækni- og öryggisstigi.
- Stóru bankarnir þurfa að veita örugga og góða greiðsluþjónustu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, hér innanlands sem og í milliríkjavíðskiptum. Mikilvægi alþjóðlegrar greiðsluþjónustu fyrir öll fyrirtæki sem stunda inn- eða útflutning og einstaklinga vegna náms og ferða erlendis gleymdist að einhverju leyti í bankahruninu. Enginn utan bankanna virtist gera sér grein fyrir mikilvægi þessarar þjónustu fyrr en of seint. Stjórnvöld tóku ekkert mark á bankamönnum við þessar aðstæður. Þetta er sú tegund þjónustu sem ekki er sjáanleg út á við fyrr en hún truflast eða stöðvast af einhverjum orsökum. Sú truflun sem varð á þessari þjónustu við fall bankanna s.l. haust hefur valdið ótöldum erfiðleikum fyrirtækja í samskiptum við erlenda birgja.
- Bankarnir verða að hafa burði og vilja til að þjóna íslenskum útrásarverkefnum sem hafa tekist vel og enn eru í gangi og teljast arðbær. Þá þurfa bankarnir að byggja upp á ný ýmsa sérhæfða alþjóðlega fjármálaþjónustu s.s. fyrir sjávarútveg og framleiðslu og dreifingu á orku.

Höfundur: Brynjólfur Helgason

3. ENDURREISN ÍSLENSKS HLUTABRÉFAMARKAÐAR

- Íslenskur hlutabréfamarkaður varð fyrir gríðarlegu áfalli við hrun viðskiptabankanna.
- Skráð fyrirtæki, viðskiptavakar og fjárfestar, bæði einstaklingar og fagfjárfestar, hafa allir orðið fyrir tjóni.
- Virkur hlutabréfamarkaður hefur grundvallarþýðingu fyrir efnahag og atvinnulíf þjóðarinnar og hann þarf að endurreisa.
- Tækifæri er fyrir nýtt upphaf á hlutabréfamarkaði og fátt á að geta staðið í vegi fyrir endurreisn. Fyrirtæki þurfa mörg aukið eigið fé og fólk og tæki eru til staðar.
- Fjölmargar tillögur um hvernig gera megi endurreistan hlutabréfamarkað fjölbreyttari, skilvিকari og gegnsæri.

INNGANGUR

Íslenskur hlutabréfamarkaður varð fyrir gríðarlegu áfalli þegar stóru viðskiptabankarnir þrír hrundu í október sl. enda nam velta fjármálafyrirtækja 89% af heildarveltu í úrvalsvísitölunnar á fyrri hluta ársins 2008. Fyrir hrunið var samanlagt markaðsvirði félaga í kauphöllinni um 120% af landsframleiðslu sem er svipað hlutfall og algengt er í þeim löndum sem fremst standa í efnahagsmálum. Eftir hrunið er markaðsvirði skráðra félaga aðeins um 22% af landsframleiðslu. Þá lækkaði úrvalsvísitala kauphallarinnar úr 6.144 stigum í byrjun árs 2008 í aðeins 352 stig í árslok og er ekki vitað um svo mikla lækkun hlutabréfaverðs meðal þróaðra þjóða í seinni tíð. Sama má segja um daglega meðalveltu með hlutabréf sem lækkaði um 99% og fór úr 9,8 milljörðum króna í 81 milljón króna eftir hrun.

Þess má vænta að allir þátttakendur á markaðnum eigi um sárt að binda eftir svo miklar sviptingar. Gildir þá einu hvort um er að ræða þau fáu fyrirtæki sem eftir eru á markaðnum, viðskiptavakana eða fjárfestana sjálfa, bæði einstaklinga og fagfjárfesta.

Verkefni Sjálfstæðisflokksins nú er að stuðla að því að endurvakið verði traust á íslenskum hlutabréfamarkaði og tryggja að fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum eigi aðgang að markaðnum án þess að kostnaður sé takmarkandi.

REIFUN

Forsendan fyrir virkum hlutabréfamarkaði er að þar séu fjöldi áhugaverðra fjárfestingakosta, að fjármálafyrirtæki (viðskiptavakar) sjái um viðskipti og viðskiptavakt og að til staðar séu virkir og upplýstir kaupendur.

Það er einkum á fyrstnefnda sviðinu sem hlutir hafa farið á verri veg á undanförunum árum. Markaðurinn gekk í gegnum mikla þróun frá árinu 1992 en þá voru skráð félög einungis tvö og veltan á markaðnum innan við 4% af landsframleiðslu. Þegar best lét árið 2001 voru skráð félög á aðallista kauphallarinnar 75 talsins. Markaðsvirði skráðra félaga náði hámarki 2006 og nam þá 227% af landsframleiðslu en skráð félög voru hins vegar aðeins 26. Segja má að fjármálafyrirtæki og fjárfestingafélög sem fjárfestu í þeim hafi á þessum tíma verið búin að ýta öðrum markaðshæfum fyrirtækjum út af aðallista úrvalsvísitölunnar í skjóli stærðar og seljanleika. Markaðurinn var orðinn mjög einsleitur.

Einungis sex félög mynda nú Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar og hafa þau aldrei verið færri. Þetta eru félögin Alfesca, Bakkavör Group, Icelandair Group, Marel og Össur. Sautján félög eru nú samtals í viðskiptum í Kauphöllinni.

Í undirbúningi er endurreisn fjármálafyrirtækjanna sem annast milligöngu um viðskipti og viðskiptavakt. Þróunin á undanförnum árum var á þá lund að seljanleiki og viðskiptavakt varð æ betri á stærri fyrirtækjum á meðan þau smærri urðu útundan. Þetta hafði áhrif á verðlagningu bréfa en ekki er unnt að fjölýrða hvort hér hafi ráðið samningar um viðskiptavakt eða vilji fjárfestanna. Ekki er að búast við öðru en að hinir nýju bankar muni reyna að endurvekja virk viðskipti á hlutabréfamarkaði.

Fjárfestar eru ekki eins öflugir og þeir voru fyrir hrunið. Sýnt er að fagfjárfestar sem eru einkum lífeyrissjóðir hafa tapað verulegum fjármunum á falli bankanna enda með stóra stöðu í bæði hlutabréfum og skuldabréfum þessara aðila. Sama má segja um einstaklinga sem margir hverjir sitja eftir með lán sem tekin voru til hlutabréfakaupa án þess að eignir séu á móti. Þá eru ný lán til stöðutöku á hlutabréfamarkaði ófáanleg um þessar mundir. Þess er því að vænta að kaupendahlíð markaðarins verði ekki eins virk á næstunni og verið hefur undanfarin ár.

STEFNUMÓTUN

Hlutabréfamarkaðurinn hefur grundvallarþýðingu fyrir efnahag og atvinnulíf hverrar þjóðar. Hann er mikilvæg uppspretta fjármagns fyrir atvinnulífið og ennþá mikilvægari þegar lánsfjárrúð ríkir. Þetta á vissulega við á Íslandi í dag. Þegar hlutafé fyrirtækja er skráð á markaði gerir það þeim mögulegt að afla viðbótarfjármagns með sölu nýs hlutafjár til fjárfestinga eða greiðslu skulda og eru þau því ekki eins háð lánsfé.

Hlutabréfamarkaðurinn er einnig mikilvægur út frá sjónarhóli fjárfesta. Skilvirk viðskipti með hlutabréf fela í sér að eignarhlutir í félögum verða auðseljanlegir. Þau færa fjárfestum því álitlega fjárfestingakosti sem oft bera meiri arð og eru seljanlegri en aðrir kostir.

Skilvirkur hlutabréfamarkaður er óaðskiljanlegur frá öflugum efnahagslífi og hagvexti meðal þróaðra velferðarríkja og því er það okkur Íslendingum ákaflega mikilvægt að endurreisa þennan markað. Öll þróuð hagkerfi njóta stuðnings öflugs hlutabréfamarkaðar.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Segja má að allt sé til staðar til að endurreisa hlutabréfamarkaðinn. Tæknilegir örðugleikar eru engir enda eigum við fólk, tæki og tól til að halda utan um markaðinn. Takmarkanirnar eru einkum huglægar, þ.e. vilji fyrirtækja til að láta skrá hlutabréf sín á markaðinn og vilji fjárfesta til að kaupa bréf sem kunna að verða í boði.

HVAÐ Á AÐ GERA?

Núverandi staða hérlendis þar sem bankar eru á leið í ríkiseigu á nýjan leik og verulegur hluti stærri fyrirtækja er skuldsettari en góðu hófi gegnir þýðir að hlutabréfamarkaður á Íslandi stendur frammi fyrir nýju upphafi. Þetta mætti jafnframt kalla afturhvarf til fortíðar þar sem nú er tækifæri til að byrja frá grunni á nýjan leik. Helstu verkefni sem grípa þarf til í því skyni að efla markaðinn eru m.a.:

- Veita að nýju skattaflátt vegna hlutabréfakaupa hjá einstaklingum.
- Leyfa yfirfærslu á tapi vegna hlutabréfaviðskipta milli ára.
- Hvetja þarf fyrirtæki með góðan rekstrargrundvöll og framtíðarhorfur að skrá sig á markaðinn, sérstaklega ef þau er í þeirri stöðu að þurfa að auka við eigið fé í efnahagsreikningi sínum.

- Skrá nýju bankanna og fyrirtæki í þeirra eigu á markaðinn að hluta til eða að öllu leyti við fyrsta tækifæri.
- Heimila orkufyrirtækjum að sækja sér nýtt eigið fé á markaði sem hefur í för með sér að breyta þarf þeim í hlutafélög.
- Setja reglur um dreift eignarhald á skráðum bönkum og orkufyrirtækjum.
- Nauðsynlegt er að heimila erlenda eignaraðild á fyrirtækjum í sjávarútvegi.
- Endurbæta reglur um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða þannig að kröfur séu um áhættudreifingu og eðlilegt samband á milli ávöxtunar og áhættu.
- Setja reglur um hámarkshlutfall einstakra atvinnugreina í úrvalsvisitölunni.
- Leyfa félögum sem hafa erlenda starfsrækslumynt skráningu hlutabréfa í þeirri sömu mynt og byggja á nýjan leik upp traust erlendra aðila á að fjárfesta í íslenskum félögum.
- Afnema gjaldeyrishöft til að skapa forsendur fyrir trausti milli íslenskra fyrirtækja og erlendra fjárfesta.
- Breyta regluverki í kringum skráningu á þann veg að óhagræði og kostnaður vegna skráningarinnar sé ekki takmarkandi þáttur fyrir meðalstór fyrirtæki.
- Finna fyrirkomulag sem tryggir virka viðskiptavakt á hlutabréfum í meðalstörum fyrirtækjum og tryggir þannig seljanleika.
- Tryggja skilvirkt fjármálaeftirlit.
- Hraða afgreiðslu mikilvægra mála.
- Endurvekja yfirtökunefnd og láta hana alfarið taka við hlutverki Fjármálaeftirlitsins þegar kemur að álitamálum um yfirtökur. Jafnframt að efla umboð og refsíurræði nefndarinnar.
- Auðvelda smærri hluthöfum að leita réttar síns, t.d. með því að setja lög um hóp málsókn.
- Endurskoðun á leiðbeiningum um stjórnarhætti í ljósi reynslunnar og mótun raunhæfra tillagna um eftirfylgni.

Höfundur: Stefán Pétursson

4. FRAMTÍÐ ÍSLENSKU KRÓNUNNAR

- Íslenska krónan er gjaldmiðill sem rúinn er trausti á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði.
- Vantraust erlendra aðila snýr ekki aðeins að krónunni heldur einnig íslensku laga- og reglugerðarumhverfi, en markaðsaðilum og fjárfestum fannst að með neyðarlögum væri reglum breytt afturvirk.
- Einhliða upptaka erlendarar myntar er óframkvæmanleg án stuðnings frá seðlabanka viðkomandi ríkis og skuldbindingar um svipaða þróun helstu hagstærða í báðum löndum.
- Umsókn um aðild að Evrópusambandinu og myntsamstarfi Evrópu sendir afar sterk skilaboð til alþjóðasamfélagsins um stefnumótun Íslendinga til framtíðar.
- Umsókn þýðir að stofnanir bandalagsins geta þegar hafið aðstoð við endurreisn efnahags og atvinnulífs á Íslandi.
- Náist samningar þarf þjóðin að geta sagt álit sitt á aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

INNGANGUR

Íslenska krónan er gjaldmiðill sem rúinn er trausti á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Krónan þróaðist á undraskömmum tíma á árunum eftir 2001 frá því að vera gjaldmiðill í séríslenskum viðskiptum í það að vera mynt sem notuð var í viðskiptum á alþjóðamarkaði á milli stærstu banka heims. Þá urðu skuldabréf í krónum freistandi fyrir fjárfesta sem voru tilbúnir að taka áhættu í skiptum fyrir ávöxtun sem var langt umfram það sem þeir gátu vænst á heimamarkaði. Þegar blikur fór að draga á loft vegna lánsfjárekreppu á alþjóðamörkuðum á haustmánuðum 2007 dró úr áhuga á viðskiptum með krónuna á erlendum mörkuðum. Þetta hafði í för með sér að erfiðara varð að eiga umfangsmikil gjaldeyrisviðskipti. Hvorki íslenskir né erlendir bankar voru tilbúnir í slík viðskipti og gengi krónunnar lækkaði.

Eftir að neyðarlögin voru sett í október síðastliðinn, lokaðist markaður með krónuna á erlendum mörkuðum algerlega og gengi hennar hrundi. Þeir erlendu bankar sem stunduðu gjaldeyrisviðskipti með krónuna geymdu sjóði sína í bönkum hérlendis og var því lokaður aðgangur að þessum sjóðum. Hinir nýju íslensku bankar voru í þeirri stöðu að erlendir bankar vildu ekki eiga viðskipti við þá yfir höfuð og því gátu þeir ekki veitt hérlendu atvinnulífi nauðsynlega þjónustu. Þá má ekki gleyma misbeitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögunum sem endanlega gerðu ómöguleg erlend viðskipti bankanna. Seðlabanki Íslands með aðstoð bandaríska bankans JP Morgan Chase gerði vel í að halda uppi nauðsynlegum bankalínunum svo að innflutningur nauðsynjavara lenti ekki í uppnámi.

Nú sex mánuðum eftir setningu neyðarlaganna er staðan í stórum dráttum óbreytt. Gjalddeyrishöftum hefur verið komið á og gjaldeyrismarkaði með krónuna er í raun handstýrt af Seðlabankanum. Erlendir eigendur jökla- og krónubrifa bíða í ofvæni eftir því að höftunum verði aflétt og líkur eru til þess að þessir aðilar muni reyna að losna úr krónustöðum sínum eins hratt og auðið er, sama hvað líður vaxtamun við erlendar myntir.

Verkefni Sjálfstæðisflokksins er að stuðla að því að endurvakið verði traust innlendra og erlendra fjárfesta á krónunni sem fjárfestingarkosti enda er hún eina myntin sem Íslendingum stendur til boða til skemmri tíma.

REIFUN

Krónan á sér athyglisverða sögu og e.t.v. má segja að hún sé fórnarlamb margháttæðra tilrauna varðandi peningamálstefnu. Eftir nokkurn stöðugleika á 7. áratugnum var gengi hennar fellt um nær 100% þegar síldin hvarf 1967. Hún var fórnarlamb óðaverðbólgu sökum víxlengis launa og verðlags á 8. áratugnum með þeim afleiðingum að nauðsynlegt þótti að taka tvö núll af myntinni 1981. Athyglisverð en misheppnuð tilraun til fastgengis var gerð á 9. áratugnum og það var ekki fyrr við þjóðarsátt í upphafi 10. áratugarins sem stöðugleiki komst á myntina.

Dregið var úr höftum á gjaldeyrisviðskiptum í kjölfar inngöngu Íslands í hið evrópska efnahags- svæði 1993. Gjaldyrisviðskipti innan ákveðinna vikmarka við viðskiptavog krónunnar, gengisvísi- töluna, færðust í aukana og vísir varð að gjaldeyrismarkaði með krónuna. Í efnahagssamdrætti 2001 seig hins vegar á ógæfuhlið, þegar sýnt þótti að Seðlabankanum, með takmörkuðum gjaldeyrisforða þrátt fyrir erlenda lántöku, tækist ekki að verja gengi krónunnar og stefndi í að gengi hennar færi niður fyrir fyrrgreind vikmörk. Við þessar aðstæður ákvað Seðlabankinn að fleyta myntinni með þeim afleiðingum að gengið féll hratt en jafnaði sig jafnframt fljótt. Síðan hefur íslenska krónan búið við flotgengi.

Það dylst engum að tilraunin frá 2001 í gjaldeyris- og peningamálum sem fólst í sjálfstæðri og fljóttandi mynt með stuðningi Seðlabankans Íslands sem ekki réð yfir nægilega öflugum gjaldeyrisvaraförða og starfaði án stuðnings erlendra Seðlabanka hefur mistekist. Afleiðingarnar eru geigvanlegar fyrir fyrirtæki og einstaklinga í landinu. Háir vextir á krónunni freistuðu bæði fyrirtækja og heimila til að taka erlend lán. Í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar að undanfögnu eru efnahagsreikningar þessara aðila í uppnámi. Það er því þjóðarnauðsyn að gengi krónunnar hækki á ný til að endurbyggja þennan glataða efnahag.

STEFNUMÓTUN

Gjaldyris- og peningamál eru einn mikilvægasti þáttur efnahagsstefnunnar. Engin von er til þess að efnahags- og atvinnulíf landsmanna nái að skapa íslensku þjóðinni lífskjör eins og best gerist meðal þjóða heims nema fyrirtæki og einstaklingar búi við gjaldmiðil sem gjaldgengur er í alþjóðlegum viðskiptum og nýtur trausts á alþjóðavettvangi. Ef ekki er kostur á öðrum gjaldmiðli í bráð snýst verkefni landsmanna um það hvernig endurvakið verður traust á íslensku krónunni.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Reynsla undanfarinna ára hefur fært okkur heim sanninn um að krónan er of lítil mynt til að eiga sér framtíð ef við Íslendingar viljum búa við frjálst flæði fjármagns eins og kveðið er á um í samningum um evrópska efnahagssvæðið. Sé vilji Íslendinga að hverfa a.m.k. 15 ár aftur í tímann til gjaldeyrishafta er krónan kostur til framtíðar. Að öðrum kosti þarf að leita annarra lausna. Telja má næsta vísit að það sé ekki í þágu framfara á Íslandi að hverfa aftur til tíma gjaldeyrishafta.

Vantraust erlendra aðila snýr ekki einvörðungu að krónunni. Það snýr að stjórnvöldum og íslensku efnahagslífi í heild. Neyðarlögin voru nauðsynleg út frá íslenskum þjóðarhagsmunum en frá sjónarhóli margra erlendra aðila var lögum og leikreglum á Íslandi breytt eftir á. Erlendir markaðsaðilar og fjárfestar sem hér hafa átt viðskipti eiga ekki að venjast slíkum stjórnvaldsákvörð- unum enda þekkjast þær ekki í þeirra heimalöndum og fáheyrt er að þeim sé beitt í háþróðu vestrænu lýðræðisríki. Þetta ættum við Íslendingar að geta skilið enda vandséð hvernig við gætum nokkru sinni sætt okkur við afturvirkar breytingar á skattalögum. Þá er rétt að muna að eftir hrun viðskiptabankanna var í erlendum fjölmiðlum, einkum sjónvarpi, sýnt hvernig íslenskir innistæðueigendur gengu óhindrað að hefðbundinni bankaþjónustu í íslenskum bönkum á meðan erlendir innistæðueikningar sömu banka voru frystir. Það er ógnþrungnið verkefni að vinna á nýjan leik traust erlendra aðila sem spyrja í dag hvernig treysta megi íslensku reglugerðarumhverfi.

Töluvert hefur borið á umræðu um einhliða upptöku annarrar myntar s.s evru, dollara og norskrar krónu. Það mætti jafnvel bæta sterlingspundi í þessa umræðu en Bretland er mikilvægur markaður fyrir íslenskar afurðir. Það er hins vegar blekking að halda að hægt sé að taka einhliða upp erlenda mynt án stuðnings seðlabanka viðkomandi ríkis og án skuldbindingar um að verðbólga, halli á rekstri ríkissjóðs og atvinnuleysi sé í takti við það sem gerist í heimalandi viðkomandi gjaldmiðils. Upptaka gjaldmiðils án þessara skilyrða er í eðli sínu fastgengisstefna sem reynd var hérlendis á 9. áratugnum og fór nærri með að keyra íslenskt efnahagslíf í duftið. Það er nauðsynlegt að muna að gengi gjaldmiðils er afleiðing af efnahagslífi þjóðar en ekki orsök.

Mikilvægt er að við Íslendingar getum haslað okkur völl í alþjóðlegu viðskiptalífi en til þess þarf mynt sem tekin væri upp í góðu samstarfi við aðrar þjóðir eða ríkjasambönd. Komið hefur fram að Norðmenn hyggja ekki á stækkun gjaldmiðilssvæðis norsku krónunnar. Gera má ráð fyrir að hið sama eigi við um Bandaríkjamenn og Breta. Okkur er því nauðgugur einn kostur að líta til Evrunnar og þar með Evrópusambandsins.

HVAÐ Á AÐ GERA?

Sem fyrr segir er íslensk þjóð og íslenska krónan rúin trausti á alþjóðlegum markaði. Það er Íslendingum því nauðsynlegt að senda afar sterk skilaboð til alþjóðasamfélagsins um þá stefnu sem þjóðin hyggst taka til framtíðar. Skilaboð um að vandamálin leysist að sjálfu sér eru ekki kostur við núverandi aðstæður. Segja má að efnahagsaðstæður hafi tekið völdin og því eru helstu verkefnin sem grípa þarf til í því skyni að styrkja gengi krónunnar og undirbúa upptöku erlendra myntar þessi:

- Sækja þarf nú þegar um aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntbandalaginu (ERM) með það að markmiði að ganga í sambandið ef gengist við skilgreindum kröfum okkar Íslendingar í meginatriðum. Sú skoðun sem heyrst hefur um að sækja eigi um aðild til þess að sjá hvaða samning við gætum fengið stenst ekki skoðun. Gjalda ber sérstökum varhuga við slíkri hentistefnu í samningum við 27 ríki, þar sem við Íslendingar erum langminnsta ríkið.
- Aðildarumsókn sendir afar sterk skilaboð til alþjóðasamfélagsins um það hvert við Íslendingar stefnum sem þjóð í efnahagsmálum til framtíðar. Við erum með slíku að lýsa því yfir að Íslendingar stefni að því að ná markmiðum aðildarríkjanna um lítinn hallarekstur og hóflega skuldastöðu ríkissjóðs, verðbólgu og atvinnustig.
- Aðildarumsókn hefur í för með sér að stofnanir Evrópusambandsins geta hafð starfsemi á Íslandi án takmarkana. Þarna ber einkum að hafa í huga Evrópska fjárfestingabankann (EIB) sem getur þá lánað til innviðaverkefna hérlendis án takmarkana á afar hagstæðum kjörum. Lánafyrirgreiðsla sem þessi myndi styrkja gengi krónunnar að öllu öðru óbreyttu.
- Aðildarumsókn hefði einnig í för með sér að Seðlabanki Íslands stæði ekki einn í vörn sinni við gengi krónunnar heldur hefði afar öflugan bandamann í Evrópska seðlabankanum.
- Hafa verður í huga að umsókn og jafnvel aðild að Evrópusambandinu þýðir ekki sjálfvirkt að Íslendingar geti eða vilji taka þátt í myntsamstarfi Sambandsins og taka upp evru. Það mun a.m.k. taka nokkur ár að fá allar 27 aðildarþjóðirnar til að taka afstöðu til aðildar Íslendinga en markmiðið væri að nýta þann tíma með aðstoð stofnana Evrópusambandsins til að endurverkja traust á krónunni og íslensku efnahagslífi. Að þeim tíma loknum og skilyrðum uppfylltum getum við tekið sjálfstæða ákvörðun um það hvor við viljum taka upp evru í stað krónunnar.

- Það er óumdeilt í Sjálfstæðisflokknum og meðal allra flokka á Alþingi að tryggja þarf að þjóðin geti sagt álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu á þeim samningum sem fulltrúar Íslands kunna að ná við Evrópusambandið.

Höfundur: Stefán Pétursson (M.a. byggt á skrifum Ólafs Ísleifssonar)

5. ALPJÓÐAVÆÐING ATVINNULÍFSINS

- Mikilvægt er að Íslendingar varðveiti frelsi í viðskiptum en snúi ekki til haftastefnu.
- Alþjóðaviðskipti eru forsenda þess Íslendingar njóti sambærilegra eða betri lífsgæða og það sem þekkest í nágrannalöndum.
- Mikilvægt er að Íslendingar taki þátt í aukningu alþjóðaviðskipta eða alþjóðavæðingar með því að byggja á þeirri kjarnaþekkingu og auðlindum sem við höfum.
- Lagðar eru til áriðandi aðgerðir sem skila jákvæðum viðskiptajöfnuði með skammtímaaðgerðum sem og sett fram mikilvæg framtíðar stefnumál sem skila sér til lengri tíma.

STAÐA ÍSLANDS Í ALPJÓÐAVIÐSKIPTUM

Aldrei hefur verið meiri þörf á viðskiptum við útlönd á Íslandi, skuldastaða þjóðarinnar er slík að mikilvægt er að útflutningur sé sterkur og viðskiptajöfnuður þarf að vera með eins stórum afgangi og mögulegt er. Í þessu samhengi er vert að benda á að hvers kyns innflutningshöft koma ekki til með að hafa jákvæð langtíma áhrif, þvert á móti koma þau til með að skerða lífsgæði Íslendinga.

Til að Íslensk fyrirtæki geti byggt upp þann slagkraft sem þarf til að standa sig í alþjóðaviðskiptum verða aðstæður á heimamarkaði að vera hagstæðar og þau að búa við eðlilega samkeppni. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að skoða hvar íslenskir starfskraftar geta skapað mest verðmæti.

Það er ekki raunhæft að hægt sé að eiga og byggja upp sterk útflutningsfyrirtæki á sama tíma og erlendri vöru og þjónustu er bægt frá með innflutningshöftum eða niðurgreiðslum íslensku varanna því þá er ekki eðlileg samkeppni á heimamarkaðnum.

Íslendingar verða að læra af efnahagshruninu, í mörgum tilfellum byggðist útrás íslenskra fyrirtækja á auðveldu aðgengi að ódýru fjármagni og meiri áhættusækni en erlendir keppinautar sættu sig við. Lærdómurinn af þessu verður að vera sá að byggja þarf fjárfestingar og viðskiptatækifæri á grunni betri þekkingar, auðlinda og öðrum þáttum sem veita raunverulegt samkeppnisforskot svo sem stærðarhagkvæmni eða aðgreiningu.

Vert er að benda á að þrátt fyrir hrunið búa þau Íslensku fyrirtæki við ágætt tekjustreymi sem hafa verið að skapa verðmæti af fyrstu hendi en ekki í gegnum fjárfestingar í þriðja aðila. Þetta á sérstaklega við þau fyrirtæki sem byggja rekstur sinn á einstakri þekkingu eða auðlindum. Sum þessara fyrirtækja búa nú við skaddaðan efnahagsreikning vegna óheppilegrar samsetningar gjaldmiðla í skuldum og eignum, í þeim tilfellum er mikilvægt að horfa á tekjustreymi fyrirtækjanna við mat á þeim.

HELSTU MARKMIÐ

Það er mikilvægt að Íslendingar varðveiti frelsi í viðskiptum en snúi ekki til haftastefnu og loki landinu til að verja skammtímahagsmunum. Margir virðast trúa því að best sé að kaupa sem minnst frá útlöndum og framleiða sem mest af öllum varningi og þjónustu hér á landi til innanlandsneyslu, þetta er ekki rétt. Við verðum að einbeita okkur að því sem við höfum hlutfallslega yfirburði í og láta annað vera, það er skammgóður vermir að beita innflutningshöftum eða niðurgreiðslum á íslenskri vöru og þjónustu ef framleiðslan er ekki samkeppnisfer á heimsmarkaði. Öðru máli gegnir um vörur og þjónustu sem Íslendingar hafa eða geta náð raunverulegu samkeppnisforskoti með. Í þeim vörum borgar sig að fjárfesta, vernda og skapa umhverfi sem styður fyrirtækin í uppveitinum. Kjarni málsins er að þrátt fyrir miklar erlendar skuldir er lausnin ekki að loka landinu með höftum eða niðurgreiðslum á neinu því sem Íslendingar hafa ekki möguleika á að ná forskoti með. Opið og alþjóðavætt hagkerfi veitir aukin lífsgæði fyrir alla í landinu.

Alþjóðavæðing eða aukin viðskipti á milli þjóða er staðreynd. Þær þjóðir sem ekki taka þátt í alþjóðavæðingunni þurfa að leggja mun meira á sig en aðrar þjóðir til að njóta sömu lífsgæða auk þess sem alþjóðlegur munaðarvarningur verður hlutfallslega dýrari. Mikilvægt er að setja fram á einfaldan hátt útskýringar á þeim hagfræði- og alþjóðaviðskiptalögmálum sem standa að baki þessum fullyrðingum en það verður ekki rakið hér.

Það er lyklatríði að við stöndum vörð um þau alþjóðatengsl sem við höfum byggt upp og það orðspor sem við getum ennþá endurheimt á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að landið lokist eða einangrist frá alþjóðaumhverfinu.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Alþjóðaviðskipti eru komin til að vera. Þjóðir heimsins munu halda áfram að eiga viðskipti sín á milli til þess að auka allra hag. Þessi þróun er óumflýjanleg þótt hugsanlega hægi á henni tímabundið vegna fjármálakreppunnar.

Margar viðskiptablokkir eru þegar fyrir hendi í heiminum svo sem NAFTA, Evrópusambandið, AFTA, og margar í þróun svo sem APEC, FTAA, eins hefur verið vitnað í samvinnu Rússa & CIS, Suður Afríku, Indlands og Kína. Þar að auki er vert að nefna svokallaðar Doha viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Doha viðræðurnar hafa dregist á langinn m.a. vegna hagsmunagæslu Bandaríkjanna og Evrópusambandsins en almennt er talið að aðeins sé tímaspursmál þar til nýir alþjóðlegir viðskiptasamningar verði gerðir.

Af þessu má vera ljóst að alþjóðavæðing er sífellt að aukast og mikilvægt er að taka þátt til að dragast ekki aftur úr í lífsgæðum. Íslendingar verða að skoða hvaða hlutfallslegu yfirburði þeir hafa og beina kröftum sínum að þeim sviðum í atvinnuuppbyggingu og nýsköpun sem við höfum styrkleika. Á sama tíma má ekki vanræka það sem við höfum raunveruleg tækifæri til að byggja upp nýja þekkingu í.

HVAÐA ÞEKINGU HAFNA ÍSLENDINGAR UMFRAM AÐRA?

- Þekking á allri virðisikeðju sjávarútvegs, frá hafi til kaupanda úti í heimi
- Búnaður sem notaður er í fisk- og matvælavinnslum
- Útgerð
- Jarðhitavirkjanir og tilheyrandi jarðfræði
- Ferðaþjónusta

- Hönnun, sköpun (tónlist, og fl. listgreinar)
- Rekstrarþekking og búnaður til álvera
- Heilbrigðisþjónusta: Rannsóknir, húðmeðferð, laser augnaðgerðir, offituaðgerðir, frjósemisaðgerðir
- Hátt menntunarstig og erlend reynsla
- Líftæknirannsóknir
- Stoðtæki
- Hönnun sérhæfðs hugbúnaðar og rekstur gagnavera
- Önnur þekking sem hefur fylgt okkur mann fram af manni

HVAÐA AUÐLINDIR HAFNA ÍSLENDINGAR?

- Sjávarfang (bæði dýr og plöntur)
- Jarðhiti
- Fallvötn
- Hrein náttúra
- Ósnortin landssvæði
- Hreint loft
- Jöklar
- Hreint vatn
- Norðurljós
- Lyng, jurtir
- Staðsetning (milli Evrópu og Ameríku, stutt frá norðurskauts siglingaleið)
- Gott aðgengi frá sjó (hafnir)
- Þekking í mannauð
- Lélegir malarvegir (rally)
- Fámenni/einveru (fyrir stórborgarfólk)
- Stuttar boðleiðir
- Og margt fleira

Helstu takmarkanir fyrirtækja sem hyggja á vöxt og aukna áhættu sem fylgir alþjóðavæðingu er skortur á fjármagni sem getur sérstaklega orðið sprotafyrirtækjum raunverulegur fjötur um fót. Þetta á einnig við smærri fyrirtæki sem eru í örur vexti eða eru að taka sín fyrstu skref á erlendum mörkuðum.

Annar Akkilesarhæll fyrir Íslensk fyrirtæki er skortur á trausti sem getur reynst fyrirtækjum sem hyggja á alþjóðaviðskipti afar erfitt. Tryggja þarf að Íslendingar komi sínum sjónarmiðum vel og rétt fram og haldi engu eftir og biðjist afsökunar þar sem það á við. Þetta eru grunnforsendur þess að byggja upp nauðsynlegt traust aftur, en búast má við að það gerist tiltölulega fljótt ef vel tekst til.

HVAÐ ÞARF AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á?

Íslendingar verða að byggja upp sterk fyrirtæki á grunni íslenskrar sérþekkingar eða auðlinda til að alþjóðaviðskipti geti aukist áfram. Til þess að svo geti orðið þarf laga- og reglugerðaumhverfi fyrirtækja á Íslandi að vera eins og best gerist í heiminum.

Mikilvægt er að brjótast strax út úr núverandi vítahring sem íslensk fyrirtæki eru í og grípa til aðgerða til að auka útflutningstekjur þjóðarinnar. Það verður best gert til skamms tíma með því að auka útflutning hjá núverandi útflutnings- og ferðaþjónustufyrirtækjum. Jafn áriðandi og skammtímaaðgerðirnar eru þá er mikilvægt að hafa vel mótaða framtíðarsýn til að treysta ekki á ítrekaðar björgunaraðgerðir og stundarsjónarmið. Þær aðgerðir sem líta þarf til við að auka útflutningstekjur eru

ÁRÍÐANDI, SKILAR SÉR INNAN 12-24 MÁNAÐA

- Koma á tímabundnum skattafsláttum fyrir vöruþróun og fjárfestingu innanlands (t.d. fyrir fyrirtæki sem koma með starfsemi til landsins)
- Setja skýra gjaldmiðilsstefnu
- Hámarka alla virðis kedjuna í fiskveiðum og vinnslu
- Setja aukin kraft í að selja og markaðssetja Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn
- Opna fyrir útflutning heilbrigðisþjónustu
- Tryggja að ríkisútgjöld erlendis skili sér til baka í auknum útflutningstekjum á skömmum tíma
- Sjá til þess að fyrirtæki geti fengið afurðalán (fyrirtæki í vexti geta ekki alltaf fjármagnað framleiðslu)
- Tryggja að hægt sé að nálgast lán til nýsköpunar og vöruþróunar (eðlilegt bankaumhverfi getur tekið á þessu)
- Vinna náið með atvinnulífinu við að:
 - Auka útflutningstekjur
 - Flytja störf til Íslands
 - Fjölga störfum á Íslandi
 - Draga úr erlendum kostnaði

MIKILVÆGT, SKILAR SÉR INNAN 6-12 ÁRA

- Skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og ýtir undir frumkvæði einstaklingsins
- Efla menntun
 - Minnka brottfall
 - Auka skapandi hugsun í menntakerfinu
 - Fjölgja raunvísindanemum
 - Styrkja iðn- og tæknimenntun
- Marka trúverðuga langtímastefnu um starfsumhverfi:
 - Iðnaðar á Íslandi
 - Ferðaþjónustu
 - Þekkingarfyrirtækja

Ein auðlindin er ónefnd sem þarf að nýta í þessum aðgerðum en það eru Íslendingar búsettir erlendis og erlendir vinir og félagar Íslendinga. Þetta fólk er ekki jafn ginnkeypt fyrir því neikvæða umtali sem hefur einkennt Ísland undanfarna mánuði og er líklegra til þess að taka upp málstað Íslendinga og koma hingað með verkefni og fjármagn.

Ekki er augljóst að allar skammtímaaðgerðirnar eigi rétt á sér til lengri tíma og sérstaklega skal bent á að festast ekki í því fari að horfa aðeins til þess sem er áriðandi á hverju augnabliki heldur líka til þess sem er mikilvægt til framtíðar.

Íslendingar mega ekki missa móðinn í útrásinni og alþjóðaviðskiptum. Til að tryggja kjölfestu til framtíðar og sterk íslensk fyrirtæki í útrásinni verður að tryggja að þau byggi á sérstakri þekkingu Íslendinga sem og auðlindanna sem nýtanlegar eru.

Höfundur: Jón Birgir Gunnarsson

6. STAÐA OG FRAMTÍÐARSÝN UTFLUTNINGSGREINA

- Gjaldeyrishöftin draga úr trausti erlendra aðila á íslenska hagkerfinu.
- Ábyrgðir frá banka eru ekki teknar nema láns hæfismat sé A.
- Skatttekjur af ferðaþjónustu renni til uppbyggingar á innviðum og aðstöðu.
- Forgangsráða markaðsfé og vinna saman að kynningarstarfi innanlands sem utan.
- Þrátt fyrir gengislækkun eru erfiðleikar í sjávarútvegi m.a. vegna veiðibrests, lækkunar afurðaverðs, hækkunar skulda og lækkunar eignaverðs.
- Tryggja verður sjávarútveginum stöðugleika í gengismálum og aðgang að erlendu lánsfé.
- Endurskoða peningastefnuna og tryggja stöðugleika.
- Aðild að ESB eykur traust erlendra aðila á Íslandi.

INNGANGUR

Staða íslenska hagkerfisins er vel þekkt. Minna er samt rætt um undirliggjandi orsakir þess að kreppan hér er mun erfiðari en heimskreppan almennt, en þær þarf að takast á við til að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsgreina til framtíðar.

Gylfi Zoega skrifaði fyrir skömmu grein sem hann nefnir „Fyrirkomulag peningamála og aðild að Evrópusambandinu.“ Þar lýsir hann hvernig verbólgumarkmið í litlu hagkerfi með fljótandi gengi og sjálfstæðan gjaldmiðil hefur valdið ýktum gengissveiflum, mikilli verðbólgu, gríðarlegum viðskiptahalla og nánast óbærilegu rekstrarumhverfi fyrirtækja og heimila. Sjálfstæður gjaldmiðill sé of dýru verði keyptur því lækningin sem felist í breytilegu gengi verði að sjúkdómseinkenni þegar fjármagnsflutningar til og frá landinu valdi miklum gengissveiflum án þess að breytingar hafi orðið í undirliggjandi hagfræðilegum þáttum. Peningakerfið er þá farið að valda hagsveiflum í stað þess að slá á þær.

Þau gjaldeyrishöft sem nú eru við lýði og eiga að stemma stigu við flutningi fjármagns til og frá landinu hafa augljóslega það markmið að „stöðva lekann“ í peningastefnunni og sjá til þess að hávaxtastefnan skili þeim árangri að halda genginu stöðugu. Það er engu að síður ljóst að gjaldeyrishöft ganga ekki til lengdar. Þau draga úr trausti erlendra aðila á íslenska hagkerfinu og valda þannig skorti á erlendu lánsfé og fjárfestingu. Hættan er þess vegna raunveruleg að losa þurfi um gjaldeyrishöftin fyrr en sett hefur verið trúverðug stefna um framhald peningastjórnunar og það muni valda mikilli dýfu á gengi krónunnar.

Að auki er sífellt að verða meira íþyngjandi fyrir atvinnulífið að erlend fyrirtæki og fjármálastofnanir neita að taka gildar bankaábyrgðir frá Íslenskum bönkum. Eftirfarandi svör fást við ástæðum þessa þegar erlendar fjármálastofnanir eru spurðar:

- Mjög skortir á upplýsingar um nýju íslensku bankana.
- Orðspor íslenska hagkerfisins er mjög slæmt eftir bankahrunið og engar aðgerðir hafa farið fram til að bæta það.

- Erlendir viðskiptaaðilar geta ekki tekið við ábyrgðum frá fjármálastofnunum sem eru með lægra láns hæfismat en A.

Öll þessi atriði eru mjög alvarleg en sýnu alvarlegast er það að ekki sé hægt að taka við ábyrgðum nema banki sé með láns hæfismat A. Íslensku bankarnir eru óraveg frá því að geta vonast eftir að fá A í einkunn, færi svo að þeir myndu sækja um mat. Grípa þarf til róttækra aðgerða til að bæta úr þessu.

M.a. af þessum ástæðum er stöðugt gengi eitt stærsta hagsmunamál útflutningsgreinanna og gera þarf grundvallarbreytingar á peningastefnunni til að tryggja hag bæði heimilanna og útflutningsgreinanna.

STÖÐUMAT – FERÐAÞJÓNUSTAN

Framlag ferðaþjónustunnar til útflutningstekna af vörum hefur á árunum 2000-2005 verið sambærilegur við áliðnaðinn en eftir að Fjarðaál kom til sögunnar hefur álið siglt fram úr. Þetta sýnir okkur engu að síður að við þurfum einnig að reiða okkur á ferðaþjónustuna til að geta endurbyggt hagkerfi þjóðarinnar ásamt stóriðju, öðrum iðnaði, sjávarútvegi og öðrum þjónustugreinum. Ferðaþjónustan er drjúg í gjaldeyrisöflun auk þess að vera mannaflafrek, en tölurnar hér að neðan eru í milljónum króna.

ÚTFLUTNINGSTEKJUR - Á VERÐLAGI HVERS ÁRS

	Ferða- þjónusta	Ál- iðnaður	Hlutfall ferðaþjónustu af áliðnaði í %
2000	30.459		
2001	37.720	39.361	95.8
2002	37.137	38.583	96.3
2003	37.305	34.252	108.9
2004	39.335	36.487	107.8
2005	39.760	35.997	110.5
2006	46.945	57.027	82.3
2007	56.215	80.267	70.0

Tölulegar upplýsingar fengust á vef Hagstofunnar

Mikilvægt er að flýta útflutningsaukandi framkvæmdum á sviði ferðaþjónustu og ráðast verður í þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að slíkt megi verða. Stór þáttur í því er að afnema eins fljótt og auðið er höft á gjaldeyrisviðskiptum en gæta jafnframt að því að krónan styrkist ekki umfram þarfir framleiðslunnar.

Vinna þarf með flugsamgöngum til að tryggja samgönguæðar Íslands við umheiminn, ferðaþjónustan er verkefni sem varðar þjóðarhagsmunum. Íslenskar reglur um flugsamgöngur byggja alfarið á Evrópskum reglum um þessi mál og er það vel. Ríkisvaldið þarf engu að síður að tryggja

að reglur og framkvæmd skattamála og vinnumarkaðsmála séu sömuleiðis sambærileg við það sem best gerist í samkeppnislöndum okkar.

UPPBYGGING Á FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI – UMHVERFI

Það hlýtur að vera krafa okkar allra og ekki síst þeirra sem starfa við ferðaþjónustu að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda og vernda fjöregg okkar, þ.e. íslenska náttúru, þannig að hagur íslenskrar þjóðar af ferðaþjónustu verði sem mestur á komandi árum. En til þess að svo verði þá þurfum við að leggja meira fé til fræðslu, uppbyggingar og viðhalds á náttúruperlum og ferðamannastöðum en gert hefur verið hingað til.

Hvaða leiðir eru færar til að fjármagna uppbyggingu í ferðaþjónustunni? Eina réttláta leiðin er sú að ríkissjóður láti hluta af skatttekjum af ferðaþjónustu renna til fjárfestinga á þessu sviði. Hið opinbera innheimtir nú þegar töluvert gjald af þeim sem sækja okkur heim og má benda á bensíngjald, flugvallaskatt og innritunargjald á Keflavíkurflugvelli. Virðisaukinn og margfeldisáhrifin sem ferðaþjónustan skapar í samfélaginu skiptir milljörðum króna.

Nú eru áform um að fella niður vopnaleitargjald sem er skattur greiddur af farþegum. Þess í stað á að setja gjaldið á fyrirtæki í ferðaiðnaðinum sem ekki leyfist að innheimta slíkt gjald á farseðli eins og verið hefur; skattur er einungis lagður á með lögum eins og bundið er í stjórnarskrá. Með þessu er verið að setja á flugrekendur um það bil 600 millj. á ári sem augljóslega vegur að rekstrargrundvelli þeirra og skerðir samkeppnisstöðu félaganna á alþjóðamarkaði. Varla er bætandi á þann skaða sem þegar hefur orðið í ferðaþjónustunni vegna bankahrunsins.

ATVINNUSKAPANDI

Markvissrar fjárfestingar er þörf í markaðssetningu og almennri kynningu á Íslandi og auka slíkt til muna sem og samstarfið við fyrirtæki í ferðaiðnaði í uppbyggingu á kynningar og markaðsstarf til framtíðar. Til að nýta þær aðstæður sem nú eru uppi vegna lágs gengis krónunnar og vegna þeirra athygli sem Ísland fær í heimspressunni ætti að verja verulegum fjárhæðum til markaðssetningar; ekki á bara að nýta núverandi aðstæður heldur byggja upp ímynd Íslands frá grunni.

Íslensk flugfélög brugðust við hruni íslenska markaðarins með því að forgangsraða markaðsfé sínu til auglýsinga á Íslandsferðum erlendis. Slíkt er kostnaðarsamt fyrir fyrirtækin þar sem reikningar streyma inn í mismunandi gjaldmiðlum og því rennur markaðsfé hraðar út heldur en gert var ráð fyrir. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að endurskipulagningu og stefnumótun Ferðamálastofu. Markmiðið er að sérhvert sendiráð verði markaðsskrifstofa fyrir ferðaþjónustuna og með því sé hægt að nýta betur fjármagn til markaðskynningar á Íslandi.

Atvinnugreinin verður að taka höndum saman við hið opinbera um uppbyggingu og þróun ferðamálastofa um landið allt til þess að efla starf þeirra enn frekar. Við verðum að styrkja rekstrargrundvöll þeirra, samræma efnistökin og stuðla að heildstæðum skilaboðum um Ísland, sem áfangastaðar, innanlands sem utan. Við verðum að auka alla nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustunni eins og til dæmis í menningar- og heilsutengdri ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan er mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga hér störfum og auka útflutningstekjur þjóðarinnar, eins og svo mjög er þörf fyrir í þjóðfélaginu í dag.

STÖÐUMAT – SJÁVARÚTVEGUR

Það efast enginn um mikilvægi sjávarútvegs okkar Íslendinga; útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 127 milljörðum króna á árinu 2007 og hefur stöðugleiki ríkt í greininni undanfarin ár, þökk sé meðal annars því fiskveiðistjórnunarkerfi sem þjóðin hefur komið sér upp.

ÚTFLUTNINGSRAMLEIÐSLA SJÁVARAFURÐA - Á VERÐLAGI HVERS ÁRS

2004-2007, milljónir króna				
2004	2005	2006	2007	Breyting 2006-2007
118.751	112.196	123.554	126.964	2,8%

Tölulegar upplýsingar fengust frá Hagstofunni

Íslenskur sjávarútvegur hefur undanfarin ár búið við stjórnarfarslegan stöðugleika og tryggt umhverfi. Hrein ímynd landsins hefur hjálpað mjög við markaðssetningu og sölu fiskafurða og í raun skapað þá sterku stöðu sem fiskiðnaður okkar nýtur í dag.

En blikur eru á lofti í sjávarútvegi. Veiði brást bæði á síld og loðnu. Meðan bankagóðarið geysaði nýttu sjávarútvegsfyrirtæki möguleika sína til skuldsetningar til að fjármagna fjárfestingar bæði innan greinarinnar sjálfra og einnig í einhverjum mæli utan hennar s.s. á hlutabréfamarkaði. Ennfremur stunduðu mörg sjávarútvegsfyrirtæki framvirk gjaldeyrisviðskipti, fyrst og fremst til þess að verja tekjur sínar á tímum hækkandi krónu. Lækkun hlutabréfaverðs og gengisfall krónunnar hefur því að þessu leyti bitnað á þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga. Ofan á þetta bætist svo að vegna kreppunnar hefur dregið úr sölu á íslenskum sjávarafurðum erlendis og verð lækkað, eins og á öðrum gæðavarningi. Birgðir hafa því safnast upp með tilheyrandi tilkostnaði. Þessi staða gæti versnað enn frekar vegna stefnu okkar í hvalveiðimálum, en að okkar mati hefði þurft að taka meira tillit til aðstæðna áður sú ákvörðun var tekin, þótt hvalveiðar hafi í gegnum tíðina ekki haft sýnileg áhrif á sölu afurða eða útflutning almennt.

Áhætta sjávarútvegsfyrirtækjanna er því margföld: Hrun í verðmæti eigna, gríðarleg gengisáhætta, markaðsáhætta sölumegin, ásamt einhverri óvissu vegna hvalveiðimála og aðildar að ESB.

Sjávarútvegurinn hefur sögulega séð lagst mjög gegn aðild að Evrópusambandinu, en núverandi peningastefna með krónuna sem gjaldmiðil kostar sjávarútveginn gríðarlegar fjárhæðir eins og aðrar atvinnugreinar. Tryggja verður sjávarútveginum stöðugleika í gengismálum og öruggt rekstrarumhverfi hvað það varðar, ásamt lægri fjármagnskostnaði og aðgengi að erlendu fjármagni. Ekkert af þessu er mögulegt með krónunni og hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki brugðist við með því að gera upp í evrum.

STÖÐUMAT – ÞEKINGARIÐNAÐUR

Við notum hugtakið þekkingariðnaður yfir greinar eins og fjármálastarfssemi, heilbrigðisíðnað og rannsóknarfyrirtæki, hugbúnaðaragerð, tækniiðnað eins og t.d. gagnaver, tækniframleiðslu eins og Össur og Marel stunda og aðra sambærilega framleiðslu. Til viðbótar má segja að fiskiðnaður eins og stundaður er hér á Íslandi sé hátækniiðnaður að minnsta kosti hvað varðar þá þekkingu og reynslu sem til þarf.

Þessar greinar þurfa stöðugleika, bæði samfélagslegan og efnahagslegan. Menntunarstig þarf að vera hátt og umgjörð samfélagsins þarf að vera með þeim hætti að fyrirtæki í þessum greinum geti laðað til sín og haldið til lengri tíma vel menntuðu og fjölþjóðlegu starfsfólki.

Til þess að hægt sé að skapa slíkar aðstæður, verður grunngerð samfélagsins, umhverfi, aðstaða og möguleikar einstaklinga á öllum sviðum að vera fyllilega sambærilegir við það sem við þekkjum annarsstaðar á Vesturlöndum. Ljóst er að ofurvaxtastefnan sem fylgir núverandi peningamálastefnu setur því verulegar skorður að hægt sé að byggja upp þannig umgjörð aftur.

TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM

- Nauðsynlegt er að endurskoða allan grundvöll íslenskrar peningastefnu til að minnka efnahagsveiflur og draga úr rekstrarkostnaði og áhættu fyrirtækja og heimila.
- Uptaka evru innan Evrópusambandsins er besti kostur í gjaldmiðilsmálum til framtíðar eigi á annað borð að taka upp annan gjaldmiðil. Við það aukum við samkeppni á vörumarkaði og njótum þannig stærðarhagkvæmni sem gerir okkur samkeppnishæf á heimsmarkaði.
- Ísland er aðili að EES sem tryggir okkur frjálsa þjónustuflutninga, fjármagnsflutninga, frjálsan flutning vinnuafis og frjálsa vöruflutninga. Margir halda því fram að þetta dugi okkur Íslendingum en við erum hins vegar ekki við stjórnborð ESB, tökum ekki þátt í þingi og stjórn ESB sem og komum lítið að undirbúningi tilskipana. Helstu rökin fyrir því að við sækjum um aðild að ESB og myntbandalagi er til að geta tekið upp evru. Nýjar greinar eins og fjármálageirinn, ferðaiðnaðurinn og áliðnaður sækja á og mælir það með aðild ESB. Fyrir aðrar greinar svo sem sjávarútveg og landbúnað er aðild að ESB skref aftur á bak þótt þær njóti batnandi almennra efnahagsskilyrða eins og aðrir. Þess vegna þarf umræðan um aðild að ESB að vera vakandi.
- Ríkisstjórnin verður að tryggja hér hagfellt skattaumhverfi fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga; hefðbundinn hugsunarháttur vinstristjórna sem hafa hækkað skatta á bæði fjölskyldur og dregur úr árangri og möguleikum heimila og fyrirtækja.
- Leggja þarf mikla áherslu á menntun og auðvelda fólki eins og kostur er að sækja sér menntun sem nýtist á þeim sviðum iðnaðar sem horft er til í framtíðinni.
- Grípa þarf til meiriháttar aðgerða til að endurheimta traust erlendra fyrirtækja og fjármálastofnana á íslenska hagkerfinu. Ljóst er að til þess þarf skýra stefnumótun og framtíðarsýn sem að okkar mati fæst ekki nema stjórnvöld sæki um aðild að Evrópusambandinu og taki upp þá stefnu sem aðildarumsókn krefst.

Höfundar: S. Lára Árnadóttir og Ólafur G. Guðgeirsson

7. AUÐLINDANÝTING OG UMHVERFISMÁL

- Samleið umhverfisverndar og orkunýtingar.
- Nýta orkulindir til verðmætasköpunar en taka tillit til náttúruverndar.
- Íslendingar verði til fyrirmyndar í umhverfismálum.
- Sátt um nýtingarstefnu.
- Gæta að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja þegar kvaðir vegna loftslagssamnings leggjast á.
- Skýrar gegnsæjar umhverfisreglur og stjórnvöld virði tímafresti.
- Íslenska ákvæðið gildi áfram og kanna samvinnu við ESB um loftslagskvóta.
- Frumkvæði í þróun vegna notkunar innlendra orku á farartæki.

INNGANGUR

Auðlindanýting og umhverfisvernd þurfa að eiga samleið, þegar efnahagsstefna er mótuð til langs tíma. Orku- og sjávarauðlindir Íslendinga eru endurnýjanlegar og sjálfbærar og skynsamleg nýting þeirra er mikilvægur þáttur í að tryggja þjóðinni góð lífskjör til framtíðar. Með nýtingu orkulindanna er dregið úr innflutningi eldsneytis, orkuöryggi landsmanna batnar, útflutningsverðmæti aukast og losun kolefnis minnkar. Á undanförunum árum hefur skilningur vaxið á því að taka þurfi aukið tillit til náttúruverndar og umhverfisþátta. Einstæð náttúra landsins er verðmæt auðlind, sem stuðlar að ferðamennsku og aflar gjaldeyrstekna. Um leið skapast fjöldi vel launaðra starfa og meiri umsvif í efnahagslífinu. Á síðustu árum hefur einnig tekist að auka hagkvæmni í nýtingu fiskistofna hér við land með markvissari stýringu fiskveiða og vinnslu.

Á Íslandi eru því öll skilyrði fyrir því að hægt sé að reka sjálfbært þjóðfélag um ókomin ár, þar sem tekið er tillit í senn til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

REIFUN – ÚTTEKT

Íslendingum hefur tekist betur en öðrum þjóðum að stunda sjálfbæra veiðisókn í fiskistofna innan fiskveiðilögsögu okkar. Þótt núgildandi kvótakerfi sé umdeilt hefur það stöðvað þá gegndarlausn ofveiði sem áður var stunduð. Enn er þó verk að vinna til að byggja upp fiskistofna, þannig að hægt sé að nýta þá með hámarksafrakstri. Mikilvægt er að skapa sátt milli vísindamanna, stjórnvalda og þeirra, sem stunda sjávarútveg um það hvernig standa eigi að stjórn fiskveiða og ákvörðun aflamarks.

Orkulindir landsins hafa í vaxandi mæli verið hagnýttar á undanförunum áratugum til rafmagns-framleiðslu og húshitunar. Rafmagns- og húshitunarkostnaður hér á landi er umtalsvert lægri en í nágrannalöndunum þrátt fyrir að byggð sé dreifð. Með nýtingu innlendra orkugjafa og uppbyggingu raforkuflutningskerfis landsins á síðustu áratugum hafa lífskjör batnað verulega um leið og dregið hefur verið úr losun kolefnis út í andrúmsloftið.

Mikilvægt er að halda áfram að nýta endurnýjanlegar orkulindir í þágu aukinnar verðmætasköpunar að teknu tilliti til náttúruverndarsjónarmiða. Jafnframt þarf að huga að öðrum náttúruauðlindum, sem geta í vaxandi mæli skilað sér til útflutnings. Hér er m.a. átt við neysluvatn og hugsanlega olíu, ef hún finnst þar sem hægt er að ná henni í vinnanlegu magni svo hagkvæmt sé.

Á næstu árum koma fram auknar kröfur um að dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Það gerist annars vegar með alþjóðlegum samningum þar sem einstökum iðnríkjum verður gert að draga úr útstreymi. Hins vegar munu reglur ESB um viðskiptakerfi vegna útstreymis gróðurhúsalofttegunda setja einstökum atvinnugreinum skorið sem hafa áhrif á hag almennings. Þessar kröfur geta dregið úr möguleikum til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda hér á landi. Því þarf að kanna möguleika til samstarfs við ESB m.a. um aðild að sameiginlegum heildarloftslagskvóta til að auka sveigjanleika og tryggja hagsmuni hins örsmáa hagkerfis hér á landi.

Íslendingar eiga að leggja áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Það verður m.a. gert með því að þeir, sem menga, greiði kostnaðinn og hagrænir hvatar verði notaðir til að ýta undir endurvinnslu. Stjórnvöld eiga að kappkosta að í gildi séu skýrar, gagnsæjar umhverfisverndarreglur, sem móti samvinnu fyrirtækja og opinberra eftirlitsaðila.

MARKMIÐ

Meginmarkmiðið í umhverfis- og auðlindamálum er að halda áfram að nýta endurnýjanlegar auðlindir landsins til aukinnar verðmætasköpunar á sjálfbæran hátt. Forsenda skynsamlegrar nýtingar er að fyrir liggja sátt um það hvaða svæði skuli nýta og hver eigi að friða. Mörg landsvæði er hins vegar hægt að vernda en jafnframt nýta með skynsamlegum og sjálfbærum hætti. Orkunýtingar- og landverndarsjónarmið geta farið saman. Mikilvægt er að hámarka verðmætasköpunina innanlands við nýtingu náttúruauðlindanna til sjós og lands.

Stjórnvöld þurfa að hafa augun opin fyrir nýjum tækifærum í auðlindanýtingu og gæta þess að ekki sé spillt framtíðarmöguleikum með skammsýnum aðgerðum. Taka þarf tillit til umhverfissjónarmiða í allri starfsemi samfélagsins.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Endurnýjanlegar náttúruauðlindir Íslendinga eru takmarkaðar og þær þarf að umgangast á sjálfbæran hátt til að hámarka megi afrakstur þeirra. Þess vegna skiptir miklu máli að sífellt sé reynt að samræma sjónarmið vísinda, nýtingar og verndar með það að leiðarljósi að skapa sem mest verðmæti án þess að ganga á sama rétt komandi kynslóða.

Í lok þessa árs er von á niðurstöðu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar, þar sem sett verður fram tillaga um nýtingu orkulindanna og jafnframt tekin afstaða til þess hvaða svæði skuli vernda með tilliti til náttúruverndar. Með því að horfa samtímis til nýtingar- og verndarsjónarmiða má gera ráð fyrir að niðurstaðan geti orðið grundvöllur sáttu um það með hvaða hætti þau verði nýtt til framtíðar.

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun er hvergi hærra en á Íslandi. Nauðsynlegt er að Íslendingum verði áfram gert kleift að nýta orkulindirnar til orkufrekrar framleiðslu með sambærilegu ákvæði Kyotobókunar og nú er í gildi í loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Þetta ákvæði var samþykkt af öllum ríkjum Kyotobókunarinnar og er í samræmi við markmið loftslagssamningsins og hluti af því markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

ESB hefur ákveðið að draga úr útstreymi um 20% frá 1990 til 2020 og um 30% náist alþjóðlegir samningar sem uppfylla tiltekin markmið. Ekki er við öðru að búast en að kvaðir í þessa veru verði lagðar á íslenskt efnahagslíf. Því þarf að gera ráðstafanir sem bæði geta haft í för með sér kostnað og takmarkanir fyrir almenning og fyrirtæki og þá þarf að gæta þess að samkeppnisstaða fyrirtækja verði á við það sem best gerist í nálægum löndum.

Smám saman falla fleiri atvinnugreinar undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir. Flugfélög þurfa í vaxandi mæli að kaupa sér að hluta til útstreymisheimildir frá 2012. Frá árinu 2013 mun orkufrekur iðnaður hér á landi falla undir kerfið og verða stjórnvöld að tryggja að fyrirtæki hafi

aðgang að útstreymisheimildum án endurgjalds á sama hátt og viðgengst í ESB. Að öðrum kosti mun slík starfsemi verða byggð upp annars staðar þar sem kröfur í umhverfismálum eru minni og verður þá útstreymi gróðurhúsalofttegunda meiri en nauðsyn er á alþjóðavísu.

Ný tækifæri hér á landi felast í fjölbreyttum orkufrekum iðnaði, sem byggja má í smærri einingum en gert hefur verið. Einnig þarf að kanna hvort hagkvæmt sé að flytja raforku um streng inn á evrópska raforkumarkaðinn, en það gæti hugsanlega aukið hagkvæmni í núverandi raforkukerfi landsins.

Á næstu árum má gera ráð fyrir að ný tækni í orkunotkun bifreiða opni leið fyrir Íslendinga til að nýta innlenda, endurnýjanlega orku í stað innflutts eldsneytis. Það færir þjóðinni ný tækifæri í auðlindanýtingu og umhverfismálum.

Ljóst er að aukin áhersla á landgræðslu og skógrækt vinnur gegn kolefnislosun um leið og slík uppgræðsla kemur í veg fyrir jarðvegseyðingu og fok, sem er stærsta umhverfisvandamálið hér á landi. Binding kolefnis er því viðskiptatækifæri, sem ber að nýta, enda er binding kolefnis einn af helst þáttum í loftslagssamningi Sameinuðu Þjóðanna.

Íslendingar hafa öðrum þjóðum betri aðgang að hreinu drykkjarvatni, sem hér finnst í miklu magni og getur í framtíðinni orðið að drjúgum útflutningsverðmætum. Þess vegna er þýðingarmikið að huga þegar að þeim vatnsnýtingarsvæðum, sem líklegt að muni nýtast til innlendrar notkunar í náinni framtíð og ekki síður til útflutnings á þessari mikilvægu auðlind.

Loks má minnst á að mikilvægt er að rannsaka til hlítar möguleika á vinnslu olíu á hafsvæðinu norðaustur af landinu og tryggja hagsmuni Íslendinga við nýtingu hennar ef hún finnst í vinnanlegu magni.

AÐGERÐIR

Til að ná sem mestum árangri í auðlindanýtingu og umhverfismálum þarf að:

- Halda áfram að nýta endurnýjanlegar auðlindir til verðmætasköpunar á sjálfbæran hátt.
- Hámarka afrakstur sjávarauðlindarinnar með samstarfi vísindamanna, stjórnvalda og þeirra, sem stunda sjávarútveg.
- Skoða samtímis nýtingar- og verndarsjónarmið auðlinda til að tryggja sem mesta sátt milli mismunandi sjónarmiða.
- Móta skýrar, gagnsæjar umhverfisreglur, sem stuðla að samvinnu fyrirtækja og opinberra aðila til að ná fram settum markmiðum í umhverfismálum.
- Sjá til þess að stjórnvöld virði eigin reglur í umhverfislöggjöf eins og t.d. að svara erindum innan lögboðins frests.
- Nota hagræna hvata til að ýta undir endurvinnslu.
- Stefna að því að þeir, sem menga, greiða kostnaðinn.
- Semja þarf um að „íslenska ákvæðið“ við Kyotobókun loftslagssamningsins verði áfram í gildi á næsta losunartímabili samningsins.
- Kanna samstarf við ESB um aðild að sameiginlegum loftslagskvóta til að tryggja hagsmuni Íslands.

- Fylgjast náð með, taka þátt og hafa frumkvæði í þeirri þróun að hægt sé að nota innlenda orku á farartæki.
- Huga þarf þegar að auknum rannsóknum á svæðum til nýtingar neysluvatns, sem er mikil framtíðarauðlind og þá getur útflutningur á vatni orðið drjúg tekjulind á næstu árum.
- Efla landgræðslu, skógrækt og aðrar slíkar aðgerðir, bæði vegna umhverfislegra áhrifa þeirra fyrir land og lýð, en einnig á viðskiptalegum forsendum enda binda þær kolefni og koma í veg fyrir uppblástur og jarðvegseyðingu.
- Kanna hvort hagkvæmt sé að leggja rafstreng frá Íslandi inn á sameiginlegt raforkukerfi Evrópusambandsins og hver áhrif slíkrar framkvæmdar yrðu fyrir raforkukerfi okkar.
- Auka almennar rannsóknir á náttúruauðlindum til sjós og lands.

Höfundur: Friðrik Sophusson

8. NÝSKÖPUN

- Samkeppni er nauðsynleg í nýsköpunarumhverfinu.
- Nýsköpun er þróun, ekki aðeins á tæknisviðinu, heldur alls staðar.
- Hinn einstaki hugvitsmaður hefur mikið að segja en nýtur lítillar virðingar.
- Mismunur er í nýsköpunarumhverfinu, sumar hugmyndir þykja merkilegri en aðrar.
- Of mikið fé fer í skýrslur og samkeppni er ónóg en hún er nauðsynleg.
- Styðja við sprotafyrirtæki og efla samvinnu um markaðssetningu erlendis.
- Gera almenningi kleift að koma með hugmyndir og skapa samvinnu ólíkra aðila.
- Koma á tengslanetum skapandi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og skóla.
- Að gera einstaklingum kleift að fjárfesta í frumkvöðlafyrirtækjum.
- Fólkið, ekki tæknin, endurnýjar samfélagið með því að sjá tækifærin á markaðnum.

INNGANGUR

Nýsköpun á sér stað í öllu samfélaginu óháð menntun, aldri, kyni, búsetu eða uppruna. Því þarf að gera öllum jafnt undir höfði til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Hugvitsmenn eru mikilvægir í samfélaginu og það er nauðsynlegt að skapa jákvæðari sýn á þá, því að á bak við hverja nýsköpun er hugvit. Nýsköpun er þróun, ekki aðeins á tæknisviðinu heldur alls staðar, og hún skapar atvinnu. Lifandi og virk nýsköpun eykur samkeppnishæfni Íslands og Íslendinga á alþjóðamarkaði.

STAÐAN NÚ

Of mikil áhersla er hjá hinu opinbera á, að nýsköpun eigi sér uppruna í háskólaumhverfinu sem afleiðing rannsókna og tækni. Sænsk könnun sýnir að 25% nýsköpunar byggist á tækni en 75% verður til vegna þarfa markaðarins, þ.e. ný vara, ný aðferð eða ný þjónusta. GEM skýrslur (Global Entrepreneurship Monitor) sem Háskólinn í Reykjavík gefur út, sýna að aðeins 1/5 fyrirtækja á Íslandi eru í nýsköpun. OECD gaf út skýrslu fyrir nokkrum árum þar sem bent er á það, að flestar hugmyndir fyrirtækja, þ.e. 9 af hverjum 10, eiga uppruna sinn utan þeirra. Þetta þýðir það að hinn einstaki hugvitsmaður hefur mikið að segja, en opinberlega nýtur hann lítillar virðingar. Þessu þarf að breyta.

STYRKLEIKAR – TÆKIFÆRI

- Við erum framtakssöm þjóð og eigum mikið af hugmyndaríku fólki.
- Við eigum mikil gæði lands og sjávar.
- Við eigum góðar menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknarstofur og mörg fyrirtæki á heimsvísu.
- Um 90% þjóðarinnar eru netvædd.
- Staðsetning landsins, mitt á milli Ameríku og Evrópu.

VEIKLEIKAR – TAKMARKANIR

- Það er mikil mismunun í nýsköpunarumhverfinu. Sumar hugmyndir þykja merkilegri en aðrar og fer það eftir m.a. menntun, kyni, aldri, búsetu og uppruna hugvitsfólksins.
- Styrkir til nýsköpunar fara oft meira í gerð skýrslna og í laun stjórnarmanna, en til framkvæmda, enda er umsóknaferlið of flókið og miðað út frá háskólaumhverfinu.
- Ónóg samkeppni er í stuðningsumhverfinu.
- Það vantar samvinnu og tengingu milli ólíkra þekkingarsviða, stétta og milli reyndra og óreyndra.
- Það vantar þolinmótt fjármagn.

MARKMIÐ – HVAD VILJUM VIÐ?

AÐGERÐIR STRAX

- Mikilvægt að við sýnum samhug og samvinnu í að vinna okkur út úr núverandi vanda.
- Styðja við starfandi nýsköpunarfyrirtæki sem eiga í tímabundnum vandræðum vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.
- Hvetja til útflutnings, staðsetja íslenskar vörur sem einstakar og fágætar, búa til hágæða fullunnar vörur til útflutnings, fjölga þannig atvinnutækifærum og auka útflutningstekjur.

- Efla samvinnu í markaðssetningu erlendis, því sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar eru að auka útflutning.
- Tengja saman t.d. ferðaþjónustu og heilbrigðisstofnanir. Markaðssetja heilbrigðiskerfið á Íslandi sem góðan valkost fyrir erlenda aðila til meðferðar og endurhæfingar. Við eigum frábært heilbrigðisstarfsfólk og nóg af húsnæði.
- Ísland er tilvalið sem ráðstefnuland milli aðila í Ameríku og Evrópu til að hittast á miðri leið.
- Taka upp vöruskipti við önnur lönd þar sem það getur verið raunhæft. Við getum t.d. boðið Arabalöndum upp á vatn í staðinn fyrir olíu.

ADGERÐIR TIL LANGTÍMA

- Að gera almenningi kleift að koma fram með hugmyndir, einfalda ferlið og efla samvinnu milli ólíkra stétta, þannig að vara eða þjónusta komist sem fyrst í framleiðslu og á markað. Mikilvægt að hinir reyndu hjálpi þeim óreyndu, þannig að allir noti sína styrkleika, reynslu og þekkingu og ferlið verði skilvirkara.
- Mikilvægt að koma á tengslaneti skapandi einstaklinga, skóla, framleiðslufyrirtækja og stofnana og efla þannig samvinnu og samhug um að búa til markaðshæfa vöru eða þjónustu, fjölga atvinnutækifærum, efla nýsköpun og búa til verðmæti fyrir Ísland.
- Að fullnýta og fullvinna hráefni, leggja áherslu á sjálfbærni og endurvinnslu, þannig að Ísland verði þekkt fyrir lífrænar, náttúrulegar, umhverfisvænar vottaðar vörur.
- Mikilvægt að endurskoða í hvaða gæða- og verðflokki við viljum staðsetja íslenskar vörur. Leggjum áherslu á að hafa einstakar lúxusvörur. Við erum fámenn þjóð og eigum ekki að vera að keppa við milljóna þjóðir. Seljum færri einingar en fáum meira fyrir hverja einingu.
- Mikilvægt að efla íslenskan iðnað, gefa litlum fyrirtækjum t.d. í ylraekt kost á ódýrri orku sbr. áliðnaðurinn. Væri hægt að efla ylraekt mikið á Íslandi því næg orka og landrými. Selja vörur til útflutnings og fullvinna hráefnið.
- Að gera einstaklingum kleift að fjárfesta í frumkvöðlafyrirtækjum og að þeir hinir sömu fái skattaafslátt út á það. Mikilvægt að gefa kost á frumkvöðlaláni á meðan frumkvöðull er að byggja upp fyrirtækið. Þegar fyrirtækið er farið að nálgast núllið þá borgast það til baka með hlutfalli af hagnaði. Þetta myndi virka sem þolinmótt fjármagn og auðvelt er að fylgjast með ársskýrslum um hvernig gengur. – Möguleiki að koma á smáskammtalánnum sbr. KIVA sjóðurinn. Hjálpar fólki að fara út í eigin atvinnurekstur.
- Það sem endurnýjar samfélagið er fólkið, ekki tæknin og oftast eru það „áhugamenn“ sem það gera þ.e. þeir sjá tækifæri á markaðnum en hafa ekki endilega komið nærri rekstri áður. Þess vegna er mikilvægt að leiða saman reynda og óreynda, lærða og ólærða og fá fólk til þess að vinna saman. Það gerum við með tengslaneti og flýtum þannig ferlinu „frá hugmynd til vöru á markað“.

Höfundur: Elinóra Inga Sigurðardóttir

9. OPINBER STJÓRNSÝSLA OG EFTIRLITSSTOFNANIR

Stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir vinni með einstaklingum og atvinnulífi en ekki gegn þeim.

- Leikreglur þurfa að veita einstaklingum og fyrirtækjum svigrúm til athafna.
- Skapa frelsi með gagnkvæmu tilliti og stuðningi mótlæti.
- Stjórnsýslan starfi í þágu almennings óháð stjórnámálum.
- Gæta að kostnaði við eftirlit og kostnaði þess sem eftirlit beinist að. Of mikið er hugsað um kostnað stofnana en lítið um kostnað samfélagsins.
- Byggja á festu, faglegum og öruggum vinnubrögðum og hraðri afgreiðslu eins og kostur er.
- Bæta forgangsroðun því of mikill kraftur og tími fer í minni háttar mál.
- Auka réttaröryggi með því að standa við tímamörk.

INNGANGUR

Sérhvert ríki byggir á ákveðnum lögum og reglum, sem gilda fyrir samfélagið, fyrirtæki og einstaklinga. Í lýðræðisþjóðfélagi eru þessar leikreglur samfélagsins niðurstaða af þróun sem löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið hafa komist að niðurstöðu um. Ennfremur mótast leikreglurnar oft í samstarfi ólíka hagsmunaaðila.

Leikreglur samfélagsins þurfa að veita einstaklingnum, fjölskyldum og fyrirtækjum svigrúm til athafna og framkvæmd þeirra skiptir miklu máli fyrir það hvernig þjóðfélagið þróast. Hlutverk ríkisvaldsins er að setja leikreglur og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Hvernig til tekst hefur mikla þýðingu fyrir starfsskilyrði, samkeppnishæfni og lífsskilyrði alls samfélagsins.

Flestir eru sammála um að skapa hér þjóðfélag, er veitir einstaklingum og fyrirtækjum sem mest frelsi en byggir jafnframt á gagnkvæmu tilliti og stuðningi í mótlæti, frjálst velferðarþjóðfélag með ákveðnu öryggisneti. Frelsið gerir þá kröfu til þegnana að þeir axli ábyrgð. Ríkið leysir þá ekki undan samfélagslegri ábyrgð, hjálpssemi og tillitssemi við náungann. Ríkið á ekki að ala á forsjáhyggju, hvorki gagnvart einstaklingunum eða forsvarsmönnum fyrirtækja.

Mikilvægt er að við setningu laga og reglna sé haft að leiðarljósi að reglurnar þurfa að vera fyrir samfélagið og hagsmunum þeirra sem við þær búa.

Það má ekki vera sjálfstætt markmið ríkisvaldsins að vaxa og dafna í eigin þágu. Slikt íþyngir heimilum og atvinnulífinu og skerðir samkeppnishæfni alls þjóðfélagsins út á við. Því verða lög og reglur að byggja á því að ríkið vaxi ekki, frekar að umsvif þess fari minnkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það ætti vera innbyggður hvati í stjórnsýslunni að hún leitist við gera sig óþarfa, sem hún verður þó aldrei þar sem að ný verkefni koma í stað þeirra sem lýkur.

Starfsemi stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana verður að byggja á þessum grundvelli. Þessi starfsemi er nauðsynleg til þess að hver og einn, einstaklingur eða fyrirtæki, fái þau réttindi og axli þær skyldur sem honum ber en er jafnframt viss um að aðrir, einstaklingar og önnur fyrirtæki, fari eftir sömu leikreglum.

UM STJÓRNSÝSLUNA

Meginhlutverk stjórnsýslustofnana er að sjá til þess að lögum og reglum sé fylgt og hafa þannig mikil áhrif á almenning og fyrirtæki. Hinar dæmigerðu stjórnsýslustofnanir eru mjög mismunandi eftir því á hvaða sviði þær starfa. Eitt af meginhlutverkum hvers ráðuneytis er að annast stjórnsýslu á sínu sviði, sjálft eða í undirstofnunum sínum. Almennt hefur verið reynt að færa verkefni sem mest í undirstofnanir þannig að ráðuneyti annist fyrst og fremst yfirstjórn og eftirlit með undirstofnunum og úrskurði þegar stjórnsýsluákvæðanir eru kærðar til stjórnvalds.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur stjórnsýslan oft að vera umdeild og verða fyrir gagnrýni. Vönduð og fagleg stjórnsýsla skiptir miklu máli fyrir réttaröryggi og hag einstaklinga sem og fyrirtækja. Stjórnsýslustofnanir eiga að starfa í þágu almennings. Mikilvægt er að opinber stjórnsýsla sé í þeirri aðstöðu að geta haft í sinni þjónustu færustu starfsmenn, hvern á sínu sviði, þannig að hægt sé að gera miklar kröfur um faglega og greiða afgreiðslu mála.

Stjórnsýslan þarf að vera óháð stjórnámálum þannig að þeir sem eiga undir ákvörðunum hennar geti treyst því að úr málum þeirra sé leyst á málefnalegan og faglegan hátt án þess að dregið sé í dilka eða mismunað á grundvelli skoðana eða annarra ómálefnalegra sjónarmiða.

Stjórnsýslan á ekki að hafa möguleika á að fara fram úr fjárlögum. Forsvarsmenn verða að axla ábyrgð, og á einhvern hátt finna fyrir þeirri ábyrgð.

UM EFTIRLITSSTOFNANIR

Eftirlitsstofnanir eru stjórnsýslustofnanir sem fyrst og fremst hafa það hlutverk að hafa eftirlit með því að tilteknum afmörkuðum leikreglum sé fylgt. Þessar stofnanir eru mikilvægar og nauðsynlegur hluti af starfsemi ríkisins og engum dettur í hug, í nokkurri alvöru, að leggja þær niður.

Hinsvegar þarf jafnan að hafa í huga að starfsemi eftirlitsstofnana þyngir almennt þeim sem eftirlit er haft með og veldur það margvíslegum kostnaði og óþægindum. Þess vegna verða eftirlitsstofnanir iðulega fyrir gagnrýni sem getur verið fyllilega réttmæt þegar verið er að valda einstaklingum og fyrirtækjum kostnaði sem hægt hefði verið að komast hjá.

Við þróun á eftirlitsreglum og vinnubrögðum eftirlitsstofnana þarf jafnan að gæta að því hver sé kostnaður við eftirlitið og hver kostnaður þess er eftirlitið beinist að. Kostnaður þjóðfélagsins í heild þarf að vera sem minnstur, þó þannig að eftirlitið geti átt sér stað með viðeigandi öryggi og fagmennsku.

MARKMIÐ

Ríkið hefur því hlutverki að gegna að sjá um framkvæmd laga og reglna sem gilda fyrir samfélagið. Mikilvægt er að við setningu og framkvæmd leikreglna sé haft í huga að þær skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni og möguleika atvinnulífsins til að þróast og skapa verðmæti fyrir samfélagið.

Þess vegna þarf starfsemi stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana að byggja á ákveðinni festu, faglegum, öruggum og vönduðum vinnubrögðum og hraðri afgreiðslu eftir því sem frekast er unnt.

TAKMARKANIR – TÆKIFÆRI ALGENG UMKVÖRTUNAREFNI

Stjórnsýslustofnanir og eftirlitstofnanir taka almennt of langan tíma fyrir ákvarðanir og afgreiðslu mála. Þetta er bagalegt því að löng bið eftir niðurstöðum getur valdið einstaklingum og fyrirtækjum miklum kostnaði.

Stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir fá ekki nægilegan fjölda hæfra starfsmanna ýmist vegna þess að þær keppa við atvinnulífið um besta starfsfólkið, en svigrúm þeirra í launakjörum er takmarkað, einnig að starfsumhverfi er ekki nægjanlega jákvætt og uppbyggjandi. Hættan er því sú að vinnubrögð verði ekki eins vönduð og æskilegt væri.

Við setningu reglna um stjórnsýslu eða eftirlit er fyrst og fremst hugsað um kostnað viðkomandi stofnunar og hvað er auðvelt og þægilegt fyrir viðkomandi starfsmenn hennar. Lítt virðist hugsað um kostnað þeirra sem þurfa að starfa eftir reglunum. Alltaf þarf að hugsa um hagsmuni samfélagsins í heild.

Stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir finna alltaf næg tilefni til að stækka umfram þarfir þar sem þær eru í miklu betri aðstöðu en gagnrýnendur þeirra til þess að benda á vandamál og fjárför. Fyrirtæki á frjálsum markaði dafna eða deyja ef þau uppfylla ekki lengur þörf markaðarins, opinberar stofnanir kalla eftir meira fjármagni gegnum skatta og gjöld. Vegna smæðar landsins og stuttra boðleiða má krefjast skjóttari og skilvirkari stjórnsýslu þar sem „opinber þjónn“ sé í hverri stöðu í stofnunum.

Of miklum krafti og fjármunum er eytt í eftirlit og rannsóknir á minniháttar atriðum og málum í stað þess að einbeita sér að þeim stærri.

Reglur eru oft óljósar eða flóknar þannig að viðskiptavinir stofnanna standa höllum fæti gagnvart óvandaðrari stjórnsýslu eða leita til sérfræðinga ella.

MÖGULEIKAR FYRIR BETRI ÁRANGRI

Vegna þess hve Ísland er lítið þjóðfélag er tiltölulega auðvelt að koma með ábendingar um það sem betur má fara en það getur skilað sér fljótt í breytingum til batnaðar. Stjórnsýslan þarf að vera opin fyrir gagnrýni og laga sig að nýjum aðstæðum.

Venjulega er hægt að leita fyrirmynda til annarra þjóða um hvernig er best að setja og framkvæma leikreglur. Margar þeirra eiga sér uppruna í ESB og hafa farið í gegnum víðtækan samráðsferil og ættu því að vera vandaðar.

Vegna þess hve Ísland er tæknivætt er oftast mögulegt að nýta kosti upplýsingatækni til þess að gera eftirlit skilvirkara.

ÁHERSLUATRIÐI

Setja þarf reglur um að stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir eigi að vinna með einstaklingum og atvinnulífi en ekki gegn þeim.

Setja hverri eftirlitsstofnun skýra forgangsröðun þar sem kröftum er beint að aðalatriðum en minna fé og mannskapur fari í minni háttar mál eða aukaatriði.

Greina samfélagslegan kostnað við starfsemi stofnana og viðskiptavina þeirra og lækka hann eftir því sem við á. Verkefni sem stöðugt þarf að vinna að.

Gera reglulega gæðaúttektir og viðhorfskannanir hjá viðskiptavinum og nýta þær til þess að þróa skilvirkari og betri reglur og vinnubrögð. Skapa stjórnsýslu sem hefur yfir sér jákvætt yfirbragð, innávið og út á við.

Auka réttaröryggi borgarana með því að opinberar stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir standi við tímamörk við afgreiðslu erinda.

Gera það ómögulegt að stjórnsýslan fari fram úr fjárlögum án þess að forsvarsmenn axli ábyrgð og á einhver hátt finni fyrir þeirri ábyrgð. Þetta gerir þá kröfu til fjárveitingarvaldsins að það sé samræmi milli verkefna og fjárveitinga.

Höfundur: Sveinbjörn Egill Björnsson

10 FJÁRMÁL OG ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA

- Forsenda þess að skattar verði ekki hækkaðir er vönduð fjármálastjórn, aðhaldssemi og ráðdeild hins opinbera.
- Kostnaðarmeta þarf fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og reglugerðardraga á sveitarfélög eftir því sem við á.
- Sveigjanleiki þarf að vera í kröfum um framkvæmd laga á vegum sveitarfélaga og taka tillit til aðstæðna, þ.m.t. fjárhagslegrar getu.
- Tryggja að sveitarfélög starfi í einingum sem ráða við verkefni þeirra.
- Samvinna er nauðsynleg vegna breytinga sem framundan eru í rekstri sveitarfélaga því ekki er sjálfgefið að hægt sé að halda úti hinu háa þjónustustigi sem byggt hefur verið upp.
- Hagræða þarf í rekstri grunnskóla og leikskóla, útgjaldafrekustu verkefnum sveitarfélaga.
- Skipuleg og skjótvirk afgreiðsla skipulagserinda er nauðsynleg.
- Sala eigna, þ.m.t. lóða, fari ekki til þess að kosta rekstur sveitarfélaga heldur til þess að greiða niður skuldir eða til fjárfestinga.
- Virkt samráð ríkis og sveitarfélaga þarf um framkvæmdir og viðhaldsverkefni til að vinna gegn atvinnuleysi.

INNGANGUR

Í megindráttum annast sveitarfélög nærþjónustu. Einkenni þeirra er nándin við það sem verið er að takast á við, samkennd og þekking á högum þeirra sem í sveitarfélaginu búa. Í þessu felst að sveitarfélög eiga auðveldara með að bregðast við og hafa næmari tilfinningu fyrir því hvar skórinn kreppir að.

MÁLID REIFAÐ – STAÐAN TEKIN ÚT

Hluti endurreisnar íslensks samfélags er endurskoðun opinberrar þjónustu með það að markmiði að hámarka nýtingu fjármagns án þess að draga úr grunnþjónustu til þeirra sem þurfa mest á henni að halda. Almennt varðar engan um það hvort opinber þjónusta er greidd af ríki eða borg, eða almennt hvert rekstrarformið er, svo framarlega sem þjónustan reynist trygg og fagleg. Pólitískir sérhagsmunir valda því iðulega að verkaskipting og samskipti ríkis og sveitarfélaga eru ekki á faglegum nótum.

Forsenda þess að skattar verði ekki hækkaðir er vönduð fjármálastjórn, aðhaldssemi og ráðeild hins opinbera. Sveitarfélög hafa þegar hafið niðurskurð í rekstri og mörg hver hafa boðað launalækkanir til að komast hjá að segja upp starfsfólki. Ríkið hefur nálgast niðurskurðinn með öðrum hætti. Að sumu leyti hafa sveitarfélög brugðist hraðar við en ríkisvaldið enda felst í stjórnsýslulegri uppbyggingu og smáð sveitarfélaga ákveðinn sveigjanleiki.

HELSTU MARKMIÐ OG STEFNUMIÐ

Skapa þarf traust á milli sveitarfélaga annars vegar og ríkisvalds og löggjafarvalds hins vegar. Fjármál eru ekki rædd á jafnræðisgrundvelli. Lagafrumvörp og löggjöf eru í of miklum mæli bæði óþarflega stýrandi og ítarleg um framkvæmd. Ráðherrar hafa hvatt sveitarfélög til aðhaldssemi og á gagnrýni af þeim toga vissulega rétt á sér. En kostnaðarmeta þarf áhrif lagafrumvarpa og reglugerðardraga sem áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaga og verkefnum þarf að fylgja fjármagn. Lögbundin verkefni eru mörgum minni sveitarfélögum fjárhagslega ofviða og nauðsynlegt að tryggja að rekstrareiningar séu sjálfbærar án aukaframlaga.

Mikilvægt er að nýta sveigjanleika og viðbragsnæmni sveitarfélaga. Grunnskólastigið er fjárfrekasta verkefni þeirra. Leikskólastigið, sem skilgreint er í lögum sem fyrsta skólastigið, er einnig verkefni sveitarstjórna. Allir landsmenn tengjast þessum börnum með einhverjum hætti. Þegar atvinnuleysi eykst, munu mörg börn kynna hjá sínum nánustu þeirri mannlegu niðurlægingu sem felst í að hafa ekki atvinnu. Í gegnum sveitarfélögin og starfsemi þeirra sem fræðara og uppalenda þarf að varða leið til að fyrirbyggja vanmáttarkennd ungs fólks og rækta með því von og trú á framtíð landsins.

Skoða þarf í samvinnu við kennarastéttina hvort hægt er að auka sveigjanleika í skólastarfi. Í Reykjavík rennur meira en helmingur útsvarsgreiðslna til reksturs skóla. 82% af rekstri grunnskólans (að frádreginni innri leigu) eru launagreiðslur. Á landsvísu eru það um tveir þriðju heildarkostnaðar. Svigrúm virðist við fyrstu sýn ekki mikið til sparnaðar en grunnskólastarfsemi sveitarfélaga er lögbundin.

Í einum skóla í Reykjavík eru kennarar ráðnir með ráðningarsamningum þar sem ekki er veittur kennsluafsláttur og samband kennara og skólastjóra er svipað og gerist á milli stjórnenda og launþega almennt. Þetta byggir á svokallaðri bókun 5 í kjarasamningum kennara. Tilraun með að nota þetta ákvæði hefur gefist vel og æskilegt að það verði þróað og notað víðar enda eykur það á sjálfstæði skóla í starfsmannahaldi og svigrúm til að efla sérstöðu í skólastarfi.

Við endurskipulagningu og endurreisn verður samvinna lykilatriði og í raun eina tryggingin fyrir því að einhugur geti náðst um margar þær breytingar sem framundan eru. Samráðsferli og íbúalýðræði á sér langa hefð á sveitarstjórnarstiginu. Á vettvangi skipulagsmála er það lögbundið ferli en oft ganga sveitarfélög lengra til að ná sátt um breytingar í borgarumhverfinu heldur en lög mæla fyrir um. Leik- og grunnskólinn er einnig samráðsvettvangur.

Mikilvægt er að afgreiðsla einstakra skipulagsgerinda sé eins sveigjanleg og skjótvirk og kostur er til þess að örva uppbyggingu og koma í veg fyrir að fjármagnskostnaður éti upp fjármagnið. Skipulagsstarfsemi við þessar aðstæður getur verið tvíþætt. Annars vegar að nota slakann í byggingariðnaði til að fara í aðal- og deiliskipulagsvinnu á þeim svæðum sem næst koma til uppbyggingar. Á þensluskeiði undanfarinna ára hafa arkitektar ekki haft tíma til að taka þátt í samkeppnum. Nú er hins vegar mikill verkefnaskortur í stéttinni og því skynsamlegt að efna til samkeppna þar sem það á við.

Ríki og sveitarfélög eiga að snúa sér að mannaflsfrækum viðhaldsverkefnum enda verður lítið um stórfamkvæmdir í byggingariðnaðinum á næstu árum.

TÆKIFÆRI – TAKMARKANIR

Tækifæri við þessar aðstæður felast í því að almennur skilningur er á að endurskoða þarf fjármál hins opinbera og að ekki er sjálfgefið að hægt sé að halda uppi hinu háa þjónustustigi sem almenningur hefur notið á undanförunum árum.

Takmarkanir felast í því að staða heimilanna er svo alvarleg að erfitt er að takmarka grunnþjónustuna eða hækka gjaldskrár. Við þessar aðstæður ríkir sennilega almenn vantrú á að einkageirinn sé nægilega burðugur til þess að bjóða í og sinna þjónustu sem veitt er af hinu opinbera.

HVAÐ Á AÐ GERA?

Endurskilgreining útgjalda og þjónustustigs hins opinbera með viðtæku samráði hagsmunasamtaka, starfsmanna stofnana og almennings. Hagræða þarf í rekstri grunnskóla og leikskóla, útgjaldafrekustu verkefnum sveitarfélaganna.

Auka þarf skilning á mikilvægi atvinnuuppbyggingar til að tryggja viðunandi atvinnustig og flýta fyrir endurreisn og auka þannig tekjur sveitarfélaga af skattstofnum sínum. Átak þarf að gera til þess að hraða og bæta meðferð og afgreiðslu skipulagsmála.

Samband ríkis og sveitarfélaga verði endurhugsað og þjónustan hugsuð sem ein órofa heild. Brýnt er að sveitarfélög á sama atvinnu- og búsetusvæði hafi með sér samráð um uppbyggingu, þannig að ekki verði um of- eða vanþróun að ræða eins og dæmi eru um á höfuðborgarsvæðinu. Á þetta bæði við um skipulagsvinnu og mannvirkjagerð.

Sveigjanleiki þarf að vera í þeim lagalegu kröfum sem gerðar eru til þjónustu eða verkefna sem þau sinna þannig að hægt sé að taka meira tillit til aðstæðna, þ.m.t. fjárhagslegrar getu þegar fjármögnun af skatttekjum eða frá ríkinu er ekki tryggð.

Undirbúin verði áætlun um sölu eigna en beðið með að hefja sölufæri þangað til efnahagslífið styrkist. Gæta þarf þess að sala eigna, þ.m.t. lóða, fari ekki til þess að fjármagna rekstur heldur nýtist til þess að lækka skuldir eða til fjárfestinga.

Efnt verði til samráðs við ríki og sveitarfélög um leiðir til að efla almennan og félagslegan leigumarkað. Virkt samráð þarf að vera milli ríkisins og sveitarfélaga vegna framkvæmda og viðhaldsverkefna til þess að vinna gegn óhóflegum samdrætti í byggingariðnaði.

Höfundur: Júlíus Vífill Ingvarsson

11. HAGVÖXTUR UM LAND ALLT

- Takast þarf á við afleiðingar bankahrunsins með aðferðum sem bæta atvinnulífið og heilbrigði þess.
- Auka útflutning og gjaldeyrissköpun með því að bæta skilyrði til nýsköpunar og draga úr gengissveiflum.
- Innan hefðbundinna atvinnugreina eru miklir nýsköpunarmöguleikar.
- Gera þarf ráð fyrir nýjum sprotum, möguleikum sem við höfum aldrei heyrt talað um en verða stórar atvinnugreinar í framtíðinni.

- Sjálfbær orkubúskapur Íslendingar er auðlind sem mun færa þjóðinni fjölda nýrra tækifæra þar sem þekking er vaxandi útflutningsgrein og möguleikar til innlendirar orkunýtingar aukast.
- Lykilatriðið er heilbriggt atvinnulíf þar sem einstaklingarnar og fyrirtæki þeirra hafa möguleika til nýsköpunar og vaxtar.
- Varast ber haftastefnu og afturhvarf til opinberra atvinnugreina sem takmarka getu og árangur þjóðarinnar.
- Í sjávarútvegi eru margir möguleikar til aukinnar verðmætasköpunar með nýjum tegundum í veiði og eldi, vöruþróun og markaðssetningu afurða.
- Í landbúnaði má leggja áherslu á lífræna ræktun og nýja framleiðslu s.s. á innlendu korni.
- Í ferðaþjónustu eru áherslur á markaðsmál, aukna fagmennsku og nýjungar.
- Í iðnaði eru áherslur vegna nýsköpunar og samstarfs rannsóknastofnana og fyrirtækja.

INNGANGUR

Hagvöxtur hefur löngum verið misjafn eftir landssvæðum. Talað var um vaxtarsvæði á þensluskeiðinu og voru þau höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði þess, Eyjafjarðarsvæðið og Miðausturland. Þessi skilgreining hefur skolast til. Þar sem vöxturinn var mestur varð fallið mest við bankahrunið. Þar sem enginn eða lítill hagvöxtur var er nú auðveldara að takast á við hrunið sökum þess að þar er skuldsetning fyrirtækja og heimila minni. Endurreisn atvinnulífsins þarf að ná til alls landsins með aðferðum sem virkja einstaklingana og fyrirtækin til sjálfbærni.

Það er forgangsverkefni Sjálfstæðisflokksins að takast á við afleiðingar bankahrunsins með aðferðum sem bæta atvinnulífið og heilbrigði þess. Grunnurinn er til staðar og þar er nýsköpun innan gamalla og nýrra atvinnugreina lykillinn að endurreisn Íslands.

REIFUN

Atvinnulífið á Íslandi hefur breyst mikið á undanförunum 10 árum. Eldri atvinnugreinar hafa tæknivæðst enn meira og fækkað vinnandi höndum. Menntunartíðni hefur vaxið og sífellt fleiri með háskólapróf og framhaldsmenntun.

Banka- og fjármálastarfsemi jókst hratt eftir einkavæðingu bankanna og tók til sín margt af okkar hæfasta og best menntaða fólki. Breytingin til baka varð enn hraðari vegna hrunsins og þess vegna er mikilvægt að huga að því við enduruppbyggingu að þetta hæfa fólk fái atvinnu við hæfi og að atvinnugreinar skili sem mestu til þjóðarbúsins. Þar er tæknin og nýsköpunin aðferðin.

STEFNUMÓTUN

Við þessar aðstæður er nærtækast að líta til þeirra þátta sem hafa lengst af haldið þjóðinni uppi en hafa þróast mikið og breyst. Til framtíðar litid á ekki að útiloka neina nýja möguleika og vera opin fyrir öllum tækifærum. Grunninn þekkjum við þó vel og eigum að nýta þar alla nýja vaxtarmöguleika. Það er aðferðin til að geta hlúð að nýjum sprotum í atvinnulífinu, atvinnugreinum sem við höfum jafnvel ekki heyrt um í dag en munu verða aðalatriðið á morgun. Þjóðfélag sem er opið fyrir því að veita nýjum atvinnugreinum svigrúm er þjóðfélag tækifæranna fyrir folkið og fyrirtækin.

TÆKIFÆRI OG TAKMARKANIR

Tækifæri þjóðarinnar eru fólgin í menntun og getu til nýsköpunar. Það er hlutverk Sjálfstæðisflokksins að framfylgja stefnu sem hvetur fyrirtæki og einstaklinga til að taka hóflega áhættu í rekstri og veita tækifæri í nýsköpun og menntun.

Varast þarf haftastefnu og afturhvarf til opinberra atvinnugreina. Í slíku eru fólgnar verulegar takmarkanir fyrir þjóðina. Bæjarútgerðum og sambærilegum fyrirbærum þarf þjóðin ekki á að halda. Koma þarf í veg fyrir að vegna tímabundinna erfiðleika hjá þjóðinni vaxi miðstýringu og opinberri atvinnuvæðingu fiskur um hrygg. Það er pólitískt hlutverk Sjálfstæðisflokksins að gæta þess að heilbriggt atvinnulíf fái þrífist á Íslandi.

Varast þarf hugmyndir um að handstýra þróun í sjávarútveginum t.d. með því að taka veiðiheimildir til baka og úthluta þeim upp á nýtt með einhverjum skilyrðum eins og því að skylda sé að veiða á ákveðinni stærð af bátum. Slíkt dregur úr verðmætasköpun og ónýtir reynslu þeirra sem starfa við sjávarútveginn í dag. Það er gamla hugmyndin um að brjóta niður vélarnar svo fólk þið fái atvinnu. Það er ávísun á verri lífsskilyrði.

HVAÐ Á AÐ GERA?

Sjávarútvegurinn er stöðugri atvinnuvegur en hér áður og mikilvægur í vöruútflutningi og þar með gjaldeyrissköpun. Hann er orðinn sjálfvirkur í mörgum skilningi og skapar því ekki eins mörg störf og áður, tæknin er orðin það mikil.

NOKKRAR ÁHERSLUR VEGNA SJÁVARÚTVEGS

- Nýjar tegundir í veiði.
- Þróun veiðarfæra til að auka skilvirkni í tegundavali og stærð.
- Enn betri nýting aukaafurða.
- Aukið eldi ýmissa tegunda: þorskur, kræklingur.
- Vörumerki íslenskra sjávarafurða á grunni sjálfbærni.
- Vöruþróun og markaðssetning á villtum fiski.
- Vöruþróun og markaðssetning á eldisfiski.
- Hvalveiðar þegar markaður er fyrir hendi.
- Haf og strandsvæðaskipulag, yrkjum hafið en ekki skipulagslaust.

Landbúnaðurinn er mikilvægur vegna matvælaöryggis og við aðstæður eins og núna gjaldeyrissparnaðar.

NOKKRAR ÁHERSLUR VEGNA LANDBÚNAÐAR

- Lífræn/hrein ræktun.
- Aukin framleiðsla innanlands á korni og fódri þannig að draga megi úr innflutningi.
- Nýjar aðferðir sem auka gæði og hagkvæmni við framleiðslu.

- Aukið frelsi í heimaframleiðslu á sveitabæjum sem getur skapað nýja markaði innanlands og hugsanlega erlendis.
- Stóraukin kornrækt bæði til dýreldis en einnig til manneldis. Farið er að nota bygg í innlenda bjór og brauðgerð.

Orkuframleiðslan hefur sparað okkur gríðarlegan gjaldeyri vegna húshitunar og skapað miklar tekjur vegna stóriðjunnar. Framtíðarmöguleikar eru fölgirnir í enn frekari útflutningi þekkingar og því að skipta sem mestum aðkeyptum orkugjöfum út fyrir innlenda.

NOKKRAR ÁHERSLUR VEGNA ORKUFRAMLEIÐSLU

- Ný álver og stækkanir, koltrefjaverksmiðja og álþynnu- (aflþynnu) verksmiðja, olíuhreinsistöð.
- Framleiðsla á sólarrafhlöðum.
- Nýsköpun af öllu tagi í orkusparnaði og sjálfbærri orkuþróun, Ísland hefur þar mikla sérstöðu.
- Netþjónabú, gagnaver sem þarfnast góðrar aðstöðu, sérhæfðs vinnuafis og raforku.
- Aukinni notkun rafbíla, vetnisbíla og vetni fyrir skipaflotann. Þetta sparar innflutning erlendra orkugjafa.
- Ferðaþjónustan hefur verið vaxandi og skapað gjaldeyri.

NOKKRAR ÁHERSLUR VEGNA FERÐAÞJÓNUSTU

- Aukin kynning erlendis sem helst í hendur við nauðsyn þess að bæta ímynd landsins erlendis.
- Aukin fagmennska í ferðaþjónustunni og meiri tenging við sögu, menningu og matarhefð þjóðarinnar.
- Aukin heimaframleiðsla í landbúnaði og áhersla á hrossarækt og hestamennsku nýttast vel í ferðaþjónustunni.
- Gjaldtaka inn á friðuð svæði og einnig á svæðum sem taka við miklum fjölda.

Hugvitið hefur reynst okkur Íslendingum vel. Það hefur gengið vel að flytja út vörur á vegum fyrirtækja eins og Marel, 3X Technology, CCP, Össurar og fleiri fyrirtækja sem byggja á hugviti og grunnþekkingu í okkar eldri atvinnugreinum.

NOKKRAR ÁHERSLUR VEGNA IÐNAÐAR

- Draga þarf úr gengissveiflum og er það lykilatriði gagnvart þessum fyrirtækjum.
- Leggja þarf meiri áherslu á tengingu með þjónustusamningum milli fyrirtækjanna og háskólanna.

- Bæta þarf úr stuðningsumhverfi iðnfyrirtækja þannig að þau hafi greiðari aðgang að rannsóknarstyrkjum. Rannsóknarstofnanir þurfa að mynda betra samstarf með fyrirtækjunum um verkefni.
- Ef fyrirtækin vilja leggja í hagnýtar rannsóknir sem þau nýta til að auka framleiðslu sína og verðmætasköpun má gera slíkt frádráttarbært frá skatti tímabundið.
- Skattaívilnunum má beita í ríkari mæli á Íslandi til að ná fram ákveðnum tímabundnum markmiðum eins og styrkingu ákveðinnar framleiðslu og byggðamarkmiðum. Ekki má festa skattaívilnanir í sessi vegna þeirra sjálfra heldur á að nota þær sem tæki til að auka nýsköpun og fjölga tækifærum.

Höfundur: Halldór Halldórsson

Þátttakendur í störfum nefndarinnar voru:

Pétur J. Eiríksson, formaður, Guðmundur Árnason, ritari, Friðrik Sophusson, Brynjólfur Helgason, Stefán Pétursson, Elínóra Inga Sigurðardóttir, Jón Birgir Gunnarsson, Sveinbjörn Egill Björnsson, Ólafur H. Guðgeirsson, S. Lára Árnadóttir, Gunnar Torfason, Valborg Kjartansdóttir, Arngrímur F. Pálmason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Ólafur Geirsson, Halldór Halldórsson, Ólafur Ísleifsson, Guðfinnur S. Halldórsson, Pétur Stefánsson, Björn Eysteinnsson, Hálfván Karlsson, Elínbjörg Magnúsdóttir og Pétur H. Blöndal

Endurreisn atvinnulífsins
Skýrsla Endurreisnarnefndar
Sjálfstæðisflokkurinn · Mars 2009

Að skýrslunni unnu: Kristín Hrefna Halldórsdóttir og Árni Helgason. Efni skýrslunnar kemur frá fjölmörgum sjálfstæðismönnum.

Útgefandi: Sjálfstæðisflokkurinn
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Vilhjálmur Egilsson
Hönnun & umbrot: Góðverk
Prentun: Hjá GuðjónÓ



ENDURREISNARNEFND

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, kynnti á fundi þann 30. janúar 2009 skipan nefndar á vegum Sjálfstæðisflokksins til þess að fjalla um endurreisn atvinnulífsins og skila niðurstöðum af starfi sínu fyrir landsfund flokksins 26. - 29. mars. Vilhjálmur Egilsson var valinn formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf með opnum fundi föstudaginn 6. febrúar og lauk störfum með útkomu þessarar skýrslu sex vikum síðar, föstudaginn 20. mars. Nefndarstarfið var opið, bæði starf vinnuhópa og kynningarfundir. Ætla má að yfir 200 manns hafi á einn eða annan hátt komið að starfinu og þar af tóku um 80 manns virkan þátt í starfi vinnuhópa nefndarinnar.

Skýrsla nefndarinnar er afurð af störfum fjögurra vinnuhópa sem fjölluðu um uppgjör og lærdóm, hagvöxt framtíðarinnar, atvinnulíf og fjölskyldur og samkeppnishæfni. Í öllum vinnuhópunum var leitast við að laða fram sem flest sjónarmið sjálfstæðismanna og ræða þau opinskátt og málefnalega.

Starf nefndarinnar sýnir einstakan styrk Sjálfstæðisflokksins til að takast á við gagnrýna innri umræðu af heiðarleika og virðingu fyrir mismunandi skoðunum, sýn og áherslum. Þetta gerir Sjálfstæðisflokkurinn einn íslenskra stjórnsmálaflókka þegar þjóðin öll er að leggja mat á þá atburðarás sem leiddi til hruns bankakerfisins í október 2008 og afleiðingar þess eftir samfelldasta og mesta uppgangstímabil í sögu hennar.

Starf nefndarinnar skilar sér í fjölmörgum framsæknum hugmyndum og tillögum um endurreisn íslensks atvinnulífs. Fjallað er sérstaklega um hin mannlegu og hugmyndaugu gildi og undirstöður sem hagvöxtur framtíðarinnar mun byggjast á, einnig um hina samofnu hagsmuni atvinnulífs og fjölskyldna og síðast en ekki síst eru lagðar fram fjölmargar hugmyndir og tillögur um eflingu samkeppnishæfni atvinnulífsins til framtíðar.